

**SKOÐUN** Sjötíu ára bið eftir stjórnarskrárúrbótum skrifar Þorkell Helgason. 13



**TÍMAMÓT** Átta skáldkonur frá fjórum löndum á ljóðahátíð jaðarsvæða. 16



**LÍFIÐ** Viktor Árnason í Hjaltalín fótbrotnaði viku fyrir tónleika. 30



**SPORT** Körfuboltafélög eru í vandræðum með að ráða við háan dómarakostnað. 26


SUMAR í BARCELONA FRÁ 12.990 kr.






# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
2. júlí 2014
153. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**MARKAÐURINN**



### Í viðræðum við Dreamworks og Warner Brothers

Edda eignarhaldsfélag, systurfyrirtæki Eddu útgáfu, gerði samning við Disney um útgáfu bóka í N-Ameríku. Þrjú önnur kvikmyndaframleiðslufyrirtæki hafa sett sig í samband við Eddu síðan.

**FRÉTTIR**

### Engar athuganir

Engin könnun hefur verið gerð á hagkvæmni flutnings Fiskistofu til Akureyrar. Hafnfirðingar mótmæla. 4

**Aðhafast ekki** Lífeyrissjóðir telja ekki líklegt til árangurs að stefna erlendum matsfyrirtækjum. 6

**Minnast sjóslyss** Á laugardag verður mannskæðasta sjóslyss Íslandssögunnar minnst. 10




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | N | 13 |
| Akureyri | 10° | SSV | 8 |
| Egilsstaðir | 14° | SSV | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | SV | 5 |
| Reykjavík | 11° | NV | 8 |

**VÆTA VÍÐAST** Í dag verða víðast sunnan 8–13 m/s, en norðvestan 10–18 NV- og V-til. Víðast rigning en úrkomuminna eystra. Hiti 8–15 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Markaður | Fólk






**BROS Í RIGNINGUNNI** Það hlupu ekki allir í skjól þótt slagveður dyndi á höfuðborgarbúum í gær. Þessar hressu stúlkur sem eru hér á ferðalagi stilltu sér upp fyrir sjálfsmynd af hópnum framan við styttuna af Leifi Eiríkssyni og Hallgrímskirkju.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kennsla í stærðfræði er í molum

Ný skýrsla um stærðfræðikennslu í framhaldsskólum dregur upp svarta mynd af kennslunni og árangri hennar. Aðeins fjórðungur stærðfræðikennara í framhaldsskólum er með háskólagráðu í stærðfræði.

**MENNTAMÁL** Samkvæmt nýrri skýrslu er einungis fjórðungur stærðfræðikennara í framhaldsskólum landsins með háskólagráðu í stærðfræði. Til samanburðar eru nær allir íslenskukennarar með háskólagráðu í íslensku.

Skýrslan, sem unnin er fyrir menntamálaráðuneytið, byggist á úttekt á starfi níu framhaldsskóla sem þóttu gefa góðan þverskurð af framhaldsskólum landsins. Í skólunum voru samtals 73 stærðfræðikennarar en einungis átján þeirra voru með háskólagráðu í stærðfræði.

Ef Menntaskólinn í Reykjavík var undanskilinn voru þó einungis tólf prósent kennara með háskólapróf í stærðfræði. Það rímar við niðurstöður rannsóknar frá 1987 sem sýndi að fjórðungur stærðfræðikennara væri með háskólagráðu í stærðfræði.

Það er því ljóst að meirihluti stærðfræðikennara stenst ekki þær kröfur sem settar voru í lögum um kennaramenntun árið 2008. Lögin og reglugerð kveða á um að framhaldsskólakennarar skuli hafa fimm ára meistaranám og þar af grunnnámsgráðu í sinni aðalkennslugrein. Flestir starfandi stærðfræðikennarar á landinu voru ráðnir með leyfisbréfi á grundvelli eldri laga.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir stöðuna alvarlega en að engu einu atriði sé um að kenna.

„Þetta er ekki einfalt mál því þetta hefur með samkeppni um fólk með þennan bakgrunn að gera. Hvort skorturinn sé vegna þess að fólk með slíka menntun á auðveldara með að fá önnur störf eða hvort það hefur ekki áhuga á kennslunni, það er erfitt að svara því nákvæmlega.“

Illugi segir að launahækkanir í nýgerðum kjarasamningum við framhaldsskólakennara hjálpi vonandi til við að fjölga stærðfræðimenntuðum kennurum.

-ssb / sjá síðu 8






**Þarna er augljóslega vandamál á ferðinni.**

*Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra.*

Karlar skipaðir í yfirmannsstöður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu:

# Konurnar þóttu ekki eins hæfar

**LÖGGÆSLA** Þrír karlar hafa verið skipaðir aðstoðaryfirlögregluþjónar á höfuðborgarsvæðinu.

„Ég veit um mjög hæfar konur sem sóttu um þessar stöður,“ segir Eyrún Eyþórsdóttir, fulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

„Auðvitað vil ég trúa því að yfirstjórn lögreglunnar sé ærleg í sínum ráðningum en á sama tíma er ég full vantrausts og velti því fyrir mér hvort jafnréttisumræðan hafi liðið undir lok innan lögreglunnar,“ segir Eyrún.

Um fimmtíu umsóknir bárust um stöðurnar þrjár.

„Það var sérstök hæfnisnefnd innan lögreglunnar sem fór yfir umsóknirnar og það var niðurstaða nefndarinnar og síðar innanríkisráðuneytisins að þeir þrír sem ráðnir voru væru hæfastir,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. -jme / sjá síðu 10



**Auðvitað vil ég trúa því að yfirstjórn lögreglunnar sé ærleg í ráðningum en á sama tíma er ég full vantrausts.**

*Eyrún Eyþórsdóttir.*





Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



## SPURNING DAGSINS



Ingimar, gufuðu vandamálin upp?

**Þau yfirgáfu okkur á loftskipi.**

Ingimar Oddsson skipulagði gufupönkhátíð síðastliðna helgi en hætti við að fá loftfar á hátíðina vegna þess hve kostnaðarsamt það reyndist.

Mikill þrýstingur á ísraelsk stjórnvöld að grípa til aðgerða vegna drengjanna:

# Drengirnir fundust látnir á akri

**ÍSRAEL, AP** Jarðarför ísraelsku táninganna sem var rænt fyrir tveimur vikum og þeir í kjölfarið myrtir fór fram í gær.

Lík drengjanna fundust á akri skammt frá vegi þar sem síðast spurðist til þeirra. Þaðan hugðust þeir fara heim á puttanum. Ísraelsk stjórnvöld segja Hamas-samtökin bera ábyrgð á ódæðinu en þau neita sök.

Leitin að drengjunum var víðtækasta aðgerð ísraelska hersins á Vesturbakkanum í nær áratug. Yfir fjögur hundruð meðlimir Hamas voru handteknir.

Mikill þrýstingur er frá ísraelskum almenningi á stjórnvöld að bregðast við. Ísraelski herinn hóf loftárásir á 34 palestínsk skotmörk í gær og segir þær svar við árásum palestínskra skæruliða sem skutu átta eldflaugum yfir landamærin. Herinn skaut einnig til bana tvítugan Palestínumann sem þeir segja að hafi kastað að þeim handsprengju. Fjölskylda mannsins segir hann hafa haldið á eggjum. -ih



**DRENGIRNIR JARÐAÐIR** Margmenni var við jarðarfarir táninganna þriggja í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Reyndi að skera mann á háls:

# Ósakhæfur og því sýknaður

**DÓMSMÁL** Maður sem játaði tilraun til manndráps var sýknaður af kröfum ákæruvaldsins um refsingu þar sem Héraðsdómur Reykjavíkur taldi manninn ósakhæfan.

Maðurinn skal þó greiða fórnarlambinu tvær milljónir í bætur. Þar að auki skal hann vistaður á viðeigandi stofnun.

Manninum var gefið að sök að hafa skorið annan mann á háls í svefni og stungið hann í brjóstkassann. -ih



**BÚRKUBANN** Þessi kona var á gangi í Roubaix í norðurhluta Frakklands. NORDICPHOTOS/AFP

Múslimakonur í Frakklandi verða að taka niður hulurnar:

# Franska ríkið má banna búrkur

**FRAKKLAND Mannréttindadómstóll Evrópu hefur dæmt að franska ríkinu sé heimilt að banna notkun búrku á almannafæri. Tuttugu og fjögurra ára gömul frönsk kona stefndi franska ríkinu fyrir Mannréttindadómstólnum og taldi að bannið gegn búrkunum bryti gegn trúfrelsi hennar og tjáningarfrelsi. Samkvæmt frönskum lögum er óheimilt að ganga með andlitshulu. Í frétt á vef BBC segir að sektin við því að ganga með slíka hulu geti numið 150 evrum eða 24 þúsund krónum. Þessi lög voru sett á í tíð Nicolas Sarkozy, fyrrverandi forseta Frakklands. Um fimm milljónir múslima búa í Frakklandi en talið er að um 2.000 konur gangi með búrkur.** -jhh

Keppni frestað á Landsmóti:

# Of hvasst fyrir knapa og hesta

**LANDSMÓT** „Það var ekki um annað að ræða en að hætta keppni um klukkan fimm í gær. Það var orðið of hvasst til að það væri hægt að keppa," segir Hilda Karen Garðarsdóttir, upplýsingafulltrúi á Landsmóti hestamanna á Gaddstaðaflötum við Hellu. Hilda Karen segir að menn ætli að hefja keppni klukkan sex í fyrramálið og vinna upp tafirnar sem urðu á dagskránni í gær. Hún segir að einhverjir áhorfendur hafi ákveðið að fara með fellihýsi sín og tjöld af svæðinu í gær en von sé á þeim aftur þegar veðrið batnar. -jme

Breytingar á fylgi flokkanna:

# Atkvæði hrynja af Framsókn

**KÖNNUN** Fylgi Framsóknarflokks hrynur, samkvæmt Þjóðarpúlsi Gallup sem RÚV birti í gær.

Borið saman við niðurstöður kosninganna í fyrra fer fylgi Sjálfstæðisflokks úr 27 prósentum í 25 prósent. Fylgi Framsóknarflokks hrapar úr 24 prósentum í tæp 13. Fylgi Samfylkingar eykst, var 13 prósent en mælist nú 18 prósent, VG var með 12 prósenta fylgi í kosningunum í fyrra en 13 nú, fylgi Bjartrar framtíðar hefur nær tvöfaldast, var 8 prósent en er tæp 16 nú, og fylgi Pírata sem var 5 prósent í kosningunum mælist nú 8 prósent. -jme

# Rækta evrópskan humar í Sandgerði

Hafin er ræktun á evrópskum humri í tilraunaskyni í Sandgerði. Á heimaslóðum getur hann orðið 60 sentímetrar og sex kíló en sláturþyngd hans verður aðeins brot af því hér á landi. Eftirspurnin er til staðar hér fyrir þetta rándýra hnossgæti.

**ATVINNUMÁL** Hafin er rannsókn á því hvort unnt sé að rækta evrópskan humar hér á landi. Í apríl síðastliðnum voru nokkur hundruð slíkir humrar fluttir hingað til lands sem svamla nú í upphituðum sjó í rannsóknarstöðinni í Sandgerði. Heimkynni hans eru hins vegar við strendur Bretlands, Frakklands og Spánar í Atlantshafi, í Miðjarðarhafi og einnig er hann finnanlegur í Svartahafi. Við kjöraðstæður getur hann orðið sextíu sentímetrar og orðið sex kílóa þungur en hugmyndin er að ala hann í 300 gramma þyngd hér á landi. Það gæti tekið tvö ár en annars á þessi humar um sjö til níu ára uppvaxtarskeið.

Það er Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra fyrirtækisins Svinna, sem hefur umsjón með rannsókninni en hún er gerð í samvinnu við Rannsóknasetur Háskóla Íslands og Þekkingarsetur Suðurnesja í Sandgerði, auk tveggja erlendra fyrirtækja. Rannsóknin er einnig hluti af mastersverkefni Soffíu Magnúsdóttur líffræðinema við HÍ.



**RAGNHEIÐUR I. ÞÓRARINSDÓTTIR**

„Þetta er allt á byrjunarstigi og það er mjög mörgum spurningum ósvarað enn," segir Ragnheiður.

Hluti af vandanum sem vinna þarf á er að evrópski humarinn er afar árásargjarn svo ekki er unnt að hafa tvo saman í búri. „En við höfum verið í samstarfi við Norwegian Lobster Farm og þar hafa menn fundið svör við þessu," segir hún. Svinna er einnig í samvinnu við The National Lobster Hatchery á Englandi en þar eru ræktaðar humarlirfur sem síðan er sleppt. Þar er einnig hægt að ættleiða evrópskan humar en sú leið er ekki fýsileg í tilfelli Íslendinganna þar sem endalok hans verða á veisludiski.

Hún segir að eftirspurnin sé til staðar hér á landi enda er um hið dýrasta sjávarfang að ræða. Eflaust hafa margir Íslendingar séð þennan humar með samanbundnar klær í búrum á tignarlegum veitingastöðum víða um Evrópu.

Svinna er ekki við eina fjölina felld því þar er einnig unnið í rannsóknum sem snúa að því að stunda grænmetisræktun samhliða eldi á tilapíu eða beitarfiski, eins og hann er kallaður á íslensku. Þá er til dæmis affallsvatn úr eldinu notað til vökvunar. jse@frettabladid.is



**EVRÓPSKUR HUMAR Í SANDGERÐI** Þessum á aldeilis eftir að vaxa fiskur um hrygg en uppvaxtarskeið humars er langt. Meiningin er að ala hann upp í 300 gramma þyngd hér á landi en hann getur náð allt að sex kílóa þyngd. MYND/HALLDÓR P. HALLDÓRSSON



**HVER OG EINN ÚT AF FYRIR SIG** Humarinn er árásargjarn og tekur félagsskapnum illa. MYND/HALLDÓR P. HALLDÓRSSON




Umboðsmaður Alþingis úrskurðar Vinnslustöðinni í vil gegn ríkinu:

# Úthlutun makrílkvóta ólögleg

**SJÁVARÚTVEGUR** Jón Bjarnason, fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fór ekki að lögum við úthlutun makrílkvóta til útgerða árið 2012. Umboðsmaður Alþingis kemst að þessari niðurstöðu í úrskurði sínum sem birtur verður í dag en Vinnslustöðin kærði úthlutunina.

Í kærunni segir að notast hafi verið við svokallaða heildaraflavísitölu fyrir árið 2011 þegar úthlutað var fyrir árið þar á eftir. Hins vegar sé slíkri reiknireglu hvergi að finna stoð í lögum. Samkvæmt henni höfðu skip sem voru með hæstu heildaraflavísitölu fengið tvöfalt meiri kvóta en þau lægri. Með þessu móti hafi ráðherra skert verulega hlutdeild félaga eins og Vinnslustöðvarinnar.

„Við munum láta okkur fróðari menn um svona álit fara betur yfir þetta," segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar. „En við hljótum að hugleiða þetta mjög vandlega og þá með það í huga að fara í skaðabótamál við ríkið."

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagðist ekki geta tjáð sig um málið fyrr en hann væri búinn að sjá úrskurðinn. -jse



**MAKRÍLL** Það er ekkert nýtt að þessi veki deilur, þessar standa á milli ríkisins og Vinnslustöðvarinnar.

www.n1.is facebook.com/enneinn




## N1 mótið á Akureyri 2.–5. júlí

Í dag hefst eitt stærsta knattspyrnumót landins. Sjáið stjörnur framtíðarinnar sýna snilldartakta, hvetjið ykkar stráka og njótið gleðinnar í höfuðstað Norðurlands.

Við óskum mótsgestum góðrar ferðar norður og fögnum með fimmföldum punktum á hvern lítra af bensíni og dísel fyrir N1 korthafa.

Að auki setjum við í gang puntkapartí júlímánaðar með fjölmörgum tilboðum á punktaprís.

Komið, fylgist með og skemmtið ykkur. Sendið inn myndir af mótinu merktar #n1mótið og takið um leið þátt í leiknum okkar á Instagram þar sem flottasta myndin hlýtur glæsileg verðlaun í boði N1 og Samsung.

#n1mótið

Hluti af fótboltasumrinu

N1

## SVONA ERUM VIÐ



**6,7% Íslendinga skorti efnisleg lífsgæði árið 2013.**

Í samanburði við önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu var hlutfall Íslendinga sem búa við skort á efnislegum lífsgæðum það sjötta lægsta árið 2012.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Viðamikil rannsókn á reykingum sýnir fram á tilgangsleysi einsleitra umbúða:

# Útlit pakkans skiptir engu máli

**NEYTENDUR** Einsleitar umbúðir á sígarettupökkum hafa engin áhrif á tíðni reykinga. Þetta kemur í ljós í viðamikilli rannsókn sem framkvæmd var á íbúum í Ástralíu eftir að tóbaksframleiðendum var árið 2011 gert að fjarlægja lógó og önnur sérkenni af tóbakspökkum seldum þar í landi. Rannsóknin var pöntuð af Philip Morris International sem er leiðandi fyrirtæki í tóbaksframleiðslu í heiminum.

Prófessorinn dr. Ashok Kaul sem fór fyrir rannsókninni segir að gegnsæjar rannsóknaraðferðir hafi verið notaðar sem greina minnstu breytingar.

„Við rannsökuðum mengið í þrettán mánuði eftir að lögin tóku gildi,“ útskýrði dr. Kaul í samtali við Fréttablaðið. Dr. Kaul segir gögnin hafa verið borin saman við gögn sem safnað hafði verið í þrettán ár áður en löggjöfin tók gildi. Niðurstöðurnar voru afgerandi.

„Í hnotskurn þá fundum við enga breytingu á tíðni reykinga.“

Hugmyndir voru uppi á Íslandi árið 2011 um að fara í þessa átt þegar Sif Friðleifsdóttir lagði fram þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um tóbaksvarnir.

Áætlunin var í sjö liðum og var í þriðja lið hennar lagt til að innleiddar yrðu einsleitar umbúðir, þannig yrði „spornað við markaðssetningu tóbaksfyrirtækjanna sem með útliti tóbaksvara tengja þær jákvæðum ímyndum, eins og æsku, hreysti, ríkidæmi, karlmennsku eða kvenleika,“ að því er sagði í tillögunni. -nej




**HEFUR LÍTIL ÁHRIF** Umbúðirnar eru afgerandi þrátt fyrir að þær sýni ekki tegund tóbaksins.

# Engin gögn til um flutning Fiskistofu til Akureyrar

Fiskistofa flyst til Akureyrar á næstu misserum. Ráðherra skipaði enga nefnd til að athuga kosti flutnings Fiskistofu eða annarra stofnana. Engar mælanlegar eða áþreifanlegar niðurstöður ráðuneytis til um flutninginn. Ríkisendurskoðun hefur ekki kannað hvernig til hefur tekist með flutning stofnana út á landsbyggðina.

**STJÓRNSÝSLA** Ekki eru allir sáttir við ákvörðun Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra um að flytja Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar. Sá flutningur stofnunarinnar á að vera yfirstaðinn í lok næsta árs. Starfsmenn stofnunarinnar hafa mótmælt kröftuglega. Bent er á að málið snerti atvinnu og lífsviðurværi um fjörutíu fjölskyldna.

Einnig hafa mótbárur heyrst innan úr röðum þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Ráðherrann bendir hins vegar á að ákvörðunin sé í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að flytja opinber störf út á landsbyggðina. Sú stefna sé í stjórnarsáttmálanum og í samþykktri byggðaáætlun.

Gagnrýnt er að ákvörðunin virðist hafa verið tekin af afar litlum hópi innan ráðuneytisins. Engin fagleg nefnd hafi kannað hvaða kostir væru bestir í stöðunni.



**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**

Sigurður Ingi segir við Fréttablaðið að strax síðastliðið sumar hafi vinna verið hafin inni í ráðuneytinu til að athuga hvaða stofnanir væru best til þess fallnar að flytja. Vegna eðlis starfseminnar sé Fiskistofa heppilegasti kosturinn. Samt var engin nefnd að störfum í ráðuneytinu til að vega og meta kostina og enginn mælanlegur eða áþreifanlegur árangur kortlagður.

Þá er gagnrýnt að ráðuneytið hafi kannað til hlítar lagalega hlið flutnings Fiskistofu. Ráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær að dómur í Hæstarétti um flutning Landmælinga Íslands til Akraness hafi fyrst verið skoðaður af ráðuneytinu síðastliðinn mánudagsmorgun.

Erfitt er að glöggva sig á því hvaða vinnu var sinnt af ráðuneytinu því að engin gögn eru til um vinnu ráðuneytisins.

Ríkisendurskoðun hefur ekki tekið saman gögn um flutning opinberra stofnana til landsbyggðarinnar og hefur auk þess ekki skoðað gaumgæfilega færslu verkefna frá höfuðborg til sveitarfélaga úti á landsbyggðinni.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir koma til álita að gera úttekt á flutningi Fiskistofu síðar, ef af honum verður og greina þá mögulegan kostnað og ávinning. Sveinn vill ekki tjá sig um flutninginn að svo stöddu
.

sveinn@frettabladid.is

## ➜ Hafnfirðingar mótmæla flutningnum

Bæjarráð Hafnarfjarðar gerir alvarlegar athugasemdir við flutning Fiskistofu úr bæjarfélaginu. Í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ segir að Fiskistofa sé sérhæfður vinnustaður sem hafi talsverð samlegðaráhrif á verslun og þjónustu í bænum og veiti fjölda manns atvinnu.

Bæjarráð hefur áhyggjur af því hve fá störf hjá ríkinu eru eftir í bænum og ætlar að berjast af fullum þunga gegn þeirri þróun. Starfsemi St. Jósefsspítala var lögð niður fyrir tveimur árum og rætt er um að leggja niður sýslumannsembættið í Hafnarfirði.



**LIÐSINNA STARFSMÖNNUM** Akureyrarbær ætlar að leggja sitt af mörkum til að breytingarnar gangi vel en ráðamenn þar skilja vel áhyggjur starfsmanna Fiskistofu.

## ➜ Akureyrarbær vill greiða götu

Akureyrarbær kveðst skilja áhyggjur starfsmanna Fiskistofu og vilja liðsinna þeim starfsmönnum sem flytji til Akureyrar.

Akureyrarbær ætli að leggja sitt af mörkum til þess að breytingar gangi sem best fyrir sig. Innan bæjarins sé mikil og sterk fagleg þekking á sjávarútvegi.

„Það er kappsmál allra að starfsemi Fiskistofu verði sem öflugust og því er mikilvægt að umræða um hana sé á faglegum forsendum en endi ekki í karpi milli höfuðborgar og landsbyggðar,“ segir í tilkynningu.

## ➜ Sannfærður um slæma starfshætti

Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri SFR, stéttarfélags í almannaþjónustu, segist sannfærður um að engar rannsóknir, upplýsingaöflun né nokkurs konar samvinna um hagsmuni stofnunarinnar hafi legið að baki ákvörðun um að flytja Fiskistofu til Akureyrar. Ákvörðunin sé háð pólitískum geðþótta. Enn eigi eftir að finna rök fyrir henni.

„Það er svo helvíti súrt í broti að vakna við það núna árið 2014 að ráðherrar séu að taka pólitískar ákvarðanir án þess að fyrir liggi nokkrar úttektir, mælingar eða nokkuð mat á hagkvæmni þess að gera þetta. Það eina sem liggur fyrir er ríkisstjórnarsáttmáli um að flytja stofnanir út á land. Ef svo er þá er þetta sú alvitlausasta leið til þess að flytja störf út á land. Nútímastjórnsýsla á að vera sú að dreifa verkefnum en ekki flytja stofnanir með manni og mús milli landshluta, því að með því tapast gífurlegur mannauður og þekking út úr stofnuninni,“ segir Þórarinn Eyfjörð.



**ÓÁKVEÐINN** Geir Gunnlaugsson segist ekki hafa ákveðið hvort hann sæki aftur um embætti landlæknis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skipunartíma Geirs að ljúka:

## Ríkið auglýsir eftir landlækni

**HEILBRIGÐISMÁL** Embætti landlæknis verður auglýst laust til umsóknar á næstu dögum frá og með 1. janúar 2015.

Fimm ára skipunartími Geirs Gunnlaugssonar landlæknis rennur út um áramót. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur tilkynnt Geir um þá ákvörðun að auglýsa stöðuna.

Samkvæmt lögum verður að tilkynna embættismanni eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími rennur út hvort embættið verði auglýst til umsóknar. Annars framlengist skipunartíminn sjálfkrafa um fimm ár. -jme

Hrókeringar hjá lögreglunni:

## Lögreglustjóri gerist skólastjóri

**LÖGGÆSLA** Karl Gauti Hjaltason, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum, er nýr skólastjóri Lögregluskóla ríkisins. Arnar Guðmundsson lét af störfum sökum aldurs frá og með deginum í gær að því er fram kemur á vef Stjórnarráðsins.

Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Hvolsvelli, er settur yfir embættið í Vestmannaeyjum til næstu áramóta þegar nýskipan sýslumanns- og lögregluembætta tekur gildi. -jme




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 30° | Friedrichshafen | 22° | New York | 30° |
| Aþena | 32° | Gautaborg | 19° | Orlando | 32° |
| Basel | 26° | Kaupmannahöfn | 19° | Ósló | 22° |
| Berlín | 20° | Las Palmas | 25° | París | 25° |
| Billund | 20° | London | 24° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 24° | Mallorca | 25° | Stokkhólmur | 20° |




**Á MORGUN** 10-15 V-til annars hægari.




**FÖSTUDAGUR** Stíf NA-átt V-til, annars víða 5-10.

**BLAUTVIÐRI** um nánast allt land í dag en fer að draga úr úrkomu um sunnanvert landið á morgun. Stífur vindur af norðri vestanlands en mun hægari vindur á austanverðu landinu. Hitinn breytist lítið á næstunni.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17.

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!
Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Ford Fiesta ST, EcoBoost bensín 182 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ 138 g/km. Kraftaútgáfan Fiesta ST hefur nú þegar hlotið 22 alþjóðlegar viðurkenningar.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar var fyrsta gufupönkhátíðin á Íslandi haldin um síðustu helgi?
**2.** Hvað heitir aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna sem dvaldi hér á landi í vikunni?
**3.** Hvað heitir forstjóri Landsnets?

SVÖR:
1. Á Bíldudal. 2. Victoria Nuland. 3. Þórður Guðmundsson.

Mál fimm drengja sem kærðir voru fyrir nauðgun komið til ríkissaksóknara:

# Rannsókn á hópnauðgun lokið

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á hópnauðgun sem átti sér stað í Breiðholti í maí síðastliðnum lauk fyrir helgi. Málið hefur nú verið sent til ríkissaksóknara. Þetta staðfesti Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar, í samtali við fréttastofu. Nauðgunin var kærð til lögreglu snemma í maí en fórnarlambið er sextán ára menntaskólastúlka. Gerendurnir voru fimm drengir á aldrinum sautján til nítján ára.

Atvikið náðist á myndband sem piltarnir reyndu að eyða samkvæmt heimildum Fréttablaðsins og mun stúlkan hafa lagt myndbandið fram sem sönnunargagn í málinu. Rennir það stoðum undir framburð hennar eins og greint var frá í Fréttablaðinu í maí.

Kærðu hafa allir gengist við að hafa haft samfarir við stúlkuna en segjast hafa talið það vera með samþykki hennar.

Engar upplýsingar fengust í gær frá ríkissaksóknara varðandi framhald málsins hjá embættinu. **- nej**



**GÆSLUVARÐHALD** Drengjunum var haldið í gæsluvarðhaldi í um viku eftir handtöku. MYND/VILHELM

Tekinn tvisvar sömu helgi:

# Keyrir oft undir áhrifum efna

**LÖGREGLUMÁL** Átján ára piltur var handtekinn tvisvar fyrir fíkniefnaakstur síðastliðna helgi.

Aðfaranótt laugardags var hann stöðvaður undir áhrifum í Ártúnsholti. Nóttina eftir var hann tekinn aftur á öðrum bíl í Grafarvogi. Fyrr í júní var hann einnig stöðvaður af sömu ástæðu.

Auk þessa síbrotamanns handtók lögreglan tuttugu og einn ökumann fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstur á höfuðborgarsvæðinu um liðna helgi. **- nej**




# Lífeyrissjóðir telja ekki rétt að stefna

Ekki er líklegt til árangurs fyrir íslensku lífeyrissjóðina að stefna erlendum matsfyrirtækjum samkvæmt minnisblaði sem unnið var fyrir Landssamtök lífeyrissjóða. Tveir af stærstu lífeyrissjóðunum hafa ákveðið að aðhafast ekkert frekar.

**LÍFEYRISMÁL** Hópur sérfræðinga sem Landssamtök lífeyrissjóða fengu til að skoða möguleika á málsókn á hendur erlendum matsfyrirtækjum fyrir að ofmeta stöðu fyrirtækja sem fjárfest var í fyrir hrun telur að slík málsókn sé ekki líkleg til árangurs.



**ÞÓREY S. ÞÓRÐARDÓTTIR**



**ÁSTA RUT JÓNASDÓTTIR**

Sérfræðingar samtakanna fengu meðal annars álit tveggja íslenskra lögmanna, að því er fram kemur í yfirlýsingu frá samtökunum vegna fréttar Fréttablaðsins í gær.

Þar var vitnað í grein Sigurðar Arnar Ágústssonar, framkvæmdastjóra og varaþingmanns Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur reynt að koma á samstarfi með lífeyrissjóðunum og bandarískri málflutningsstofu um að kanna grundvöll málshöfðunar.

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að forsvarsmenn hvers lífeyrissjóðs verði að taka ákvörðun um hvort farið verði í mál eða ekki. Hún hafnaði ósk Fréttablaðsins um afrit af minnisblaðinu. Hún bendir á að þar séu reifuð rök með og á móti málshöfðun sem ekki sé gott að gera opinber til að veikja ekki málstað lífeyrissjóðanna komi á annað borð til málaferla.

„Þetta var rætt á stjórnarfundi og stjórnin var sammála um að þetta svaraði ekki kostnaði,“ segir Ásta Rut Jónasdóttir, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna. „Það væri mjög erfitt að færa sönnur á að matsfyrirtækin hafi metið þessi fyrirtæki rangt.“



**VERSLUNARMENN** Lífeyrissjóður verslunarmanna er einn stærsti lífeyrissjóður landsins. Forsvarsmenn hans hafa skoðað möguleikann á málaferlum á hendur matsfyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## LSR aðhefst ekkert frekar



Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) barst hvorki erindi frá bandarísku málflutningsstofunni né tengilið hennar hér á landi, og því hefur sjóðurinn ekki tekið formlega afstöðu til möguleika á málshöfðun, segir **Haukur Hafsteinsson**, framkvæmdastjóri LSR.

Hann segir að þrátt fyrir það hafi lögfræðingur sjóðsins tekið þátt í vinnu hóps á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða þar sem lagt hafi verið mat á þessa hugmynd. „Niðurstaða þessa hóps var að þetta væri ekki vænlegt til árangurs,“ segir Haukur. Hann segir að stjórn sjóðsins hafi fengið kynningu á þessari niðurstöðu landssamtakanna, en ekki verði aðhafst frekar í málinu miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir.

Kostnaðurinn við að kanna grundvöll fyrir málaferlum stóð í stjórninni. Sigurður sagði kostnaðinn nema um 23 milljónum króna en Ásta segist hafa heyrt nokkru hærri upphæð. Það var þóknunin sem bandarísk málflutningsstofa vildi fá fyrir að kanna málið, en Sigurður hefur haft milligöngu fyrir stofuna.

„Við litum þannig á að þeir væru að fiska,“ segir Ásta um boð málflutningsstofunnar um að kanna grundvöll fyrir málaferlum.

Hún segir dómskerfið í Bandaríkjunum flókið og erfitt að meta hvernig mál komi til með að ganga. „Okkar mat var að þetta væri allt of langsótt og myndi kosta allt of mikið með mjög litlum líkindum á að málið myndi vinnast.“

Lífeyrissjóðurinn leitaði ekki til sérfræðinga í bandarískum lögum, né kynnti sér niðurstöður dómstóla í Bandaríkjunum í málum annarra fyrirtækja sem Sigurður sagði í grein sinni að hefðu ýmist unnið mál gegn matsfyrirtækjunum eða samið við þau um bætur áður en til réttarhalda kom. **brjann@frettabladid.is**




Bandarískur smásölurisi hefur áhuga á að reka bensínstöðvar í Reykjavík:

# Costco sækist eftir lóð á Íslandi

**VIÐSKIPTI** Smásölurisinn Costco hefur áhuga á að hefja rekstur bensínstöðva hér á landi og hefur félagið þegar óskað eftir lóð við Korputorg í Grafarvogi, en þar vill félagið einnig opna verslun. Costco er fjórða stærsta smásölukeðja heims með rúmlega 650 verslanir í tíu löndum, þar á meðal í Bandaríkjunum, Bretlandi, Kanada og Japan.

Morgunblaðið greindi frá því á dögunum að fulltrúar fyrirtækisins funduðu í síðasta mánuði með bæjaryfirvöldum í Garðabæ um þann möguleika að opna verslun í Kauptúni rétt hjá IKEA. Félagið hefur einnig verið í viðræðum við Reykjavíkurborg og hefur óskað eftir verslunarrými á Korputorgi og líka aðstöðu fyrir fjölorkustöð á sömu lóð sem mun selja bensín, rafmagn og jafnvel metan.

Fjallað var um málið á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur í síðustu viku. Umsókn um verslunarrými fékk jákvæða umsögn. Ráðið tók sér hins vegar frest til að meta umsókn fyrirtækisins um fjölorkustöð. **- hks, jhh**



**KOMA TIL ÍSLANDS** Costco hefur óskað eftir lóð við Korputorg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ÚTSALA

# 40% TIL 70%

## AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilisvöru

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

og á Akureyri í sumar!

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla




Rannsókn á spillingu fyrrverandi forseta Frakklands tekur óvænta stefnu:

# Sarkozy og lögmaður í varðhald

**FRAKKLAND, AP** Nicolas Sarkozy, fyrrverandi forseti Frakklands, var hnepptur í varðhald í París í gær og yfirheyrður í tengslum við rannsókn á meintri spillingu meðan hann sat í embætti.

Franskir fjölmiðlar sögðu frá því í gær að málið tengist rannsókn á fjármögnun kosningabaráttu Sarkozys árið 2007.

Lögreglan getur haldið Sarkozy í varðhaldi í sólarhring en getur fengið heimild til að halda honum í sólarhring til viðbótar.

Meðal annars er rannsakað hvort Sarkozy hafi notað áhrif sín í forsetaembætti til að fá dómara til að halda sér upplýstum um gang rannsóknar á fjármögnun kosningabaráttu hans. Sarkozy er sagður hafa lofað dómaranum góðu starfi í Mónakó í skiptum.

Lögmaður Sarkozy, Thierry Herzog, var einnig í varðhaldi í gær. Bæði Sarkozy og Herzog segjast saklausir. Rannsóknin byggist meðal annars á upptökum af símtölum Sarkozys. -bj



**Í VARÐHALD** Nicolas Sarkozy gaf sig fram við lögreglu í gær, og sést hér aka inn á lögreglustöð í Nanterre í útjaðri Parísar. NORDICPHOTOS/AFP

# Svört skýrsla fyrir stærðfræðikennslu

Árangur stærðfræðikennslu í framhaldsskólum er ekki fullnægjandi og stökkið yfir í háskólann getur reynst nemendum ofviða. Menntamálaráðuneytið hefur ekkert gæðaeftirlit með námsefni sem notað er við stærðfræðikennslu.

**MENNTAMÁL** Meira en helmingur nýnema í verkfræði við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík lendir í vandræðum við upphaf náms vegna skorts á þekkingu í stærðfræði.

> **Háskólinn á ekki að þurfa að eyða tíma í að kenna það sem á að lærast í framhaldsskólum.**
> *Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra.*

Ný skýrsla frá menntamálaráðuneytinu dregur upp dökka mynd af árangri stærðfræðikennslu frá grunnskóla og til loka framhaldsskólans. Þar kemur fram að háskólakennurum þyki lítið til þekkingar nýnema á stærðfræði koma. Mikið vanti upp á skilning á algebru og almenn stærðfræðihugtök vefjist fyrir nemendum. Dæmi eru um að háskólakennarar hafi þurft að slaka á kröfum sem gerðar eru í námskeiðum þeirra.

„Þetta er mjög alvarlegt mál. Háskólinn á ekki að þurfa að eyða tíma í að kenna það sem á að lærast í framhaldsskólum," segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra. Hann segir laka stöðu nemenda í stærðfræði alvarlega fyrir háskólasamfélagið sem og atvinnulífið. „Það er augljóst að ef stærðfræðiundirbúningur er ekki nægilega góður þá eru það ekki bara þeir sem fara í verkfræði eða raungreinar sem verða fyrir því, heldur líka þeir sem fara í félagsgreinar þar sem gerð er krafa um stærðfræðikennslu."

Svo virðist sem rót vandans megi rekja enn neðar í skólakerfið. Um þriðjungur þeirra sem hefja nám í framhaldsskóla ræður ekki við kröfur grunnáfanga í stærðfræði. Grunnáfangar framhaldsskólans í stærðfræði þykja þó í einhverjum tilfellum léttari en það sem gengur og gerist í efstu bekkjum grunnskólans og mikið fer fyrir upprifjun frá fyrri árum.

Í skýrslunni kemur fram að ekkert gæðaeftirlit sé með því námsefni sem boðið er upp á í stærðfræðikennslu skólanna. Námsefnið þykir sömuleiðis ófullnægjandi.

Þá kemur fram að námsáfangar séu miðaðir við þá nemendur sem ætla sér að læra mikla stærðfræði. Þeir nemendur sem ekki hyggjast taka marga áfanga í stærðfræði standa hins vegar slyppir og snauðir, án hagnýtrar þekkingar á stærðfræði. Sérstaklega er gerð athugasemd við skort á tölfræðikennslu. „Allt eru þetta atriði sem benda til þess að þarna verðum við að gera betur og við tökum þessa skýrslu mjög alvarlega," segir Illugi. snaeros@frettabladid.is



**NÝNEMAR EKKI TILBÚNIR** Námsframvinda nemenda er ófullnægjandi. Þegar sex ár eru liðin frá upphafi náms hafa 40 prósent hópsins ekki klárað nám. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**TJÖRNIN** Frá 15. maí til 15. ágúst er fólk beðið um að gefa ekki öndunum brauð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ný skilti við Tjörnina:

## Bannað að gefa öndum brauð

**REYKJAVÍK** Á nýjum skiltum við Reykjavíkurtjörn kemur fram á íslensku og ensku að ekki skuli gefa öndunum brauð á sumrin.

Brauðgjöf laðar að sílamáva og þá aukast líkur á að nýklaktir andarungar verði þeim að bráð. Nóg fæða er á Tjörninni á sumrin og því ekki þörf á að fóðra endurnar.

Einnig getur mikið magn brauðs og drit fuglanna aukið lífræna mengun í Tjörninni þar sem fjöldi fugla margfaldast þegar sílamávarnir mæta á svæðið. -ebg



# TAKK!

Til ykkar sem tókuð þátt - Til þeirra sem fylgdust með
Til allra sem gáfu áheit - Til fjöldans sem tók tillit




Liðsmenn Hjólakrafts ásamt forsvarsmönnum WOW Cyclothon og Landspítalans.

Alls söfnuðust 15.232.244 kr. til styrktar Bæklunarskurðdeild Landspítalans til kaupa á aðgerðartækinu C-boga.

WOW CYCLOTHON
AROUND **ICELAND** 1332 km

ASKJA · KRÍA · N1 · EIMSKIP · ARCTIC TRUCK · Kristall · WOW air



Umhverfismál á Ísafirði:

## Garðyrkjustjóri fæst ekki vestur

**UMHVERFISMÁL** Ísfirðingar hafa í tvö ár auglýst eftir garðyrkjustjóra án árangurs. Það að auki vantar fólk til sláttustarfa.

„Við höfum viljað sinna þessu betur en það hefur bara ekki fengist fólk til þess,“ segir Gísli H. Halldórsson bæjarstjóri. Fimm manns vanti til sláttu- og umhverfisstarfa. Til að bæta gráu ofan á svart séu starfsmenn vinnuskólans óvenju fámennir í ár. Nokkuð er því kvartað yfir grasvextinum að sögn Gísla. -jse

Um tvö hundruð og fjörutíu manns fórust í sjóslysi árið 1942 sem minnst verður í Bolungarvík:

# Minnast mesta sjóslyss Íslandssögunnar

**MANNLÍF** Næsta laugardag verður mesta sjóslyss Íslandssögunnar minnst á Bolungarvík. Það gerðist þann 5. júlí árið 1942 en þá sigldi skipalestin QP-13 inn í belti tundurdufla sem Bretar höfðu sett niður norður af Aðalvík á Vestfjörðum. Í skipalestinni voru fjögur bandarísk, eitt breskt og eitt rússneskt skip og fórust um 240 manns en 250 var bjargað við erfiðar aðstæður. Áhöfn á litlu frönsku herskipi bjargaði 180 manns og má það teljast eitt mesta björgunarafrek Íslandssögunnar.

Á laugardaginn verður minnismerki um þennan harmleik afhjúpað við formlega athöfn.

Forgöngumaður um minnismerkið og athöfnina, Jónas Guðmundsson, segir undarlegt hversu hulinn þessi harmleikur sé þjóðarsálinni. „Það er ekki minnst á þetta í Öldinni okkar,“ segir hann. „Og ég hafði ekki hugmynd um þetta fyrr en ég ætlaði að fara að tala um Bismarck og svona slys í karlaklúbbi nokkrum og gróf þetta þá upp.“

Minnismerkið er í Stigahlíð í Bolungarvík en þaðan eru um fimmtíu kílómetrar á slysstað. Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, mun halda tölu við þetta tækifæri, varðskipið Þór mun skjóta úr fallbyssu sinni og fleira stendur til við þessa athöfn. -jse



**MINNISSKJÖLDURINN Í STIGAHLÍÐ Á BOLUNGARVÍK** Skjaldaroddurinn vísar á þann stað þar sem harmleikurinn varð árið 1942. Lengi á eftir var börnum bannað að fara til fjöru en þar fundust lík unnvörpum.




# Voru metnir hæfari en lögreglukonurnar

Þrír karlar voru nýlega ráðnir í yfirmannsstöður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglukona segist vilja trúa því að lögreglan sé ærleg í ráðningum en hún sé full vantrausts. Hún viti um mjög hæfar konur sem hafi sótt um stöðurnar.

**LÖGREGLUMÁL** „Það var sérstök hæfnisnefnd innan lögreglunnar sem fór yfir umsóknirnar og það var niðurstaða nefndarinnar og síðar innanríkisráðuneytisins að þeir þrír sem ráðnir voru væru hæfastir,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Um fimmtíu, þar af nokkrar konur, sóttu um þrjár stöður aðstoðaryfirlögregluþjóna á höfuðborgarsvæðinu þegar þær voru auglýstar lausar til umsóknar fyrr á árinu.

„Það voru hæfar konur á meðal umsækjenda en þær voru ekki á meðal þeirra þriggja hæfustu í þessar stöður,“ segir Stefán og bætir við að mat á umsækjendum byggist meðal annars á starfsreynslu og þeim verkefnum sem þeir hafa sinnt til þessa innan lögreglunnar.

Verulega hallar á konur innan lögreglunnar. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra voru 23 karlar í stöðu yfirlögregluþjóns í febrúar síðastliðnum en engin kona. 21 karl er aðstoðaryfirlögregluþjónn en tvær konur.

Síðastliðið haust lýsti Stefán þeirri skoðun sinni að það ætti að auka hlut kvenna í yfirstjórn lögreglunnar.

„Við getum ekki annað en skipað þá sem eru hæfastir,“ segir Stefán.

„Ég veit um mjög hæfar konur sem sóttu um þessar stöður eins og margar aðrar yfirmannastöður hjá lögreglunni í gegnum tíðina. Auðvitað vil ég trúa því að yfirstjórn lögreglunnar sé ærleg í sínum ráðningum en á sama tíma er ég full vantrausts og velti því fyrir mér hvort jafnréttisumræðan hafi liðið undir lok innan lögreglunnar,“ segir Eyrún Eyþórsdóttir, fulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, en hún hefur áður tjáð sig um jafnréttismál innan lögreglunnar.

Eyrún segir að ráðningarnar nú séu ekki í anda þeirrar umræðu sem fór fram síðastliðið sumar í kjölfar niðurstöðu rannsóknar sem gerð var á vinnumenningu innan lögreglunnar.

„Í þeirri rannsókn kom skýrt fram að lögreglukonur ættu erfitt uppdráttar í starfi sínu. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til að konur væru að sækja um yfirmannsstöður jafnvel þótt almennt teldu lögreglumenn svo ekki vera,“ segir Eyrún og bætir við að hún hafi sagt í fyrra að nú myndi yfirstjórnin ráða eina til tvær konur í yfirmannsstöður og síðan yrði ekki meira gert. „En innst inni vonaði ég svo sannarlega að ég hefði rangt fyrir mér en annað er komið á daginn.“

johanna@frettabladid.is



**ENGIN KONA** Nýlega voru þrír karlar ráðnir í yfirmannsstöður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Mjög hallar á konur innan lögreglunnar. MYND/LÖGREGLAN

> Við getum ekki annað en skipað þá sem eru hæfastir.
> *Stefán Eiríksson.*

> Ég velti því fyrir mér hvort jafnréttisumræðan hafi liðið undir lok innan lögreglunnar.
> *Eyrún Eyþórsdóttir.*






# ELDBORG – HARPA

## 9. ÁGÚST KL. 20.00

MIÐASALA: HARPA.IS- MIDI.IS – 528 50 50

# SKOÐUN

Ekkert liggur fyrir um hagræði af flutningi Fiskistofu:

## Átti ekki að spara?

Áformaður flutningur Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar er umdeildur. Til þessa hefur athyglin aðallega beinzt að hagsmunum starfsmannanna, sem eru augljóslega ekki ánægðir með áformin. Þeir hafa lýst því yfir að enginn starfsmaður ætli með stofnuninni norður.

Það er ekki þar með sagt að andstaða starfsmanna ein og sér eigi að stöðva flutning á stofnuninni, ef á annað borð er sýnt fram á að það sé bæði fjárhagslegt og faglegt vit í að flytja hana; að til dæmis sé hægt að fá jafnhæft starfsfólk í staðinn fyrir það sem ætlar ekki að flytja með.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Vandinn er að það liggur nákvæmlega ekkert fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar um að það sé neitt vit í að flytja Fiskistofu til Akureyrar. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, virðist hafa einhverja fremur óljósa hugmynd um að flutningurinn norður geti kostað 100–200 milljónir króna. Um það hvort hagræðing næst til lengri tíma til að vinna þann kostnað til baka veit hann ekki neitt. Um faglegan ávinning flutningsins veit hann heldur ekki neitt.

Um gagnrýni nokkurra þingmanna Sjálfstæðisflokksins á áformin, sem þeir settu einmitt fram á þeirri forsendu að engin rök hefðu komið fram fyrir því af hverju ætti að flytja stofnunina, segir ráðherrann að þeir eigi bara að lesa stjórnarsáttmálann og byggðaáætlun.

Það stendur vissulega í báðum þessum plöggum að það eigi að fjölga störfum á landsbyggðinni. Í byggðaáætlun stendur að það eigi að vera störf á vegum ríkisins. En í stjórnarsáttmálanum stendur líka að það eigi að auka agann í ríkisfjármálum, lækka skatta og borga niður skuldir ríkisins. Ríkisstjórnin stofnaði sérstakan aðgerðahóp sem átti að velta við hverjum steini með það að markmiði að „hagræða og forgangsraða og auka skilvirkni stofnana ríkisins“.

Einhver hefði haldið að það þýddi að ekki yrðu teknar ákvarðanir um að flytja ríkisstofnanir út á land nema fyrir lægi að það stuðlaði að hagræði og skilvirkni. En slík rök hefur reyndar aldrei þurft þegar stjórnmálamenn hafa flutt ríkisstofnanir á milli staða í þeim tilgangi að afla sér atkvæða. Þá heitir það „pólitísk ákvörðun“.

Það væri full ástæða til þess að Ríkisendurskoðun tæki upp hjá sjálfri sér að gera heildarúttekt á flutningi stofnana og verkefna á vegum ríkisins á milli landshluta undanfarin ár og meta fjárhagslegan og faglegan ávinning af þessum „pólitísku ákvörðunum“. Þá gætu ráðherrar að minnsta kosti vísað í reynsluna þegar þeir tækju ákvarðanir eins og um flutning Fiskistofu.

Það er raunar dálítið skrítið að á sama tíma og ríkissjóður á ekki fyrir nýjum störfum lögreglumanna og landvarða úti um landsbyggðina til að passa upp á ferðamenn og vernda náttúruna fyrir ágangi, sé hann aflögufær um 200 milljónir til að flytja störf sem þegar eru orðin til á milli landshluta.

Starfsfólk Fiskistofu verðskuldar vissulega samúð okkar. En við eigum samt kannski bara að vorkenna sjálfum okkur meira; sem skattgreiðendum og kjósendum sem kjósa ítrekað yfir sig fólk sem tekur illa ígrundaðar ákvarðanir um útgjöld á okkar kostnað.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Svakaleg staða!**

Vísir greindi frá því í gær að þrír karlmenn hefðu verið settir í embætti aðstoðaryfirlögregluþjóna hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Með fréttinni fylgdi mynd af tíu uppáklæddum yfirmönnum lögreglunnar, allt karlmenn. Ekki voru allir sáttir við þessa „gamaldags“ mynd sem máluð var af stöðu kynjanna í fréttinni. Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, vakti athygli á málinu á Facebook-síðu sinni þar sem hún sagði þetta traustvekjandi og spurði hver vildi ekki geta treist sig á svona karla til að gæta laga og réttar. **Kristín Ástgeirsdóttir**, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, sagði í athugasemd við færslu Sóleyjar að við yrðum að fara að taka á þessu vígi karlveldisins og bætti við: „Svakaleg staða!“



**Óánægðir stjórnarþingmenn**

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra tilkynnti það á dögunum að hann hygðist flytja Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar. Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lýst sig andvíga þessum áformum, þar á meðal Vilhjálmur Bjarnason, Brynjar Níelsson, Jón Gunnarsson og þingflokksformaðurinn **Ragnheiður Ríkharðsdóttir**. Í samtali við Vísi í gær sagði Ragnheiður að þingmennirnir fjórir væru ósáttir við þennan flutning. Aðspurð um hvort um væri að ræða blinda landsbyggðarpólitík sem Framsóknarflokkurinn væri að reka í nafni ríkisstjórnarinnar sagðist Ragnheiður eiga erfitt með að svara spurningunni. Ástæða væri til að ræða málið jafnt í þinginu sem ríkisstjórn og líta á atvinnutækifæri í landinu í heild sinni.



fanney
@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hrós til þroskaþjálfa

SAMFÉLAGSMÁL



Sigurður Örn Ágústsson
framkvæmdastjóri

Það er ótrúlega margt í lífinu sem maður hefur engan áhuga né skilning á, þangað til að það skiptir mann sjálfan persónulega máli. Fyrir ekki svo löngu vissi ég ekki neitt um, né hafði ég sérstakan áhuga á að vita, hvaða hlutverki þroskaþjálfar gegna. Vissi að þeir væru til en lítið annað. En nú veit ég að þeir skipta þá sem þeirra liðveislu njóta gríðarlega miklu máli. Og líka að munurinn á góðum, reynslumiklum þroskaþjálfa sem leggur sig fram í starfi og hinum sem leggja minna á sig er í veldisvís. Góðir þroskaþjálfar geta skipt sköpum.

Drengurinn minn var snemma greindur einhverfur og það var lán. Hann fékk það sem kallað er snemmtæk íhlutun. Sem, þegar maður hugsar um það, er alveg lykilatriði – að ná til barna meðan þau eru á aldursbili mests mögulegs þroska – þá eru bestar líkur á örum framförum.

Leikskólinn hans Ágústs réð þroskaþjálfa til að sinna hans þörfum eftir að greining lá fyrir. Þegar Ágúst mætti eldhress í leikskólann sinn í fyrsta skipti var hann vart talandi og um mjög margt félagslega talsvert frá því að vera aldurssvarandi (bara eins og pabbi sinn, myndu margir segja – en það er önnur saga).

Núna er það ærið verkefni að fá hann til að þagna stundarkorn – sem er ótrúlega góð tilfinning. Hann er með margfalt betri félagsfærni og er eiginlega bara allur annar. Það hefur tekist að tosa hann úr skelinni að hluta að minnsta kosti. Það er magnað hvað honum hefur fleygt fram.

Það var mikil gæfa fyrir okkur Ágúst að leikskólinn hans, Akrar í Garðabæ, réð Hafdísi Björk Þorsteinsdóttur til starfa sem þroskaþjálfa fyrir um tveimur árum. Henni vil ég hrósa sérstaklega fyrir hennar starf og árangur með drenginn minn. Hún hefur ekki bara skipt máli, heldur verið lykilmanneskja í hans framförum. Hún hefur reynst honum og mér svo vel að nú, þegar hún fer til annarra starfa, er maður bæði þakklátur og sorgmæddur.

Þakklátur fyrir allt hennar starf, atlæti og alúð gagnvart Ágústi og sorgmæddur að hún sé að yfirgefa okkur. Hafdís hefur kennt honum Ágústi margt sem seint verður fullþakkað en mér hefur hún helst kennt að meta starf góðs þroskaþjálfa að verðleikum. Takk, Hafdís, fyrir þinn þátt í stórstígum framförum Ágústs undanfarin ár.

Ég vona bara að sá sem tekur við af Hafdísi komist með tærnar þar sem hún hefur hælana. Þá verðum við Ágúst ánægðir. Við verðum reyndar líka ánægðir ef Hafdís verður ánægð í nýju vinnunni sinni – ef ekki, þá veit hún hvar okkur verður að finna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Stóryrtar yfirlýsingar um stjórnlagaráð

STJÓRNARSKRÁ



Þorkell Helgason
sat í stjórnlagaráði

Í ritstjórnargrein Fréttablaðsins 26. júní sl. er fjallað um áfangaskýrslu hinnar nýju stjórnarskrárnefndar sem birt var á dögunum. Undirritaður sat í stjórnlagaráði og telur sér því málið skylt.

Eins og ritstjórinn fagna ég sérhverju skrefi í stjórnarskrármálinu; líka reifun málsins í áfangaskýrslu hinnar nýju stjórnarskrárnefndar, þótt beinar tillögur séu þar næsta fáar. Stjórnarskrármálið er þó aftur komið í umræðuna. Á hinn bóginn finnst mér ritstjórinn tala ómaklega um störf stjórnlagaráðs. Það hafi „skellt … fram illa ígrunduðum tillögum“ segir hann. Ráðið fékk afmarkaðan tíma til sinna starfa, rúma þrjá mánuði. Tíminn hafði verið verulega skorinn niður frá því sem upphaflega var ráðgert. Hinu má þó ekki gleyma að mikið starf hafði farið fram áður en stjórnlagaráðið tók til starfa, og það þurfti því ekki að hefja störf á byrjunarreit. Engu var „skellt fram“, enda störfuðu 25 einstaklingar ásamt sérfræðingum að verkefninu nótt sem nýtan dag sumarið 2011. Unnið var fyrir opnum tjöldum með samfelldu aðgengi almennings.

### Dundar sér út kjörtímabilið

Nýja nefndin fær að dunda sér við málið út kjörtímabilið og er ekki einu sinni skuldbundin til að skila neinu frá sér, en stjórnlagaráði var uppálagt að skila drögum að frumvarpi. Að tillögur okkar hafi verið „illa ígrundaðar“ er órökstudd fullyrðing. Í lok ritstjórnargreinarinnar er talað um „hrærigraut[inn] sem hin misheppnaða tilraun um stjórnlagaþingið gat af sér“. Það virðist í tísku að taka stórt upp í sig um störf stjórnlagaráðs, án þess að láta nokkuð í ljós sem stutt geti stóryrðin.

Ritstjóranum er tíðrætt um skoðanir stjórnlagaráðs. Ráðið samanstóð af einstaklingum sem sameiginlega hafa engar aðrar skoðanir en þær sem komu fram í skriflegum skilum ráðsins 29. júlí 2011. Ritstjórinn segir að „[r]áðið … virtist halda að … með [tillögum þess] væri komin ný stjórnarskrá, sem ekki mætti breyta eða ræða frekar.“ Það kann að vera að einstaka félagar í ráðinu hafi talað þannig en flestir, ef ekki allir, sögðu að vissulega bæri að gera þær breytingar sem til bóta mætti vera, eins og gert var í umfjöllun meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.

### Sjötíu ára bið

Þá segir ritstjórinn að „[s]tóryrtar yfirlýsingar fyrrverandi stjórnlagaráðsmanna um „valdarán“ og „aðför að lýðræðinu“ í tilefni af áfangaskýrslunni eru fáránlegar.“ Hér er aftur verið að ýja að því að stjórnlagaráðsmenn fyrrverandi tali allir á sömu nótum. Sum okkar mundu nota önnur orð um þetta nýja plagg og tilurð þess.

**➜ Í sjötíu ár hefur verið beðið eftir raunhæfum stjórnarskrárbótum. Það á eftir að koma í ljós hvort nú sé „góð byrjun“ í þessa veru …**

Ritstjórinn segir að flest bendi „til að málið sé nú … lagt þannig upp að það geti fengið vandlega umræðu og skoðun, Alþingi fjallað um það á vandaðan hátt og þjóðin verði síðan spurð álits – með lýðræðislegum hætti.“ Vonandi hefur hann rétt fyrir sér, en reynslan segir því miður annað. Það var ekkert því til fyrirstöðu að frumvarp stjórnlagaráðs fengi „vandlega umræðu og skoðun“ og aldrei stóð annað til en „að þjóðin [yrði] … spurð álits – með lýðræðislegum hætti“ um endanlegt stjórnarskrárfrumvarp, sem byggt væri á tillögum stjórnlagaráðs eins og tveir þriðjuhlutar þeirra kjósenda sem afstöðu tóku óskuðu eftir í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012. En af öllu þessu varð ekki þar sem málið þvældist fyrir Alþingi í tvo vetur og endaði síðan í allsherjar málþófi eins og einatt áður.

Í sjötíu ár hefur verið beðið eftir raunhæfum stjórnarskrárbótum. Það á eftir að koma í ljós hvort nú sé „góð byrjun“ í þessa veru, eins og felst í yfirskrift ritstjórnargreinarinnar, það hvort útkoman verður yfirklór eða raunverulegar réttarbætur til eflingar almannahag gegn sérhagsmunum.

# Mikill gróði af lyfjum

HEILBRIGÐISMÁL



Kjartan Jóhannsson
fyrrverandi ráðherra og sendiherra

Í skýrslu Sjúkratrygginga Íslands kemur fram að lyfjakostnaður stofnunarinnar hafi lækkað um 200 milljónir króna á síðasta ári miðað við árið á undan. Á tímum niðurskurðar þykja þetta góð tíðindi. Margsinnis hefur mátt lesa á undanförnum árum um hækkandi lyfjakostnað sameiginlegra stofnana þjóðarinnar og oftast í nokkrum umvöndunartón. Gjarnan er sérstaklega vitnað til hugsanlegrar of- eða misnotkunar og oft bent jafnframt á hversu kostnaðarsöm svonefnd S-lyf séu.

Í þessu samhengi fellur í skuggann og kemur ekki til frásagnar hve feikilegan ábata lyf og lyfjameðferð hefur fært þjóðinni. Ábatinn mælist í sparnaði á öðrum sviðum lækninga, í fjárhagslegum ávinningi af framlengingu á vinnu- og framfærslugetu fjölda fólks. Ábatinn mælist líka í linun þjáninga, í auknum lífsgæðum og í lengri og betri samveru með fjölskyldunni.

### Lyf komu í stað uppskurða

Það má rifja upp hvernig lyf komu í stað uppskurða við magasárum, sem voru fyrrum eina ráðið gegn þeim kvilla, dýrt bæði fyrir heilbrigðisþjónustuna og sjúklinginn. Og hvað skyldi mörgum árum hafa verið bætt við lífið með lyfjum á sviði hjarta- og æðasjúkdóma? Margir hafa haldið vinnu- og framfærsluþreki vegna þeirra, náð betri eigin hag, sparað þjóðfélaginu kostnað og notið lífsins lengur. Ófáir hafa bjargast frá hrörnun og skerðingu lífsgæða með lyfjameðferð, til dæmis við augnsjúkdómum, fengið að halda sjón sinni í stað þess að sitja í myrkri. Þannig mætti áfram telja. Kjarni máls er þessi: Kostnað af lyfjum á ekki og má ekki meta án þess að líta á ábatann.

**➜ Kostnað af lyfjum á ekki og má ekki meta án þess að líta á ábatann.**

S-lyfin eru notuð til sérhæfðrar meðferðar. Þau lúta skömmtun og þau eru vissulega dýr. Það eru hins vegar þau sem ryðja brautina. Þau eru nýjungar, frumkvöðlar á sínu sviði. Þau eru úrræði sem gagnast þegar annað dugar ekki. Með notkun þeirra finnast lausnir sem annars eru ekki til og verða ekki til. Ábatinn af notkun þeirra kemur stundum strax í ljós, en stundum seinna, því þekkingin, undirstaða árangurs, fæst með notkun þeirra. Þetta verðum við að kunna að meta, bæði hið áþreifanlega sem við fáum að sjá strax en líka hitt sem felst í árangri til lengri tíma, handa þeim sem á eftir koma. Kvörtunartónn vegna kostnaðar S-lyfja má ekki yfirgnæfa mikilvægi lyfjaþróunar, sem hefur fært okkur svo mikið. Tvö hundruð milljón króna afgangi Sjúkratrygginganna núna væri vel varið til þess að lina skömmtun S-lyfjanna.

Aðeins með því að viðurkenna gagnsemi lyfjanna og brautryðjendahlutverk S-lyfjanna, meta ábatann en ekki bara krónutölur útgjaldanna, gerum við þjóðinni, fólkinu í landinu, rétt. Gróði okkar allra af aðgangi að lyfjum er mikill. Útgjöld blikna í því samhengi. Það á að láta samhengi hlutanna ráða við stefnumörkun.




HVAÐ FER MIKIL ORKA Í ÞVOTTADAGINN?

Prófaðu reiknivélina á www.on.is og sjáðu hvað þvottavélin og þurrkarinn nota mikið rafmagn.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Við erum heppin að náttúran skuli sjá okkur fyrir meira en nóg af orku til að létta okkur lífið svo um munar. Forsenda þess að við getum farið vel með auðlindirnar og lækkað kostnað er að vita hvað er í gangi og hversu mikla orku raftækin nota að staðaldri. Á on.is er handhæg reiknivél sem auðveldar þér að sundurliða orkunotkun heimilisins og meta kostnaðinn í heild og við einstaka þætti.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

# 25 - 50% ÚTSALAN



* 25 - 50% afsl. af öllum húsgögnum og gjafavöru

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

# ER HAFIN! 25 - 50%













HEIMA
HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16

## MERKISATBURÐIR

**1178** Þorlákur helgi Þórhallsson er vígður Skálholtsbiskup í Niðarósdómkirkju.

**1849** Jón Sigurðsson og fleiri alþingismenn gera þá kröfu að Alþingi verði háð í heyranda hljóði.

**1874** Á Oddeyri í Eyjafirði og víðar á Norðurlandi er haldin þjóðhátíð í minningu þúsund ára byggðar í landinu.

**1876** Alls 752 Norðlendingar flytjast búferlum til Ameríku; þeir leggja af stað með skoska gufuskipinu Verona frá Akureyri til Glasgow þennan dag og sigla síðan þaðan til Ameríku. Þetta var stærsti hópurinn sem fór í einni ferð til Vesturheims. Tíu dögum síðar fór 400 manna hópur með sama skipi frá Seyðisfirði.

**1907** Tveir Þjóðverjar farast í Öskjuvatni þar sem þeir voru við rannsóknir.

**1937** Snekkja Adolfs Hitlers, Aviso Grille, kemur til Íslands.

**1948** Þriðji landsleikur Íslendinga í knattspyrnu fer fram. Leikið er gegn Finnum og vinna Íslendingar 2-0. Þetta er fyrsti sigur íslenska landsliðsins í fótbolta.

# Átta skáldkonur frá jaðarsvæðum

**Ljóðahátíðin Konur á ystu nöf hefst í dag og lýkur á morgun. Þar koma fram átta skáldkonur; fjórar íslenskar, tvær finnskar, ein færeysk og ein grænlensk.**

„Þetta eru allt skáldkonur frá jaðarsvæðum Norðurlandanna, þeim þjóðum sem taka þátt í norrænu samstarfi en hafa ekki norrænu kjarnamálin að móðurmáli," segir Valgerður Þóroddsdóttir, ein af driffjöðrum Meðgönguljóða og þátttakandi í hátíðinni. „Svo kom þessi frábæri titill á hátíðina sem vísar bæði til þess að vera á jaðrinum landfræðilega og hvað varðar tungumálið."

Tvær skáldkonur frá vestnorræna málsvæðinu heimsækja hátíðina, Katti Frederiksen frá Grænlandi og Vónbjørt Vang frá Færeyjum. Austan megin úr álfunni, frá Finnlandi, koma Juuli Niemi og Vilja-Tuulia Huotarinen. Ásamt erlendu gestunum mæta til leiks íslensku skáldkonurnar Arngunnur Árnadóttir, Bergrún Anna Hallsteinsdóttir, Björk Þorgrímsdóttir og svo Valgerður. „Þetta eru allt konur í yngri kantinum, sem sé undir fertugu," segir Valgerður.

Í dag munu skáldkonurnar dreifa sér í fjögur útibú Borgarbókasafns í borginni, tvær í hvert safn, og lesa upp ljóð sín klukkan 17. „Á morgun verður síðan blönduð dagskrá í Safnahúsinu við Hverfisgötu þar sem erlendu skáldkonurnar munu lesa ljóð sín og fram fara pallborðsumræður þar sem búast má við fjörugu spjalli," segir Valgerður. Dagskráin þar hefst einnig klukkan 17.

Í tilefni hátíðarinnar munu Meðgönguljóð gefa út safnrit með ljóðum eftir öll skáldin, bæði á frummáli og í íslenskri þýðingu. „Bókin kemur út í dag og verður fáanleg á hátíðinni, en seinna verður henni auðvitað dreift í bókabúðir og á bókasöfn. Hún er hugsuð bæði sem minnisvarði um hátíðina og til að varðveita þau tengsl sem hafa skapast milli skáldkvenna þessara þjóða," segir Valgerður. „Ég held til dæmis að það hafi ekkert mörg ljóð verið þýdd á íslensku úr grænlensku og færeysku og það er ekkert offramboð af þýðingum úr finnsku heldur."

Hátíðin er samstarfsverkefni Meðgönguljóða og Kvenréttindafélags Íslands og Valgerður segist vonast til að þetta sé aðeins byrjunin á frjóu samstarfi skáldkvenna frá jaðarsvæðunum.

fridrikab@frettabladid.is



**VALGERÐUR ÞÓRODDSDÓTTIR**
„Svo kom þessi frábæri titill á hátíðina sem vísar bæði til þess að vera á jaðrinum landfræðilega og hvað varðar tungumálið."
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---

✝



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG ANDRÉSDÓTTIR**
**frá Valþúfu,**

andaðist á dvalarheimilinu Silfurtúni, Búðardal, þriðjudaginn 24. júní. Hún verður jarðsungin frá Staðarfellskirkju laugardaginn 5. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Silfurtúns. Jafnframt er starfsfólki heimilisins þökkuð góð umönnun og alúð.

**Andri Jónasson**
**Rúnar Jónasson** **Hrefna Ingibergsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

✝



Eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**FANNEY DAGMAR ARTHÚRSDÓTTIR**
**Sautjándajúnítorgi 7, Garðabæ,**

lést 28. júní á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Ólafur Helgi Grímsson**
**Helga María Ólafsdóttir**
**Karl Diðrik Björnsson** **Margrét Þór**
**Hulda Ólafsdóttir** **Jón Ragnar Guðmundsson**
**Gunnar S. Ólafsson** **Guðrún Á. Jónsdóttir**
**Helgi Ó. Ólafsson** **Ingibjörg Erna Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**KOLBRÚN ÁRMANNSDÓTTIR**
**frá Tindum, Neskaupstað,**
**til heimilis að Funalind 7, Kópavogi,**

sem andaðist fimmtudaginn 26. júní, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. júlí kl. 13.00.

**Hallveig Hilmarsdóttir** **Ingimundur Sigurpálsson**
**Birta Hilmarsdóttir** **Samir Hasan**
**Tómas Hilmarsson** **Valgerður Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru sambýliskonu, móður, systur, mágkonu, frænku og tengdadóttur,

**LILIYU DOBRYNINU**
**leikskólakennara.**

**Baldvin Nielsen**
**Nína María Baldvinsdóttir**
**Sergey Dobrynin**
**Albina Teplinskuju** **Nariman Musin**
**Edem Musin**
**Liliya Musina**
**Eygló Kristjánsdóttir**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**ERLA HELGADÓTTIR**
**Fornastekk 5,**

sem lést þriðjudaginn 24. júní, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 3. júlí kl. 13.00.

**Haraldur Gísli Eyjólfsson**
**Óskar Smári Haraldsson** **Una S. Rögnvaldsdóttir**
**Örn Helgi Haraldsson** **Ása Þorkelsdóttir**
**Einar Birgir Haraldsson** **Sigrún Árnadóttir**
**Kristín Huld Haraldsdóttir** **Hallgrímur Vignir Jónsson**
**Oddný Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**ARNAR ÖRLYGUR JÓNSSON**

lést á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 25. júní. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 4. júlí klukkan 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á að styrkja Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Elísabet Ingólfsdóttir**
**Ingólfur Örn Arnarsson** **Elísabet Indra Ragnarsdóttir**
**Þorlákur Jón Ingólfsson**
**Indriði Arnar Ingólfsson**
**Ragnar Steinn Ingólfsson**

---

✝



Okkar ástkæra

**STEINVÖR SIGURÐARDÓTTIR**
**Didda,**
**Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,**

sem lést þann 25. júní, verður jarðsungin föstudaginn 4. júlí kl. 13 frá Hafnarfjarðarkirkju. Þeir sem vilja minnast hinnar látnu vinsamlega láti Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa njóta þess. Minningarkort fást í verslun Siggu og Timo, Linnetstíg 2, Hafnarfirði.

**F.h. aðstandenda,**
**Guðrún Einarsdóttir**
**Jenný Einarsdóttir** **Hjalti Sæmundsson**
**Sigurður Einarsson** **Sólveig Birna Jósefsdóttir**
**Þórður Einarsson** **Guðbjörg Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**MARGRÉTAR ÓLAFSDÓTTUR**
**húsmóður,**
**Ægisíðu 78, Reykjavík,**

sem lést á heimili sínu 24. maí sl.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heimahlynningar Landspítala og Heimaþjónustu Reykjavíkur.

**Vilhjálmur Svan Jóhannsson** **Sesselja R. Henningsdóttir**
**Valgerður Jóhannsdóttir** **Jakob H. Magnússon**
**Ólafur Jóhannsson** **Helga Sigurðardóttir**
**Laufey Jóhannsdóttir** **Jan Bernstorff Thomsen**
**Þráinn Jóhannsson** **Erna Andreassen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæri

**HAFLIÐI ÞÓRIR JÓNSSON**
**píanóleikari,**
**fyrrverandi gjaldkeri og kaupmaður,**
**Njálsgötu 1,**

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 4. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjálfsbjörg, landssamband lamaðra og fatlaðra, eða Blindrafélagið.

**Hrönn Ingibjörg Hafliðadóttir** **Ísólfur Þór Pálmarsson**
**Erla Sigurlína Hafliðadóttir**
**Jónína Hólmfríður Hafliðadóttir** **Jón Eiríksson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir,
tengdamóðir og amma,

**RAGNHEIÐUR MARÍA PÉTURSDÓTTIR**
**Sléttu, Eyjafjarðarsveit,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð 29. júní. Útför hennar fer fram frá Grundarkirkju föstudaginn 4. júlí kl. 13.30.

**Vigdís I. Hreiðarsdóttir** **Ólafur G. Vagnsson**
**Hreiðar Hreiðarsson** **Þórdís Bjarnadóttir**
**Ragnheiður Hreiðarsdóttir** **Benedikt I. Grétarsson**
**Hrafnhildur Hreiðarsdóttir**
**Hildur Gísladóttir**
**Margrét Sigurðardóttir**
**og ömmubörnin.**

---

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 2. júlí 2014 | 39. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is








## Smíða fljótandi vatnsverksmiðju

Icelandic Water Line ætlar að smíða 105 þúsund tonna vatnsverksmiðjuskip og hefja útflutning á íslensku vatni.

„Við erum að vinna úr ákveðnum tilboðum sem borist hafa bæði hvað varðar fjármögnun verkefnisins og smíði skipsins,“ segir Kjartan Ragnarsson, annar tveggja stofnenda fyrirtækisins.



Skipið á að geta flutt um 75 þúsund lítra í einni ferð og stefnt er að sjósetningu innan fjögurra ára.

- hg / sjá síðu 2

## Sátt við Seðlabankann í höfn

Reitir hafa gengið frá sátt við Seðlabanka Íslands en bankinn taldi ákvæði í lánasamningum félagsins við Hypothekenbank Frankfurt AG brot á gjaldeyrislögum.



Fasteignafélagið og þýski bankinn hafa undirritað nýja viðauka við samningana sem Seðlabankinn hefur samþykkt. Reitir greiddu einnig 10 milljóna króna sekt sem var hluti af sáttinni.

„Þetta þýðir að við munum geta haldið áfram á þeirri vegferð að klára heildarfjármögnun félagsins og vonandi skráningu í Kauphöll fyrir árslok,“ segir **Guðjón Auðunsson**, forstjóri Reita.

- hg / sjá síðu 8

## Fær hermi fyrir Airbus-þyrlur

Hópur íslenskra fjárfesta sem stendur á bak við Mid Atlantic Sim Center ehf. hefur keypt flughermi fyrir Airbus AS350-þyrlur. Fyrirtækið ætlar að opna alþjóðlega þjálfunarmiðstöð hér á landi en flughermirinn verður sá fyrsti sinnar tegundar í Evrópu.

„Viðræður við fyrirtæki sem reka þessar þyrlur víðs vegar um heim eru þegar farnar af stað,“ segir Halldór Þorkelsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

- hg / sjá síðu 8



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**3** **Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**7** **Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**5** **STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**HAGAR** **14,1%** frá áramótum

**HB GRANDI** **1,2%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL** **-21,7%** frá áramótum

**HAGAR** **1,8%** í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 144,50 | -5,9% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 118,00 | -9,2% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 229,50 | -12,4% | -0,2% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 30,50 | 11,9% | -0,5% |
| Hagar | 43,80 | 14,1% | -1,8% |
| Icelandair Group | 17,00 | 6,6% | -0,6% |
| Marel | 104,00 | -21,8% | -1,0% |
| N1 | 16,35 | -13,5% | -0,6% |
| Nýherji | 4,20 | 15,1% | 0,0% |
| Reginn | 15,70 | 1,0% | 0,0% |
| Tryggingamiðstöðin* | 25,15 | -21,5% | 0,2% |
| Vátryggingafélag Íslands** | 8,63 | -20,0% | -0,2% |
| Össur | 282,00 | 23,1% | 0,0% |
| HB Grandi | 28,40 | 2,5% | 1,2% |
| Sjóvá | 12,40 | -8,2% | -0,2% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1128,51 | -10,4% | -10,4% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 20,00 | 50,9% | -4,3% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 13,0% | 0,0% |
| Atlantic Petroleum (DKK) | 145,00 | 0,0% | 0,0% |

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 2. júlí**
- **Þjóðskrá – Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum**

**Föstudagur 4. júlí**
- **Hagstofan – Gistinætur á hótelum í maí 2014**

**Mánudagur 7. júlí**
- **Seðlabankinn – Helstu liðir í efnahagsreikningi SÍ og gjaldeyrisforði**

**Þriðjudagur 8. júlí**
- **Efnahagslegar skammtímatölur í júlí 2014**

**Föstudagur 11. júlí**
- **Seðlabankinn – Gjaldeyrisforði og tengdir liðir**
- **Moody's – Lánshæfismat ríkissjóðs**

**Miðvikudagur 15. júlí**
- **Hagstofan – Atvinnuleysistölur fyrir júní**

**Fimmtudagur 17. júlí**
- **Þjóðskrá – Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**

**Föstudagur 18. júlí**
- **Hagstofan – Fiskafli í júlí 2014**
- **S&P – Lánshæfismat ríkissjóðs**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



**HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU**

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu. Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


Veltan á hlutabréfamarkaði á fyrstu sex mánuðum ársins nam 6,6 milljörðum sem er minna en í fyrra:

# Lognmolla á verðbréfamarkaði

Veltan á íslenska hlutabréfamarkaðinum á fyrstu sex mánuðum ársins nam 6,6 milljörðum króna, sem er 2 prósentum minni velta en á sama tímabili 2013.

Mismunur þessara tímabila er hins vegar sá að fyrstu sex mánuði þessa árs eru þrjú ný félög, N1, HB Grandi og Sjóvá á Aðallistanum. Auk þess voru tvö félög, VÍS og TM, skráð undir lok fyrstu sex mánaða síðasta árs. Virði þessara fimm félaga er tæplega fjórðungur af heildarvirði hlutabréfamarkaðarins. Í Morgunkorni Greiningar Íslandsbanka í gær segir að óhætt sé að segja að fyrri helmingi þessa árs hafi verið töluverð lognmolla á innlendum hlutabréfamarkaði hvað veltu varðar.

Verð einstakra félaga hefur tekið töluverðum breytingum þrátt fyrir litla veltu á fyrri helmingi ársins. -fbj



**LÍTIL VELTA Í BYRJUN ÁRS** Prjú ný félög hafa verið skráð í Kauphöllina á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




**TEIKNING** Skipið yrði á stærð við stórt skemmtiferðaskip, um 105 þúsund tonn, 50 metra breitt og 217 metra langt. MYND/ICELANDICWATERLINE

# Stefna að útflutningi á vatni í sérútbúnu skipi

***Stofnendur Icelandic Water Line ætla að láta smíða 105.000 tonna vatnsverksmiðjuskip og hefja útflutning á vatni í miklu magni. Skoða nú tilboð í fjármögnun verkefnisins og smíði skipsins.***

**VIÐSKIPTI**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Fyrirtækið Icelandic Water Line ætlar að smíða 105 þúsund tonna vatnsverksmiðjuskip og hefja útflutning á íslensku vatni.

„Við erum að vinna úr ákveðnum tilboðum sem borist hafa bæði hvað varðar fjármögnun verkefnisins og smíði skipsins," segir Kjartan Ragnarsson, stjórnarmaður og annar tveggja stofnenda Icelandic Water Line.

Kjartan og Ómar Már Jónsson, stjórnarformaður Icelandic Water Line og fyrrverandi sveitarstjóri í Súðavík, stofnuðu fyrirtækið árið 2009. Þeir hafa tryggt sér vatn af Snæfellsnesi til framleiðslunnar.

Skipið á að geta flutt um 75 þúsund lítra í einni ferð og stefnt er að sjósetningu innan fjögurra ára. Vatninu verður tappað á flöskur um borð og flutt á markaði erlendis. Einnig verður þar plastverksmiðja sem mun framleiða flöskurnar, tappa og aðrar umbúðir.

Kjartan segist ekki geta gefið upp heildarkostnað verkefnisins en segir fyrirtækið eiga í viðræðum um kostnað við smíði skipsins.

„Við erum búin að ráða mjög öflugt fyrirtæki í Bandaríkjunum sem mun sjá um markaðssetningu á okkar vöru," segir Kjartan.

Framleiðsla skipsins yrði að hans sögn seld undir merkjum Icelandic Water Line og annarra vatnsdreifingaraðila.

Skipið gæti að sögn Kjartans lækkað framleiðslu- og flutningskostnað verulega. Hann fullyrðir einnig að ekkert skip geti nýtt afgangsorku betur.

„Skipið mun nýta alla afgangsorku til framleiðslunnar í formi varmaorku frá aflvélum þess. Um borð verða fjölmargar framleiðslulínur sem taka mikla orku og þess vegna hefur skipið möguleika á að nýta þessa orku sem er ekki nýtt í öðrum skipum nema að litlu leyti," segir Kjartan.



**KJARTAN RAGNARSSON**



**ÓMAR MÁR JÓNSSON**

Hann gerir ráð fyrir að fyrirtækið verði skráð í Kauphöllina, Nasdaq OMX Iceland, þremur árum eftir sjósetningu. Kjartan kynnti verkefnið á lokuðum fundi fagfjárfesta og nýsköpunarfyrirtækja sem Kauphöllin hélt í Hörpu í maí.

„Fundurinn var mjög vel heppnaður. Þar kynntum við okkar áform sem við munum kynna íslensku þjóðinni á næstu mánuðum."

Um 587 milljóna króna hagnaður á síðasta ári en tekjur jukust um 4,1 prósent og rekstrargjöld stóðu í stað:

# Hagnaður Faxaflóahafna eykst

Faxaflóahafnir högnuðust um tæpar 587 milljónir króna á síðasta ári samanborið við 367 milljóna hagnað árið 2012.

Tekjur fyrirtækisins jukust um 4,1 prósent milli ára og námu 2,8 milljörðum króna, 247,1 milljón umfram áætlun. Rekstrargjöld voru 2,2 milljarðar, nánast óbreytt á milli ára, og um 40 milljónum undir áætlun, samkvæmt ársreikningi fyrirtækisins.

Þar segir að aukningu í tekjum megi rekja til vörugjalda, aukinna flutninga og skipa- og hafnarþjónustu og vegna stærri skipa sem komu til hafnar, einkum skemmtiferðaskipa.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, segir í ársskýrslu fyrirtækisins að stór verkefni séu fram undan sem komi til með að styrkja möguleika Faxaflóahafna og tækifæri í flutningum.

„Þær breytingar sem við sjáum að eiga munu sér stað allt umhverfis landið kalla á að við séum reiðubúin til þess að sinna hlutverki okkar þannig að sem best gagnist. Það er því sama hvert litið er, verkefnin og tækifærin eru fyrir hendi, en kúnstin er að stíga réttu skrefin á réttum tíma," segir Gísli. -hg



**GAMLA HÖFNIN** Faxaflóahafnir eru í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar og Borgarbyggðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# LG HM TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM




LG

## ÓTRÚLEG SKERPA OG GÆÐI

50" Full HD Plasma sjónvarp 1920x1080p upplausn. 600Hz Sub Field Drive. Triple XD Engine. Picture Wizard II. Superb Contrast. 2.000.000:1. Real Cinema 24p. Digital móttakari DVB-T2. Progressive Scan. 20w Nicam Stereó, Virtual Surround. USB tengi fyrir afspilun á DivX HD, JPEG, MP3, WMA. Scart, 2x HDMI, Component tengi, CI rauf, CVBS, Optical tengi o.fl.

**LG-50PN650T**

**129.990**

**FULLT VERÐ 149.990**

**600Hz MAX**
Með 600 riðum tryggir þetta LG sjónvarp þér skýra og góða mynd, jafnvel þegar verið er að horfa á hraðar myndir eins og fótbolta eða spila tölvuleiki.

**Triple XD Engine**
Öflugur Triple XD mynd-vinnslubúnaður nær fram ótrúlegum gæðum í litum og skerpu 3.000.000:1.

**Protective Glass**
Tækið er með gler framan á skjánum sem verndar tækið og dregur úr líkum á að tækið skemmist.

TRIPLE XD ENGINE · 600Hz Sub Field Driving · Protective Glass

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS




## Breyttir tímar í sölu á **hágæða** fæðubótarefnum - Lægra verð

# THE PROTEIN WORKS

The Protein Works er breið vörulína af hágæða fæðuaukum með náttúrulegum litar- og bragðefnum á afar hagstæðu verði.

Innihalda engin þykkingar- eða fyllingarefni og allt sem er í vörunni kemur fram í innihaldslýsingu.



**Lágkolvetnafæði**

Whey protein 97
500 g. **kr. 3.699.-**
1 kg. **kr. 6.999.-**



**Úthald + uppbygging**

Kreatin monohydrate
500 g. **kr. 1.999.-**



**Uppbygging**

Whey protein 80
7 bragðteg.
500 g. **kr. 2.999-**
1. kg. **kr. 4.999.-**
2 kg. **kr. 7.999.-**



**Úthald**

AMINO-NRG
10g amínósýrur
133 mg koffín og
aðeins 1,2 g kolvetni
250 g **kr. 2.699-**
500 g **kr. 4.999-**



**Uppbygging**

Brown rice protein
500 g
**kr. 2.499.-**



**Næring+uppbygging**

Hreint hnetusmjör
1 kg
**kr. 1.799.-**



**Fitkubrennsla**

CLA hylki
Frábær stuðningur
við fitubrennslu
120 hylki **kr. 3.999-**



**Fitkubrennsla**

Thermopro
90 töflur.
**kr. 3.999.-**



**Fitkubrennsla**

Raspberry Ketones
60 hylki
**kr. 1.799.-**

---



Nuddrúlla 45 cm
Verð kr. 4.995.-
**Sumartilboðsverð**
**kr. 3.996.-**



Boltar með
þyngingum 55-75 cm
**Sumartilboðsverð**
**frá kr. 4.796.-**



Æfingadýna
**Powerhouse Pro**
Verð kr. 9.995.-
**Sumartilboðsverð**
**kr. 7.996.-**



**EcoSmart**
yogadýna 3 mm
Verð kr. 3.995.-
**Sumartilboðsverð**
**kr. 2.996.-**



Nuddkefli
**Rejuvenation**
Verð kr. 5.995.-
**Sumartilboðsverð**
**kr. 3.995.-**



POLAR

Púlsmælar henta vel fyrir alla.

**Polar FT4 -** Verð kr. 15.995.-
**Sumartilboðsverð**
**kr. 13.995.-**

**Polar FT7 -** Verð kr. 18.995.-
**Sumartilboðsverð**
**kr. 16.995.-**



IRON GYM

IRONGYM dyraslá, ótrúlega margir æfingamöguleikar, einfalt og öruggt.
**Sumartilboðsverð kr. 7.995.-**



# ði í Hreysti

Hreysti hefur stutt við bakið á afreksfólki í íþróttum um árabil.

**Komdu og fáðu ráðleggingar hjá fagfólki**



**maxifuel**

**ViperActive**
Úthugsaður orkudrykkur sem hleður orku, steinefnum og amínósýrum hratt og vel inn í vöðvana. Kemur í veg fyrir ofþornun, slappleika, vöðvakrampa og niðurbrot á vöðvum. Endurhleður hraðar og betur en aðrir drykkir á markaðnum. Viperactive er hinn fullkomni orkudrykkur til að nota á æfingu, sama hvort þú ert að hjóla, hlaupa eða ganga. Viperactive hjálpar við að koma í veg fyrir vökvatap og viðheldur orku meðan á æfingu stendur.

**Verð kr. 4.995.-**



**maxifuel**

**Viper boost**
er hátæknibIanda af hráefnum sem vinna með líkamanum til þess að hámarka orku og einbeitingu á æfingu. Blandan hámarkar ekki aðeins orku og einbeitingu en kemur einnig í veg fyrir ofþornun/krampa með steinefnum og söltum.
Viper boost er frábær orkudrykkur fyrir íþróttafólk sem vill fá alvöru orku en jafnframt svolitla örvun til þess að keyra einbeitinguna í gang.

**Verð kr. 5.995.-**



**maxifuel**

**Recovermax**
er einn virkasti endurhleðsludrykkurinn á markaðinum í dag. Þessi einstaka blanda af kolvetnum og próteinum hjálpar líkamanum að endurhlaða orkubirðir sínar. Notkun Recovermax með reglubundunum æfingum getur gefið þér bættan árangur, m.a. aukinn vöðvastyrk, aukið úthald og minnkað vöðvaþreytu.

**Verð kr. 5.995.-**



**MAXIMUSCLE**

**Promax Lean**
Fyrsti næringardrykkurinn sem inniheldur brennsluefni til að styðja fitulosun og þyngdarstjórnun.
Promax lean er einstök blanda, hönnuð fyrir fólk sem vill hágæða fæðuaukablöndu sem styður þyngdarstjórnun og þyngdartap.
Einn skammtur af Promax lean inniheldur 228 hitaeiningar

Verð kr. 9.995.-
**Sumartilboðsverð kr. 8.995.-**



**MAXIMUSCLE**

**Cyclone**
Einstök samsetning af mysupróteini og nauðsynlegum næringarefnum sem styðja vöðvavöxt, auka styrk og úthald auk mikilvægrar endurhleðslu.

Verð kr. 9.995.-
**Sumartilboðsverð kr. 8.995.-**



**MAXIMUSCLE**

**Promax**
Háhreinsuð blanda mysupróteina sem tryggir hámarks amínósýruflæði og endurhleðslu. Sérstaklega gott í meltingu!

Verð kr. 7.995.-
**Sumartilboðsverð kr. 6.995.-**

YORK 20 kg handlóðasett
Verð áður kr. 14.995.-
**Sumartilboðsverð kr. 13.995.-**



UNDER ARMOUR

**Sumarútsala**
**af öllum UNDER ARMOUR fatnaði**
**25-30% afsláttur**

Authentic HARD ★ TAIL Original
FOREVER



**Loksins á Íslandi**
Æfingafatnaður í sérflokki

**SLENDERTONE™**



Stinnari og sterkari á aðeins 4 vikum. Notaðu Slendertone í 20-40 mínútur, allt að 5 sinnum í viku til að ná hámarks árangri.

Belti - Verð kr. 33.995.-
**Sumartilboðsverð kr. 29.995.-**

**TRX®**
**Suspension Training®**



Eitt öflugasta æfingakerfi sem völ er á og hefur farið sigurför um heiminn.
Verð kr. 39.995.-
**Sumartilboðsverð kr. 29.996.-**

allt fyrir kroppinn
# HREYSTI
**Skeifunni 19 - S. 568 1717**
NETVERSLUN: WWW.HREYSTI.IS
OPIÐ MÁN - FÖST.10:00 - 18:00 - LAUGARD. 11:00 - 16:00
Sendum um land allt.




**EDDA Í ÚTRÁS** Jón Axel Ólafsson ásamt Tinnu Proppé útgáfustjóra og Marissu Madill frá Smiths Publishing á stórri bókasýningu í Bandaríkjunum í maí.
MYND/ÚR EINKASAFNI

> Það er þumalputtaregla að það er tap af átta af hverjum tíu útgefnum bókum. Þetta er í raun og veru bara tóm della að standa í þessu.

# Í samningaviðræðum við Turner, Dreamworks og Warner Brothers

***Edda USA systurfélag Eddu útgáfu gerði í fyrra samning við Disney um útgáfu bóka í Norður-Ameríku. Tíu bækur verða gefnar út á ári ásamt því sem skyldur varningur er í þróun. Samstarfið hefur undið upp á sig og hafa þrjú önnur kvikmyndaframleiðslufyrirtæki sett sig í samband við Eddu til að gera sambærilega samninga.***

**VIÐTAL**
**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is



Systurfyrirtæki Eddu útgáfu, Edda eignarhaldsfélag ehf. (Edda USA), undirritaði í nóvember samning við Disney í Bandaríkjunum sem kveður á um leyfi til framleiðslu, dreifingar og útgáfu á Disney-bókum í Kanada og Bandaríkjunum. Þá eru fleiri stór verkefni í pípunum sem Jón Axel Ólafsson eigandi Eddu útgáfu og framkvæmdastjóri Eddu USA segir að verið sé að skoða alvarlega.

„Fyrir fimm árum þegar ég tók yfir rekstur Eddu útgáfu þá fórum við strax að skoða hvaða tækifæri væru til staðar. Að mínu mati snerist það fyrst og fremst um vörumerkið Disney þar sem Edda útgáfa hefur náttúrulega verið í samstarfi við Disney í yfir 30 ár. Ég vildi þannig vinna með það vörumerki og leita tækifæra bæði innanlands og erlendis á stærri mörkuðum,“ segir Jón Axel um upphafið á þessu ævintýri.




**GO GREEN!** Fyrsta bók Eddu fyrir Disney heitir Go green og er nokkurs konar kennslubók í grænum fræðum.

## Ekki margir sem fá útgáfuleyfi fyrir Disney

Hann segir þau hjá Eddu útgáfu hafa strax farið að rækta tengslin við Disney. „Árið 2010 framleiddum við Disneybók frá grunni sem var matreiðslubók. Vinsældir hennar vöktu athygli erlendis og komu okkur á kortið sem alvöru framleiðanda.“ Jón segir ferlið í kringum útgáfusamninginn í Norður-Ameríku hafa verið langt, heil þrjú ár, og verið ákaflega umfangsmikið og flókið.

„Það eru ekki margir sem fá útgáfuleyfi fyrir Disney en það gefur okkur leyfi til að gefa út bækur í prentuðu og rafrænu formi í Norður-Ameríku. En síðan eru þarna líka tækifæri til að vinna með Disney á öðrum sviðum efnis og í þróun smáforrita fyrir síma og spjaldtölvur og opnar einnig á framleiðslu smávöru sem tengist þeim verkefnum sem við erum að vinna í hverju sinni. Á sama tíma og við framleiðum vöruna fyrir þennan markað opnar það á Evrópumarkað fyrir sömu vörur. Um það snýst þessi samningur.“

Fyrsta verkefnið sem Edda hefur unnið undir merkjum Disney er komið út þar vestra og sem stendur eru tíu titlar til viðbótar í farvatninu sem útgáfan ætlar að koma út í ár og á því næsta. Fyrsta bókin heitir Go Green! og fjallar um grænan lífsstíl og Jón segir að með henni hafi verið brotið blað í sögu Disney sem hefur ekkert snert á þessum málaflokki áður.

„Við notuðum fyrstu bókina til að komast yfir allar þær hindranir sem þarf að takast á við til að komast inn á þennan markað. Til dæmis að finna dreifingaraðila, markaðsfyrirtæki, samskiptamiðlafyrirtæki og annað sem til þarf. Dreifingaraðilinn þarf að geta séð um svona mikla dreifingu en vörur okkar er að finna í öllum helstu verslunum í Bandaríkjunum, bæði bókaverslunum og sérvöruverslunum, en einnig á netinu á til að mynda japönskum, indverskum, finnskum og þýskum markaði.“ Hann segir Go Green! hafa fengið frábærar viðtökur, fína dóma og mikla umræðu á internetinu. Jón segir það þó vandmeðfarið að vera leyfishafi hjá Disney sem útheimti bæði tíma og mikla peninga. „Disney reynir að hrista þá af sér sem reyna að olnboga sig þarna í gegn án þess að standa undir því.“



## Íslenskt hungur

Edda USA er eini útgefandinn í Bandaríkjunum sem sinnir þessari nokkurs konar lífsstílsútgáfu. „Innan hennar eru matreiðslubækur, fræðslubækur, fjölskyldubækur og bækur um hreyfingu og almennan lífsstíl,“ segir Jón.

En hvernig kom það til að Disney ákvað að velja lítið fyrirtæki frá Íslandi til að sjá um þessa útgáfu fyrir sig? „Við vorum einfaldlega með vöru sem var vel unnin og náði í gegn. Þá var líka litið til þess að við áttum okkur langa sögu með Disney og að endingu höfðum við bara það mikinn áhuga á að gera þetta og lögðum okkur fram við að ná þessum samningum. Öll okkar vinna í kringum og við undirbúning hans lagði grunninn að því að hann náði í gegn. Kannski var það bara þrjóska, þolinmæði og íslenskt hungur sem gerði þetta að verkum,“ segir Jón á léttu nótunum.

## Á sömu kennitölu

Edda eignarhaldsfélag er full fjármagnað að minnsta kosti fyrir næstu tvö til þrjú árin en þegar Jón Axel og fleiri keyptu Eddu útgáfu árið 2009 var félagið mjög illa statt. Rekstrarárið 2008 tapaði fyrirtækið 144 milljónum króna, skuldir námu 401 milljón og eigið fé var neikvætt um 300 milljónir. Ári síðar höfðu skuldirnar lækkað um 200 milljónir og eigið fé var orðið neikvætt um 99 milljónir. Einhverjar skuldir höfðu verið afskrifaðar og þá fyrst og fremst af erlendum aðilum að sögn Jóns.

„Fyrsta verkefnið þegar við komum inn var að taka til. Síðan þá höfum við verið að strúktúra reksturinn upp á nýtt til að ná tökum á honum. Það er ekki auðvelt að reka fyrirtæki á Íslandi, óhagræðið er gríðarlega mikið sem kemur fram í háu vöruverði. Þá eru möguleikar

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## FÆREYSKUR KÓR Í HÖRPU

**Kór Christianskirkju, stærstu kirkju Færeyja, heldur tónleika í Norðurljósasal Hörpu annað kvöld klukkan 19. Á dagskrá eru færeyskir sálmar og sönglög auk tónlistar úr öðrum áttum.**














# ALLTAF MEÐ TIGER BALSAM Í BAKPOKANUM

**BALSAM KYNNIR** *Helga María Heiðarsdóttir er ein reyndasta fjallaleiðsögukona landsins. Hún hefur klifið marga af helstu tindum Íslands og meðal annars leiðbeint National Geographic.*

Helga María Heiðarsdóttir hefur farið víða um íslenskt hálendi og er mikil útiverumanneskja. Hún hefur klifið fjöll og jökla um allt Ísland og er einn reyndasti fjallaleiðsögumaður landsins. „Ég hef verið mest að leiðsegja með Fjallaleiðsögumönnum og 66° Norður hérlendis og annars staðar á Norðurlöndum. Mér þykja Sólheima- og Vatnajökull fallegustu náttúruperlur sem við Íslendingar eigum og þótt víðar væri leitað. Ég leiðbeindi hópi frá National Geographic þegar þeir voru hér á landi að fjalla um íslenska náttúru og ég held hreinlega að þeir hafi verið sammála mér,“ segir Helga og hlær.



**MÆLIR MEÐ** Helga María Heiðarsdóttir, jöklajarðfræðingur og fjallaleiðsögukona, mælir eindregið með Tiger Balsam.

**NOTAR ALLTAF TIGER BALSAM**

Helga hefur mjög gaman af útiveru og stundar einnig hlaup, skíði og hjólreiðar. „Þegar ég kem heim er ég oft þreytt í líkamanum og fæ miklar harðsperrur, vöðvabólgur og liðverki. Sérstaklega ef kalt er í veðri. Ég fæ líka stundum í bakið og hálsinn þegar ég hef verið á fjalli. Þá finnst mér ekkert betra en bera á mig Tiger Balsam-hitasmyrsl, leggjast upp í sófa og slaka á. Verkirnir hreinlega gufa upp og daginn eftir er ég eins og ný manneskja.

Ég er líka alltaf með Tiger Balsam í bakpokanum ef mér verður illt í miðri ferð. Ég hreinlega gæti ekki verið án þess.“

## TIGER BALSAM VIRKAR Á VERKI

Tiger Balsam er hundrað prósent náttúrulegt hitasmyrsl sem á rætur að rekja til Kína til forna og er í dag vel þekkt um allan heim fyrir ótrúlegan lækningamátt. Tiger Balsam er unnið úr náttúrulegri jurtablöndu sem aldagömul reynsla hefur sýnt að er traust og árangursrík.




**100 ÁRA SAGA Í 100 LÖNDUM**

- Frábært fyrir alla sem upplifa líkamlega verki.
- Linar verki nánast samstundis.
- Mjög áhrifaríkt í vetrarkuldanum.
- Öflug lausn fyrir íþróttafólk sem og aðra sem lifa athafnasömu lífi.
- Eykur blóðrás og því virkilega gott til að mýkja upp vöðva fyrir æfingar.
- Vinnur gríðarlega vel á harðsperrum.

Tiger Balsam er 100% náttúrulegt og inniheldur engin kemísk efni. Veldur engu áreiti á húð eða höndum og er auðvelt að bera á og þvo af sér.

**UPPLÝSINGAR**

Frekari upplýsingar að finna á Facebook-síðu Tiger Balsam, www.facebook.com/TigerBalsamIceland. Tiger Balsam er meðal annars fáanlegt í öllum helstu apótekum, heilsuhillum Hagkaups, Fjarðarkaupum og Heimkaupum.




TUPPERWARE LAGERSALA
verður í Háholti 23, Mosfellsbæ
alla virka daga til 31. júlí 2014
Gæða vörur – Mikið úrval
40-60% afsláttur
Opið
mánudaga - fimmtudaga kl. 13:00-18:00
og föstudaga kl. 13:00-17:00.
Tupperware for everyone 2014
Mirella ehf – Tupperware umboðið
Sími: 586 8050
Netfang: mirella@simnet.is







Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is
INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU



**STÓÐHRYSSA** Falleg hryssa og folald úr ræktun Úrvalshesta með ægifagra Heklu í baksýn.

# SÝNING OG OPIÐ HÚS Í HOLTSMÚLA

**ÚRVALSHESTAR** *Hjónin Svanhildur Hall og Magnús Lárusson hjá Úrvalshestum bjóða öllum áhugasömum að heimsækja sig á hrossaræktarbúið Holtsmúla í Landsveit á sunnudag, mánudag og þriðjudag.*

Hér er mikil stemning og veðrið hefur alveg sloppið til í morgun þótt nú sé farið að hvessa," segir Svanhildur Hall þegar blaðamaður hefur uppi á henni í vari við veitingatjald á Landsmóti hestamanna. Svanhildur, líkt og aðrir einarðir hestamenn, er stödd á Hellu að fylgjast með því besta sem íslensk hestamennska hefur upp á að bjóða. Af því tilefni ætla Svanhildur og eiginmaður hennar, Magnús Lárusson, að halda opið hús á bæ sínum Holtsmúla á sunnudag, mánudag og þriðjudag frá klukkan 17 til 20.

„Dagskráin er eins alla dagana. Við byrjum á sýnikennslu á því hvernig við fortemjum og metum gæði í ótömdum hrossum. Við sýnum hvernig við metum gæði þeirra varðandi byggingu, hreyfingu og geðslag," lýsir Svanhildur en í kjölfarið verða öll unghross Úrvalshesta til sýnis, en svo kallast fyrirtæki þeirra hjóna. „Fólk getur gengið um og skoðað hrossin og ef þeim líst á eitthvað getum við tekið þau fram og sýnt þau betur," segir Svanhildur en yfir fjörutíu hryssur og stóðhestsefni á aldrinum 0 til 4 vetra verða til sýnis auk nokkurra taminna hrossa.

„Sýningin og opna húsið eru ókeypis og allir eru velkomnir," segir Svanhildur en þau hjónin munu bjóða gestum upp á heimabakaðar rammíslenskar kleinur og flatkökur.

### LÆRÐU HESTAFRÆÐI Í BANDARÍKJUNUM

Þau Svanhildur og Magnús eru bæði þrautlærð í flestu sem tengist hestum. Þau eru bæði með mastersgráðu í hestafræðum frá Bandaríkjunum og eru auk þess reynslumikil þegar kemur að tamningu, ræktun, þjálfun og kennslu, en allt þetta bjóða þau upp á undir merkjum Úrvalshesta.

Þau keyptu hina fornfrægu jörð Holtsmúla I fyrir sex árum og líkar vel vistin þar. „Við erum í aðeins fimmtán mínútna fjarlægð frá Hellu. Hér er gott land og frábær aðstaða," segir Svanhildur en nýverið var tekin í notkun ný 750 fm reiðhöll á bænum. „Það er alger bylting fyrir okkur að fá þessa höll og nýtist hún okkur bæði í kennslu og þjálfun hrossa." Svanhildur og Magnús kenna reiðmennsku og hrossarækt hér heima en leggja einnig reglulega land undir fót og kenna reiðmennsku víða í Evrópu en ekki síður í Bandaríkjunum.



**HOLTSMÚLAFJÖLSKYLDAN** Svanhildur og Magnús ásamt dætrum munu taka vel á móti gestum.

### FÁ FJÖRUTÍU FOLÖLD Á ÁRI

Hrossaræktin skipar stóran sess í starfsemi Úrvalshesta. „Við fáum um fjörutíu folöld á hverju ári og erum því með stærri búum á landinu þar sem ræktuð eru líffolöld," segir Svanhildur en þau Magnús leggja mikið upp úr að velja bestu stóðhestana fyrir hverja og eina hryssu. „Síðan þarf að temja öll þessi hross sem er heldur betur mikil vinna," segir hún glaðlega en tekur þó fram að þau selji einnig mikið af folöldum, trippum og upp í fulltamin hross. „Við seljum mest okkar eigin hross núorðið, enda eigum við svo mörg."

Flest hrossin eru seld til útlanda eins og staðan er í dag og segir Svanhildur miklu skipta að vera með öfluga heimasíðu á borð við www.urvalshestar.is. Þar er einnig hægt að nálgast ítarlegri upplýsingar um starfsemi Úrvalshesta auk sölulista fyrir þá sem stefna á opið hús í Holtsmúla.

# ÓDÝRARA GRIKKLAND

*Þeir sem hafa hugsað sér að halda út fyrir landsteinana en hafa ekki gert upp hug sinn um hvert halda skal ættu að íhuga ferð til Grikklands.*

Grikkland er í fyrsta sæti á topp tíu lista Lonely Planet yfir þá staði í Evrópu sem fólk ætti helst að ferðast til þessa stundina. Helsta ástæða þess er fjármálakreppan sem Grikkir hafa þurft að fást við undanfarin ár. Í kjölfar kreppunnar fækkaði ferðamönnum sem koma til landsins og því hefur fólk í ferðaþjónustuiðnaðinum þurft að lækka hjá sér verð til að fjölga þeim aftur. Þar sem ferðamennirnir eru færri en oft áður eru þekktir túristastaðir ekki jafn fjölsóttir og strendur landsins fámennari. Auk þess ættu vínáhugamenn að fá eitthvað fyrir sinn snúð þar sem eyjarnar í Eyjahafinu undan ströndum Grikklands voru valdar sem einn besti áfangastaðurinn fyrir vínferðir.



**TÖFRANDI STRENDUR** Strendur Grikklands eru fámennari nú þar sem ferðamönnum hefur fækkað eftir kreppuna. MYND/GETTY

## BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



Renault Megane Sport Tourer 11/2006 ek. aðeins 60þús. sjálfsk. Ásett verð 1.190.000.-



Fleetwood Cheyenne Fellihýsi 7/2004 Mjög gott ,Fortjald Markísa,Gasmiðstöð,ískápur,Eldavél, Sólarsella, 220v. Ásett verð 1.290.000.-



VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.



Suzuki Grand Vitara Lux 12/2010 ek. 34þús. Leður, Lúga og m/ fl. Ásett verð 3.890.000.- ath. skipti ódýrari



Honda Jazz 6/2007 ek. 60þús. Lítið ekinn sparneytinn bíll Ásett verð 1.490.000.-

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**Bílalíf**



**TILBOÐ 1.690.000.-**
M.BENZ A 150.Árg.2005,ek.aðeins 34.þ km,bensín, sjálfskiptur,er á staðnum.Rnr.104417.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og lau 12-16**
**www.bilalif.is**

**MB bílar**



Citroën Berlingo 1,4i sendibíll skráður 10/2004 Bensín, beinskiptur. Ekinn 142 þkm. Verð kr. 650.000



Toyota Avensis Sol S/D 1,8i skráður 03/2006 Bensín, sjálfskiptur. Ekinn 122 þkm. Verð kr. 1.450.000



VW Tiguan Sport & Style 2.0 TDI skráður 02/2008 Dísil, sjálfskiptur. Ekinn 96 þkm. Verð kr. 3.590.000

BÍLGREINASAMBANDIÐ

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið virka daga 10-18, laugard. 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



TOYOTA Auris. Árgerð 2007, ekinn 112 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.160739.



AUDI A4 sedan 130 hö.. Árgerð 2005, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.141097.



MERCEDES BENZ Cls 350 bluetec 4matic. Árgerð 2013, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 13.890.000. Rnr.990836.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2012, ekinn 46 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.890.000. Rnr.141122.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**J.R.BÍLASALAN**

**Vegna mikillar sölu óskum við eftir bílum á skrá og í stæði.**



FORD Transit 4x4. Árgerð 2012, ekinn 270 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.980.000 + VSK aðeins ekin milli Akureyrat og reykjavíkur Loftpúðar að aftan, ný túrbína, topp viðhald, 4X4 Rnr.156290.



M.BENZ O1117l. Árgerð 1987, ekinn 613 Þ.KM, dísel, 6 gírar 26 manna. Verð 1.300.000. Rnr.156353.



M.BENZ Atego 1223, með kæli. Árgerð 2005, ekinn 189 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.900.000. + VSK, mjög góður kassi Rnr.156320.



FORD Transit. Árgerð 2005, ekinn 129 Þ.KM, dísel, 6 gírar. 14 manna Verð 3.400.000. Rnr.156361.

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**Okkur vantar bíla á skrá og í stæði**
**www.jrbilar.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Nissan Patrol GR Árg. 2008, ek. 116þ. km. Sjálfsk. Flottur dísel jeppi sem er á staðnum! Verð 4.190.000kr. Skipti skoðuð. Raðnr 155992. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

BILO.IS
HÖFÐAHÖLLIN



M.BENZ C 200 AVANTGARDE 03/2007, ekinn 79 Þ.km, sjálfskiptur, lúga. Verð 4.290.000. Raðnr.252203 á www.BILO.is - Er á staðnum!



BMW 760i V12. Árgerð 2003, ekinn 198 Þ.km, sjálfskiptur, leður, lúga ofl. ofl. Verð 4.590.000. Raðnr.283213 á www.BILO.is - Kagginn er á staðnum!



LAND ROVER RANGE ROVER HSE Árgerð 2005, ekinn 179 Þ.km, sjálfskiptur, leður, lúga 20" ofl. Verð 3.990.000. Raðnr.283633 á www.BILO.is - Jeppinn er á staðnum!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**




**NETBÍLAR**
**www.netbilar.is**



Nýr NISSAN Leaf sv. Árgerð 2014, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.201058. Bíllinn er á staðnum Netbílar Hlíðasmára 2

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

**ÍSBAND.IS**
BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝTT HYMER HJÓLHÝSI**
ÚTSALA, Hymer Nova 540, Stórglæsilegt hús af flottustu gerð, lengd 7.69m, breidd 2.4m, ATH aðeins 1 stk í boði á þessu frábæra verði, Verð aðeins 4.490.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

**100bilar.is**



LAND ROVER Range Rover Vouge V8 Diesel. Árg 1/2007, ek 95 Þ.KM, dísel 273hö, sjálfsk, Einn með öllum aukahlutum og lítur mjög vel út, Ásett verð 7.990.000. Rnr.118883. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**TILBOÐ**
Chevrolet Captiva luxury nýskr 12.2011 ek 42 þús Diesel, ssk, leður, lúga, krókur, 19" felgur ofl. Ásett verð 5.590 þús. Tilboðsverð 4.900 þús. Uppl. í s. 856 2714.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/ díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



Til sölu Honda HR-V, 4X4, árg. ,04, ek. 112 þ. Eyðsla 8 l. /100 km. Sumar- og vetrardekk. Uppl. í s. 616 2597.



Renault Master 2004 keyrður 103 þús. km. Bílnum hefur verið breytt í húsbíl með svefnaðstöðu og Webasto kyndingu. Bíllinn er með lyftu. Einnig möguleiki á að selja lyftuna sér. Frekari upplýsingar í síma 568 1981 eða 897 5360.

## til sölu

**VERSLUNARTÆKNI**

**Auglýsingaskilti**



DSE
Vindskilti með vatnsfylltum botn. St 50x70 cm.

Auglýsingaskilti.
St. 50 x 70 cm

Vindskilti st. 50 x 70 cm og 70 x 100 cm

DSE
Auglýsingaskilti.
St. 50 x 70 cm

**Flugnabanar**



Pritec krómaður flugnabani.
Nokkrar stærðir.

**Ruslatunnur**



Sorptunna Tospy 2000. Til í mörgum litum.

Glasdon



Sópbr. 77 cm
Þyngd 12 kg
Safnhólf 50 l

**Haga Turbo 770**
**3ja bursta - sópbreidd 77 cm**

**Stubbahús**
Margar stærðir og gerðir



Stubbahús á vegg

Stjálfstæð standandi stubbahús

**VERSLUNARTÆKNI**
Draghálsi 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Sjáðu heimasíðuna www.verslun.is

TAKTIK_apr12_3798

**Pöntunarsími: 535 1300**



# BÍLL DAGSINS

## Honda Accord Lifestyle

Nýskráður 8/2013, ekinn 1 þús.km., bensín, 6 gírar.

**Tilboð dagsins kr. 3.990.000**



TOYOTA

**Yaris Terra**

Nýskráður 6/2000, ekinn 179 þús.km., bensín, 5 gírar.

**Verð kr. 390.000**



HYUNDAI

**Tucson**

Nýskráður 6/2008, ekinn 95 þús.km., bensín, 5 gírar.

**Verð kr. 1.690.000**



HONDA

**ACURA MDX Sport**

Nýskráður 7/2007, ekinn 89 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 4.990.000**



HONDA

**CR-V Elegance**

Nýskráður 9/2008, ekinn 82 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 3.190.000**



HONDA

**Civic Comfort**

Nýskráður 3/2013, ekinn 15 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 3.190.000**



HONDA

**Accord Tourer**

Nýskráður 8/2005, ekinn 150 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 1.390.000**



FIAT

**Panda 4x4**

Nýskráður 8/2007, ekinn 35 þús.km., bensín, 5 gírar.

**Verð kr. 1.190.000**



BMW

**320i M-tech**

Nýskráður 9/2008, ekinn 65 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 3.690.000**

**Vegna mikillar sölu að undanförnu vantar okkur bíla á skrá!**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00

Lokað á laugardögum
í sumar.

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hópferðabílar



MB Sprinter 519, 19+1 farþega, 2007 árgerð, Nýmálaður. Uppl. í s. 892 3111.

## Húsbílar



Til sölu 2007 árg. af FIAT húsbíll með BÜRSTNER húsi. Verð 8.9 mkr. Nánar á: www.almar.is/husbill

## Kerrur



Góð kerra til sölu, breidd 153 cm. Lengd 302 cm. Ber 1300 kg. Verð kr. 250.000.00. Uppl. í s. 892 7333.

## Fellihýsi




## Vinnuvélar




## Bátar



Til sölu Zobiac bátur með nýjum 15hs suzuki utanborðsmótor ásamt kerru. Verð 750 þús. Uppl. í s. 864 6556.




## Bílaþjónusta



B.S.VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Varahlutir

**ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.**
Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla óskar eftir bílskúr til leigu. s: 896 8568.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.




# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Teppahreinsun, gluggahreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun, bónun o.s.fr. Uppl. Tómas, s. 699 6762 og www.gluggahreinsir.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta
Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

GARÐLIST 554 1989




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

Sælugarðar.is
→ Garðsláttur
→ Beðahreinsun
→ Þökulagnir
→ Hellulagnir
→ Sólpallasmíði
→ Öll garðvinna
Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.

**TRJÁFELLINGAR**
Klippi, felli snyrti tré og runna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

Útsala stórar plöntur allar gerðir veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund s.8641202

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Alhliða málningarþjónusta. Frí verkskoðun og tilboð. s.8919890 malarar@simnet.is

**ÞAK OG HÚSAMÁLUN**
Alhliða málningarþjónsuta. Fagmennska og góð umgengni. Uppl. í s. 695 4464 Ágúst málari.

til vaxtar litlir. Íslensk bókaútgáfa er þannig gríðarlega mikið happdrætti þar sem útgáfan tekur alla áhættuna, það er mjög óhagstætt að prenta í litlu upplagi,“ segir Jón. Hann segir útgáfur í raun og veru ekki hagnast á útgáfunni fyrr en eftir 3.000 seld eintök en oftast seljist í kringum 1.000 til 2.000 eintök af bókum hérlendis. „Það er þumalputtaregla að það er tap af átta af hverjum tíu útgefnum bókum og þannig bara hagnaður af tveimur. Þetta er í raun og veru bara tóm della að standa í þessu.“ Jón segir íslenskar bókaútgáfur í flestum tilfellum þannig reknar af hugsjón en ekki arðsemi. „Sérstaða Eddu útgáfu liggur fyrst og fremst í rekstri áskriftaeininga sem gefa jafnt tekjuflæði og framleiðslu Disney-bóka.“

Jón Axel segir Eddu nú vera fjárhagslega á svipuðu róli og árið 2012, þar sem eigið fé var neikvætt um 10 milljónir og fyrirtækið skuldaði 133 milljónir króna. Eignir félagsins námu þá 123 milljónum króna. „Það er búin að vera mikil fjárfesting í því að hafa varið síðastliðnum þremur árum í að ná þessum samningi við Disney. Það hefur kostað mikla peninga sem eru kannski ekki farnir að skila sér enn þá en félagið er miklu betur hæft til rekstrar í dag en þegar við keyptum árið 2009. Reksturinn hefur verið endurskipulagður og þótt það sé auðvitað stöðugt nudd að takast á við það að koma félaginu í jákvæða eiginfjárstöðu þá gerum við ráð fyrir að það muni takast á þessu eða næsta ári.“

Jón segir þá hafa ákveðið að fara þá leið að skipta ekki um kennitölu í hruninu heldur takast á við það að rífa það upp. „Við réðum nýjan framkvæmdastjóra, sterkan rekstrarmann sem hefur verið að vinna í því að skapa félaginu framtíðarrekstrargrundvöll. Minni kaupgeta í samfélaginu eftir hrun gerir þetta auðvitað erfiðara. Okkar verðmætasta eign er áskriftarhópurinn sem hefur verið að styrkjast síðastliðna mánuði eftir mjög erfið ár á undan. Við sjáum bara fram á bjartari tíma með auknum hagvexti í samfélagi sem hefur meira á milli handanna.“

### Disney opnar glugga

Sögunni af ævintýrinu um starfsemi Eddu USA er ekki lokið því í burðarliðnum eru samningaviðræður við fleiri bandarísk fyrirtæki. „Dreamworks, Warner Brothers og Turner Broadcasting hafa öll sett sig í samband við okkur og boðið okkur að gera við þá samninga sambærilega þeim sem við gerðum við Disney. Við erum núna að skoða hvort við viljum og ráðum við meira í bili.“ Sala á barnabókum í Bandaríkjunum er í vexti og hefur aukist um sjö prósent á einu ári og Jón segir að fram undan séu mjög spennandi tímar.

„Það rennir stoðum undir það að bækur eru ekki að gefa eftir og samstarf með þessum fyrirtækjum ásamt Disney gefur okkur náttúrulega margvísleg tækifæri til að framleiða vörur sem hafa möguleika á að seljast vel. Nærtækustu dæmin eru Shrek-myndir Dreamworks en þríleikurinn er meðal söluhæstu teiknimynda allra tíma. Warner Brothers er síðan með Batman og Superman og Disney með bæði Marvel og Star Wars þannig að það gefur augaleið að það eru gríðarleg tækifæri þarna sem standa okkur til boða. Það er hins vegar mikilvægt að stíga varlega til jarðar þar sem öll svona starfsemi kostar mikla peninga. En það er ljóst að gluggar eru að opnast í framhaldi af þessum samningi við




## Aldrei minna en tíu Disney-bókatitlar í vinnslu á ári hverju hjá Eddu USA

Áætlanir Eddu gera ráð fyrir að árlega séu aldrei minna en tíu Disney-bækur í vinnslu á næstu þremur árum. Edda útgáfa á Íslandi hins vegar gefur út með áskriftarmiðlum, það er að segja Syrpum og Andrésblöðum, yfir 100 titla á ári og þar af um 40 til 50 sem eru bækur. „Geta okkar til framleiðslu á bókum fyrir Disney er þannig augljóslega mun meira en tíu bækur á ári,“ segir Jón Axel. Hann segir þau hins vegar vilja fara sér hægt þar sem bandaríski barnabókamarkaðurinn er mjög kappsfullur.

„Það þarf að passa upp á að hver bók fari rétta söluleið. Við getum til dæmis framleitt ódýra vöru sem fer inn í dollarabúðirnar [lágverðssmásöluverslanir], eða þú getur farið í Barnes & Noble [bókabúðir] og verið með dýrari útgáfu. Að sama skapi getur þú farið í Sams Club eða Costco [magnvöruverslanir] og selt í stórum pökkum. Þetta er mun stærri og breiðari markaður en á Íslandi.“

Jón Axel segir Frozen-vörur nú vera að seljast gríðarlega vel. „Síðustu mánuði hafa þrjár Frozen-bækur verið á topp tíu listum hjá Amazon-sölusíðunni sem er dæmi um magnvöru og við erum að framleiða eina Frozen-bók til að mæta þessari eftirspurn.“

# Vefur Hollywood-stjörnur í bómull

***Marín Magnúsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Practical, stofnaði fyrirtækið eftir að hafa búið í fjögur ár í Brisbane í Ástralíu. Hún er fædd og uppalin á Hólmavík og sá miklar breytingar á rekstri fyrirtækisins eftir hrun.***

**SVIPMYND**

**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Margir halda að það sé mest að gera hjá okkur yfir hásumarið en þetta er rólegasti tími ársins því fyrirtæki eru stór hluti af okkar viðskiptavinum og þau eru þá flest öll í sumarfríi,“ segir Marín Magnúsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri viðburða- og ferðaþjónustufyrirtækisins Practical.

„Við fáum einnig mikið af erlendum og efnasterkum einstaklingum sem vilja vera í bómull og fá þjónustu allan sólarhringinn. Það hafa komið í gegnum okkur frægar stjörnur og þekkt fólk sem enginn veit af og við leggjum okkur mikið fram við að það fari ekki í blöðin.“

Marín er fædd og uppalin á Hólmavík. Hún flutti í bæinn sextán ára gömul til að fara í framhaldsskóla og fór þá meðal annars í skiptinám til Ástralíu. Nokkrum árum síðar flutti hún til Ástralíu og þá til Brisbane þar sem hún bjó í fjögur ár.

„Ég er Ástralíusjúk og er með miklar tengingar þangað og fjölskyldan sem ég var hjá í skiptináminu er einmitt að koma til mín í heimsókn næstu jól,“ segir Marín.

Hún lauk námi í viðskiptafræði við Queensland University of Technology með áherslu á markaðs- og almannatengsl árið 2004. Sama ár flutti hún aftur heim og stofnaði Practical.

„Þetta er hark og maður er búinn að lifa tímana tvenna. Frá 2004 til 2007 var allt að gerast og flugeldasýningar alla daga en svo hrundi þessi heimur á einni nóttu eins og margt annað. Þetta hefur verið að rétta aftur úr kútnum á síðustu tveimur árum.“

> Þetta er hark og maður er búinn að lifa tímana tvenna. Frá 2004 til 2007 var allt að gerast og flugeldasýningar alla daga en svo hrundi þessi heimur á einni nóttu eins og margt annað.

„Í byrjun vorum við bara að róa og ná okkur í viðskipti. Svo vorum við komin um borð í skemmtiferðaskútu þar sem allt var að gerast og nánast ekki að því spurt hvað hlutirnir kostuðu. Eftir hrun vorum við komin á orrustuskip þar sem við þurftum að berjast fyrir hverjum kúnna.“

Marín nefnir fjölskylduna, hlaup og skíði þegar hún er spurð um áhugamál.

„Reyndar slasaði ég mig illa á skíðum í febrúar þegar ég braut fjögur rifbein í baki á skíðasvæði í Austurríki. Ég var á spítala þar í viku og kom svo heim með sjúkraflugi og í hjólastól. Ég er orðin nokkuð góð núna finnst mér,“ segir Marín.

Hún ætlar að eyða sumarfríinu með fjölskyldunni í ferð um landið.

„Ég er nýkomin frá Bandaríkjunum þar sem ég var á flakki um New York og Washington og svo um Vancouver í Kanada. Núna hlakka ég til að ferðast um landið og vera hérna á Íslandi yfir hásumarið. Svo taka við spennandi tímar í haust þar sem veturinn hjá okkur í fyrirtækinu lofar góðu.“



**ÁSTRALÍUSJÚK** Marín slasaðist illa á skíðum í febrúar en hefur nú jafnað sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Jarðtengd, traust og ráðagóð



„Marín hefur gífurlegan viljastyrk og skýra sýn. Hún tekur allt með trompi. Gott dæmi er að hlaupin urðu að maraþoni. Og hún er traust. Hún gæfi ekki upp leyndarmálin þótt hún lægi í gapastokki. Svo er hún vel jarðtengd og því er frábært að sækja til hennar ráð sem skilja hismið frá kjarnanum. Hún er alltaf á fleygiferð; hvort sem er í vinnu eða heima fyrir, og því koma gæðastundirnar þar sem hún ekur á milli funda sér vel. Þá tökum við stöðuna hvor hjá annarri – hún með mig á speaker í bílnum að sjálfsögðu. Þegar við hittumst gerast ævintýri sem verða að hressilegum minningum. Alltaf.“

**Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir,**
upplýsingafulltrúi Símans.



„Það hefur verið afskaplega gaman að fylgjast með Marín í starfi og leik. Hún hefur komið víða við í stjórnum og daglegum rekstri fyrirtækja og það er alltaf líf og fjör þar sem Marín er. Practical er frábært fyrirtæki sem hún hefur byggt upp með góðu starfsfólki. Fyrirtækið er góð lýsing á Marín sjálfri, þar sem allt byggir á góðri þjónustu og sífellt er reynt að setja punktinn yfir i-ið. Það er oft eins og góð sudoku-þraut að finna tíma með Marín, en það er alltaf þess virði.“

**Jón Karl Ólafsson,**
forstjóri Primera Air.

# Sátt Reita og Seðlabankans í höfn

***Reitir hafa gengið frá sátt við Seðlabanka Íslands vegna ákvæða í lánasamningum félagsins við þýskan banka sem Seðlabankinn taldi brot á gjaldeyrislögum. Tafði endurfjármögnun félagsins og skráningu í Kauphöll.***



VIÐTAL
HARALDUR GUÐMUNDSSON
HARALDUR@FRETTABLADID.IS

Fasteignafélagið Reitir hefur gengið frá sátt við Seðlabanka Íslands en bankinn taldi ákvæði í lánasamningum félagsins við Hypothekenbank Frankfurt AG brot á gjaldeyrislögum.

„Þetta þýðir að við munum geta haldið áfram á þeirri vegferð að klára heildarfjármögnun félagsins og vonandi skráningu í Kauphöll fyrir árslok,“ segir Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita.

**Greiddi 10 milljóna króna sekt**

Seðlabankinn gerði athugasemdir við ákvæði í viðaukum þriggja lánasamninga Reita við þýska bankann í desember 2012. Lánin voru tekin árin 2002 og 2006. Reitir skulda bankanum 85 milljónir evra, jafnvirði um 13 milljarða króna.

Fasteignafélagið var stofnað í lok árs 2009, eftir að Landic Property fór í þrot, en þá vildi þýski bankinn ekki fara inn í eigendahóp Reita. Viðaukunum var þá bætt við lánasamningana og í þeim var meðal annars nafni lántakandans breytt úr Landic Property í Reitir. Ekki var óskað eftir undanþágum Seðlabankans fyrir breytingunum.

Seðlabankinn taldi ákveðnar greiðslur Reita til Þýskalands vera fyrirframgreiðslur sem stangast á við gjaldeyrislög. Hann tók þá meint brot Reita til rannsóknar og krafðist í kjölfarið að lánasamningunum yrði breytt.

„Í viðaukunum frá 2009 voru vextir hækkaðir örlítið á tveimur lánum og það voru sett inn ákvæði sem gengu út á að ef rekstur ákveðinna eigna, sem standa til veðsetningar hjá þýska bankanum, gengi betur en áætlanir gerðu ráð fyrir þá fengi bankinn aukagreiðslur. Þetta leit Seðlabankinn á sem fyrirframgreiðslur en það má deila um hvort þetta sé ekki bara samningsbundin afborgun en ekki fyrirframgreiðslur,“ segir Guðjón.

Reitir og Hypothekenbank hafa nú undirritað nýja viðauka sem Seðlabankinn hefur samþykkt. Fasteignafélagið greiddi einnig 10 milljóna króna sekt sem var hluti af sáttinni.

„Það eru ekki allir sammála um þennan lagagrundvöll sem afstaða Seðlabankans byggir á. Þar á meðal eru hinn þýski lánveitandi og ýmsir lögfróðir aðilar hér innanlands. Þeir benda meðal annars á að ákveðin lagaákvæði fjármagnshaftanna hafi öðlast gildi eftir að framangreindir viðaukar voru gerðir,“ segir Guðjón.

**Engin metsölubók**

Stjórnendur Reita hafa staðið í skilum með lánin með því að leggja íslenskar krónur inn á veðsetta reikninga þýska bankans hér á landi.

„Við höfum gert allt sem við getum en þýski lánveitandinn vildi auðvitað fá greiðslurnar í evrum og inn á reikning erlendis. Það höfum við ekki mátt gera síðan í desember 2012.“

Stærstur hluti erlendra lána félagsins verður að sögn Guðjóns greiddur upp í október næstkomandi. „Gefið að allir aðilar sáttarinnar standi við sínar skuldbindingar. En þetta er búinn að vera lærdómsríkur ferill, svo ekki sé meira sagt. Ég gæti skrifað langa bók um þessi samskipti við Seðlabankann og hinn þýska lánveitanda. Ég tel að sú bók yrði seint metsölubók enda skemmtanagildið lítið.“

**Tafði skráningu í Kauphöll**

Viljayfirlýsing um endurfjármögnun Reita, með aðkomu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Gildis – lífeyrissjóðs og Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka, var undirrituð í júní 2013. Fjármögnunin hefur ekki enn gengið í gegn.

„Nú er búið að losa um ákveðna stíflu með sáttinni og því getur sú endurfjármögnun sem Reitir hafa lengi unnið að í samstarfi við ráðgjafa Arion banka gengið eftir.“

Guðjón segir viljayfirlýsinguna gera ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir kaupi nýtt hlutafé í Reitum fyrir 12 milljarða króna og í nýjum verðtryggðum skuldabréfaflokki að andvirði 25 milljarða. Sumarið 2013 náði félagið einnig samningum við Íslandsbanka um allt að 14 milljarða lánveitingu sem Guðjón segir vera á umtalsvert hagstæðari kjörum en núverandi fjármögnun félagsins.

„Eftir þessa breytingu verður eiginfjárhlutfall Reita um 37 prósent, sem gjörbreytir þeirri stöðu sem félagið hefur verið í.“

Rannsókn Seðlabankans hefur einnig tafið skráningu félagsins í Kauphöllina. Til stóð að skrá félagið í vor en í mars síðastliðnum var ákveðið að fresta því fram á haust. Guðjón segir stjórnendur Reita hafa nýtt tímann frá desember 2012 til að fara í gagngera skoðun á öllum innviðum félagsins og aðlaga það að kröfum sem gerðar eru til fyrirtækja á hlutabréfamarkaði.

„Það er því mikill léttir fyrir alla hlutaðeigandi aðila að þessi mál skuli nú vera komin í ákveðinn farveg og að Reitir geti haldið áfram vegferð sinni til skráningar og til virkari þátttöku á markaði með atvinnuhúsnæði.“

**Lán í óláni**

Guðjón segir dæmi um að rannsókn Seðlabankans hafi einnig komið í veg fyrir að félagið gæti tekið þátt í stærri viðskiptum með atvinnuhúsnæði.

„Það er mikil hreyfing á þessum markaði og við hefðum viljað vera virkari þátttakendur á stundum. En síðan má kannski segja að við höfum verið lánsöm að hafa haft takmarkaðar heimildir í þessa átt undanfarin misseri. Krafan sem kaupendur úr átt fasteignafélaga og sjóða eru að gera á það fjármagn sem er sett í sum þessara verkefna er mjög mismunandi virðist vera. Að mínu viti á eftir að koma í ljós að einhver þeirra eiga ekki eftir að ganga upp,“ segir Guðjón.




**LÆRDÓMSRÍKT** Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, segist eiga efni í langa bók um samskipti félagsins við Seðlabankann og þýska lánveitandann. Skemmtanagildi bókarinnar yrði að hans mati ekki mikið.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Stefna að stækkun Kringlunnar

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins en flestar eignir þess voru áður í eigu Landic Property. Stærstu hluthafar eru Arion banki (45%), Landsbankinn (31,7%) og Íslandsbanki (6,9%). Í síðustu viku var deilt út úr þrotabúi Landic Property, sem átti 16 prósent í félaginu, og samanstendur eigendahópurinn nú af yfir 100 hluthöfum.

Félagið starfar eingöngu á fyrirtækjamarkaði með áherslu á fjárfestingar og útleigu atvinnuhúsnæðis. Hagnaður þess á síðasta ári nam tæpum 7,7 milljörðum króna.

Félagið á um 130 eignir sem eru samtals 410 þúsund fermetrar. Meðal þekktra eigna má nefna Kringluna, Hótel Hilton, Kauphallarhúsið, Holtagarða og Spöngina.

Fjallað hefur verið um undirbúning Reita að stækkun Kringlunnar um 20 þúsund fermetra. Stefnt er að stækkun byggingarinnar til vesturs í átt að gamla Morgunblaðshúsinu. Horft er til framkvæmda upp á allt að 70 þúsund fermetra af nýju húsnæði en engin ákvörðun hefur verið tekin um nákvæma útfærslu eða hvenær framkvæmdir eiga að hefjast.

„Stækkun Kringlunnar er eitt áhugaverðasta þróunarverkefni Reita, mjög áhugavert fyrir Reykjavíkurborg og fyrir landsmenn alla. Hugmyndir um hönnun hafa verið lagðar fram og viðræður við borgaryfirvöld eru í ákveðnu ferli. Ákvörðun um að hefja vinnu við verkefnið bíður nýrra eigenda og stjórnar félagsins,“ segir Guðjón.



**VERSLUNARMIÐSTÖÐIN** Skrifstofur fasteignafélagsins eru í Kringlunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Keyptu flughermi fyrir Airbus-þyrlur

***Mid Atlantic Sim Center stefnir að opnun alþjóðlegrar þjálfunarmiðstöðvar hér á landi þar sem kennt verður á Airbus-350 þyrlur. Flughermirinn verður sá fyrsti sinnar tegundar í Evrópu og tekinn í notkun árið 2016.***

VIÐSKIPTI
Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Hópur íslenskra fjárfesta sem stendur á bak við Mid Atlantic Sim Center ehf. hefur keypt flughermi fyrir Airbus AS350-þyrlur. Fyrirtækið ætlar að opna alþjóðlega þjálfunarmiðstöð hér á landi en flughermirinn verður sá fyrsti sinnar tegundar í Evrópu.

„Viðræður við fyrirtæki sem reka þessar þyrlur víðs vegar um heim eru þegar farnar af stað,“ segir Halldór Þorkelsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Mid Atlantic Sim Center hefur gert samstarfsamning við spænska fyrirtækið Indra sem framleiðir flugherminn. Áform fyrirtækisins gera ráð fyrir að þjálfunarmiðstöðin verði opnuð á fyrri hluta árs 2016. Ljóst er að verkefnið hleypur á hundruðum milljóna króna en Halldór vill á þessu stigi ekki fara nánar út í heildarkostnaðinn.



HALLDÓR ÞORKELSSON

„Þetta er umtalsverð fjárfesting og þess vegna höfum við unnið töluvert lengi að þessu. Þetta er engu að síður á byrjunarstigi.“

Að sögn Halldórs er einungis til einn flughermir fyrir AS350-þyrlur í heiminum. Hann er í Texas í Bandaríkjunum og ekki sömu kostum búinn og sá sem er væntanlegur hingað til lands.

„Við sáum því tækifæri á þessum markaði og erum að reyna að hreyfa okkur eins hratt og við getum. Þetta er álitlegt verkefni ef allt gengur eftir í gjaldeyrisskapandi atvinnustarfsemi á Íslandi,“ segir Halldór. Hann reiknar með að þorri viðskiptavina fyrirtækisins komi frá Evrópu en gerir einnig ráð fyrir fyrirtækjum frá Kanada og austurströnd Bandaríkjanna.

Halldór segir fyrirtækið eiga í viðræðum um húsnæði undir starfsemina.

„Við erum ekki í neinni stöðu til að gefa það upp enn þá en ég get sagt að við erum að horfa til staðsetningar á Reykjavíkursvæðinu.“

Fyrirtækið hefur einnig gert samning við Indra sem gerir ráð fyrir öðrum flughermi í þjálfunarmiðstöðinni. Sá er fyrir þyrlur af gerðinni Airbus AS355 en enginn slíkur hermir er til í heiminum.

„Það eru ekki til nauðsynleg grunngögn til að setja slíkt tæki saman en við höfum hug á því að koma að slíku þróunarverkefni sem vonandi yrði að flughermi í okkar aðstöðu.“




**ÞYRLAN** Airbus AS350 setti hæðarmet árið 2005 þegar henni var lent á toppi Everest-fjalls.

MYND/AIRBUS

Make it matter

20 cm
19 cm
18.5 cm
18 cm
17.5 cm
17 cm
16.5 cm
16 cm
15.5 cm
15 cm
14.5 cm
14 cm
13.5 cm
13 cm
12.5 cm
12 cm
11 cm
10.5 cm
10 cm
9.5 cm
9 cm
8.5 cm
8 cm
7.5 cm
7 cm
6 cm
5.5 cm
5 cm
4.5 cm
4 cm
3.5 cm
3 cm
2.5 cm
2 cm
1.5 cm
1 cm
0.5 cm
0 cm




# Stærðin skiptir máli.

## HP ProDesk 600 G1 Mini borðtölva

Fullvaxin smátölva með Intel®
Core™ i5-4570T örgjörva

Aðeins 17,5 cm á hæð (Raunstærð)

Aðeins 3.5 cm á breidd

## Framúrskarandi hönnun, létt, þunn og sterkbyggð

HP hefur tekist að skapa einstaka smátölvu fyrir fyrirtækjaumhverfi þar sem kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.

Kraftmikil og nett.
Passar nánast allstaðar.

Góð myndgæði og hljóð til fyrirmyndar með DTS Sound+.

Kraftur frá Intel®.

**Kynntu þér HP ProDesk nánar á www.ok.is/prodesk/**

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum, Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið

Platinum Partner

Stöðvun lífeyristryggingarsamninga vekur spurningar um höftin:

# Að rita nafn sitt á spjöld sögunnar

Verkefni þess sem situr í embætti fjármálaráðherra núna eru þess eðlis að viðkomandi getur meitlað nafn sitt rækilega á spjöld sögunnar haldi hann rétt á spilunum. Ástæðan er eitt orð: gjaldeyrishöft.

Það veldur hins vegar áhyggjum hversu lítið núverandi fjármálaráðherra hefur gert í embætti þegar höftin eru annars vegar. Um þessar mundir er fjármálaráðuneytið að ganga frá ráðningu erlendra sérfræðinga sem verða ríkisstjórninni, og aðallega fjármálaráðherra, til ráðgjafar um þessi mál. Um er að ræða hagfræðinga og lögmenn frá erlendum fyrirtækjum sem eru sérfræðingar á sínu sviði. Þetta er að gerast í lok júní 2014, meira en ári eftir að fjármálaráðherra tók við embætti. Það er áhyggjuefni því þetta hefði átt að vera hans fyrsta verk eftir kosningar.



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Bjarni gæti þurft að taka áhættu. Áhættan fælist í því að vera tilbúinn að fórna pólitísku lífi sínu fyrir velferð Íslendinga.**

Vikuritið The Economist fjallaði um það í vikunni að af 28 ríkjum Evrópusambandsins hefði Pólland verið eina ríkið sem glímdi ekki við niðursveiflu, þ.e. samdrátt í landsframleiðslu í meira en tvo ársfjórðunga í röð, eftir hrun. Ástæðan er sú að Pólverjar tóku kapítalismanum opnum örmum og þeir voru svo heppnir að hafa fjármálaráðherra með sjálfstraust, Leszek Balcerowicz, eftir fall Sovétríkjanna. Á árunum 1989-1990 voru teknar mjög margar erfiðar pólitískar ákvarðanir í Póllandi sem þóttu umdeildar þá en skiluðu sér á endanum. Einkavæðing ríkisfyrirtækja, afnám verðlagseftirlits og flot zlotysins svo eitthvað sé nefnt. Þetta var erfiður brimskafl fyrir Pólverja en þeir opnuðu dyrnar fyrir kapítalismanum og njóta nú árangurs þess. Því kapítalisminn virkar. Ekkert annað stjórnarform hefur skilað mannkinum jafn mikilli farsæld, eftir að hann fór að stunda annað en akuryrkju og settist að í borgum, og kapítalisminn. Það sem stuðlaði hins vegar mest að góðum árangri Pólverja, samkvæmt The Economist, var farsæl aðild þeirra að Evrópusambandinu.

Fjármálaráðherra með sjálfstraust eru hins vegar lykilorð þessa pistils. Þess vegna skiptir reynsla Pólverja máli. Ef Bjarni Benediktsson vill meitla nafn sitt á spjöld sögunnar þarf hann að taka erfiðar ákvarðanir sem fjármálaráðherra. Líf Íslendinga í status quo gjaldeyrishafta er óásættanlegt. Höftin lama allt. Þau draga úr fjárfestingu og vexti, ýta undir spekileka og mannauður skilar sér ekki heim úr námi erlendis. Bjarni gæti þurft að taka áhættu. Áhættan fælist í því að vera tilbúinn að fórna pólitísku lífi sínu fyrir velferð Íslendinga. Þegar lausnirnar liggja fyrir þarf að velja eina þeirra og taka ákvörðun. Það er ekki forsvaranlegt að við förum í gegnum annað kjörtímabil með gjaldeyrishöft. Fjármálaráðherrann þarf að treysta dómgreind sinni en ekki láta móta sig eins og leir af ráðgjöfum sínum, þótt þeir séu allra góðra gjalda verðir.

Þegar rætt er um gjaldeyrishöftin þarf að ræða um sanngirni. Er sanngjarnt að stór hluti Íslendinga fái að safna lífeyri í erlendum gjaldeyri í gegnum lífeyristryggingarsamninga en allir aðrir þurfa að spara í íslenskum krónum hér innanlands í gegnum sína lífeyrissjóði? Það er auðvitað ekki sanngjarnt að 50.000 Íslendingar (ekki bara þessir 30.000 sem gerðu sína samninga eftir 28. nóvember 2008) fái að spara í evrum, alþjóðlegri mynt, en allir hinir hafa sinn sparnað í verðlítilli mynt. Við skulum hafa hugfast að aðeins 22,4 prósent eigna íslenskra lífeyrissjóða eru erlendis. Þetta er mjög lágt í alþjóðlegum samanburði og mikið áhyggjuefni því lífeyrissparnaður þjóðarinnar þarf að vera í gjaldeyri til að eiga fyrir neyslu lífeyrisþega framtíðarinnar.

Þrátt fyrir ósanngirnina sem felst í þessu þá virkar það ekki trúverðugt hjá stjórnvöldum að vinna kerfisbundið að því að afnema gjaldeyrishöftin en styrkja þau síðan á sama tíma. Að frysta lífeyristryggingarsamninga sem hafa fengið að vaxa athugasemdalaust árum saman, eftir að höftum var komið á, er ekki til þess fallið að efla trú manna á að afnám gjaldeyrishafta sé handan við hornið. Þvert á móti hið gagnstæða, að við verðum lengi vel áfram föst í helsi gjaldeyrishaftanna. Helsi við val á sparnaðarleiðum er skaðsemi haftanna í hnotskurn. Sár þeirra eru djúp í íslensku samfélagi. Sitjandi fjármálaráðherra þarf að taka ákvarðanir sem leiða til afnáms gjaldeyrishafta en ekki setja kíkinn á blinda augað meðan Seðlabankinn festir þau enn betur í sessi.




FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Spotify Google play

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS


## Allt á fullu við uppbyggingu hjá Icelandair á Flugvöllum



**FLUGHERMIRINN VÆNTANLEGUR** Framkvæmdir á lóð Icelandair á Flugvöllum í Hafnarfirði er í fullum gangi. Þjálfun flugmanna flugfélagsins mun færast þangað þegar flughermir félagsins kemur í bygginguna. „Byggingin er reist yfir flugherminn fyrir Boeing 757-þotur en þjálfun hefur farið fram í Kaupmannahöfn undanfarið en flyst með þessu hingað heim,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. Hann segir bygginguna verða komna upp í ágúst og félagið gerir ráð fyrir að starfsemin geti hafist í nóvember. „Við erum komin með 21 þotu af gerðinni 757 í farþegaflugið og fleiri í fraktinni. Þetta er því orðin töluverð þjálfun og það er hagkvæmt að taka hana hingað heim,“ segir Guðjón. MYND/ALLI

Lykilatriði að byrja fyrr en við gerum núna í skólakerfinu að vekja áhuga nemenda á iðn- og tækninámi:

# Höfum öll verk að vinna

**SKOÐUN**

Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra





Til að ná sem bestum árangri í atvinnulífinu og menntakerfinu er samvinna lykilatriði, enda atvinnulífið háð menntakerfinu og öfugt.

Fulltrúar ýmissa fyrirtækja sem ég hef heimsótt á umliðnu ári, meðal annars í nýsköpunar- og tæknigeiranum, hafa lýst áhyggjum sínum af því að hér á landi séu ekki að útskrifast nægilega margir tækni- og iðnmenntaðir einstaklingar. Að þörfin sé mun meiri en skólakerfið sé að anna í dag. Vandinn liggur ekki endilega í því að það sé skortur á nemendum, heldur kannski frekar í því að nemendur velji sér ekki nám í samræmi við þarfir atvinnulífsins og þá samfélagsins í heild.

### Hvað er til ráða?

Við þessu þarf að bregðast því vel menntað fólk er forsenda þess að okkur takist að styðja við og efla atvinnulífið og nýsköpun í landinu.

En hvað er til ráða? Ég tel að það sé lykilatriði að byrja snemma og miklu fyrr en við gerum núna í skólakerfinu að vekja áhuga nemenda á iðn- og tækninámi. Við þurfum líka að huga að ímyndinni – að ungu fólki finnist ekki síður „svalt“ að læra gullsmíði, rafvirkjun eða tölvunarfræði en því finnst að læra lögfræði, hjúkrun eða viðskiptafræði.

Það er vissulega gott samstarf víða milli atvinnulífsins og skólakerfisins – en við þurfum að efla það enn frekar. Sem dæmi um góðan árangur má nefna Háskólann í Reykjavík sem hefur haft það að meginmarkmiði frá stofnun að efla menntun á sviði tækni, viðskipta og lögfræði í nánu samstarfi við atvinnulífið sjálft. Einnig má nefna frábært starf sem unnið er hjá Keili, meðal annars í samvinnu við fyrirtæki í ferðaþjónustu og orkugeiranum.

### Byrja fyrr – horfa fram í tímann

En við þurfum að byrja fyrr til þess að nemendur átti sig á þeim valkostum sem þeir hafa. Hefðbundið bóknám hentar ekki öllum og mikilvægt er að beina unga fólkinu fyrr inn á þær brautir sem henta hverjum og einum, til að mynda í iðn- og verknám. Einnig er mikilvægt að horfa fram í tímann og átta okkur betur á því hvaða menntun og reynslu við munum koma til með að þurfa eftir 10 ár, 20 ár. Menntun tekur tíma og því ítreka ég mikilvægi þess að byrja snemma.

Ég horfi með aðdáun til fyrirtækja eins og Skema sem kennir börnum strax á grunnskólaaldri tölvuforritun. Aðferðir þeirra eru sannarlega að virka og við þurfum á fleiri slíkum lausnum að halda. Ég velti því fyrir mér hvort útfæra megi eitthvað sambærilegt yfir á iðn- og verknám strax í grunnskóla til að sem flestir fái að kynnast handverki og þannig öðlast þekkingu og áhuga til framtíðar.

„Forritarar framtíðarinnar“ eru annað vel heppnað verkefni, en þar tóku fyrirtæki af öllum stærðum sig saman um að stofna sjóð og taka þannig með beinum hætti þátt í því að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum í formi styrkja til einstakra verkefna.

Við höfum sannarlega verk að vinna – ekki síst í því að breyta hugarfari eins og ég nefndi áður og þar er hlutverk okkar foreldra einnig stórt. En ábyrgðin liggur einnig hjá stjórnvöldum og atvinnulífinu. Stefnumörkun menntamálaráðherra í nýframkominni Hvítbók um umbætur í menntamálum er mikilvægt innlegg inn í þessa vinnu.

### Ábyrgðin er hjá okkur öllum

Það eru gríðarlega spennandi störf víða í boði. Við erum að sjá mikinn vöxt í greinum eins og líftækni, upplýsingatækni, leikjaiðnaði, grænni tækni og kvikmyndaiðnaði svo eitthvað sé nefnt. Ef af öllum þeim verkefnum sem við sjáum á teikniborðinu núna verður munum við auk þess þurfa fleira fagmenntað starfsfólk í mannvirkjagerð og málmiðnaði.

Ábyrgðin er hjá okkur öllum. Verkefnið er vissulega stórt, en ekki stærra en svo að ef við vinnum markvisst og í takt mun okkur takast það hratt og vel. Það eiga allir að geta fundið sér nám og atvinnu við hæfi – tækifærin eru til staðar. Til þess þarf menntakerfið að uppfylla væntingar nemenda og þarfir atvinnulífsins og hér höfum við öll verk að vinna.


@tt.is
MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
GEGGJUÐ SUMARTILBOÐ!
24"
AOC E2470SWDA
24" Full HD WLED skjár með 1920x1080 upplausn. 5ms svartími. DVI og VGA tengi.
29 950,-
25.950,-
AOC
Razer Blackwidow
Glæný 2014 úgáfa með nýjum sérhönnuðum mechanical leikjatökkum frá Razer.
23.950,-
1TB DISKUR
AC Ryan PV73500
FullHD flakkari með 1TB hörðum disk. 2x USB tengi.Styður flestar gerðir af hljóð- og myndskrám. Kortalesari.
29 950,-
24.950,-
A.C.Ryan
SUMAR TILBOÐ
Razer Taipan
Leikjamús með 8200dpi upplausn. Laser og Optical tækni fyrir meiri nákvæmni. Fer mjög vel í hendi og er fyrir örvhenta líka.
14 950,-
12.950,-
msi
MSI Z87-G45
Móðurborð með Killer E2200 netkortinu sem setur leikina í forgang. Sérhannað Sound Blaster hljóðkort.
27 950,-
22.950,-
Intel Turnvél 5
Gríðarlega öflug leikjavél með Intel i7 4790 Quad örgjörva. 16GB vinnsluminni. SSD 120GB + 2TB diskur. Geforce 760GTX skjákort. Windows 8.1 64bita.
239.950,-
COOLER MASTER
Intel Turnvél 3
Hörku góð vél á tilboðsverði með Intel i5 4590 Quad örgjörva. 8GB vinnsluminni 1TB diskur. Radeon 260X skjákort. Windows 8.1 64bita.
139 950,-
129.950,-
COOLER MASTER
AMD Turnvél 1
Ódýr heimilisvél með AMD A4-4000 örgjörva. 4GB vinnsluminni. 500GB harður diskur. Radeon 7450D skjákjarni. Windows 8.1 64bita.
69 950,-
64.950,-
COOLER MASTER
Fartölvur
Spjaldtölvur
Borðtölvur
Uppfærslur
Flakkarar
Jaðartæki
Turnkassar
Aflgjafar
Móðurborð
Örgjörvar
Kælingar
Vinnsluminni
Skjáir
Skjávarpar
Netbúnaður
Rekstrarvörur
Hugbúnaður
Kaplar og tengi
Hljóðkort
Harðir diskar
SSD diskar
Skjákort
Geisladrif
Stýrispjöld
Att.is Bæjarlind 1-3 • 201 Kópavogur • sími 569 0700 • Opið alla virka daga 10-18

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 112,62 | DKK 20,68 | NOK 18,257 | CHF 126,99 |
| GBP 192,97 | EUR 154,2 | SEK 16,813 | JPY 1,1089 |

**FTSE**
6.802,92 +58,98 (0,87%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 2,4 MILLJARÐAR

**Vöruskiptin hagstæð**

Í maí voru fluttar út vörur fyrir 50,3 milljarða króna og inn fyrir 47,9 milljarða króna FOB. Vöruskiptin í maí, reiknuð á FOB-verðmæti, voru því hagstæð um 2,4 milljarða króna. Í maí 2013 voru vöruskiptin óhagstæð um 6,5 milljarða króna á gengi hvors árs, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Fyrstu fimm mánuði ársins 2014 voru fluttar út vörur fyrir 224,2 milljarða króna en inn fyrir 219,4 milljarða króna FOB. Afgangur var því vöruskiptum við útlönd sem nam 4,8 milljörðum króna.

**01.07.14** Þeir sem eru 65 ára og eldri kosta fjórum sinnum meira í heilbrigðiskerfinu en þeir sem yngri eru. Við erum að eldast mjög hratt. Þetta er sprengja og þetta er ekki bara á Íslandi. Financial Times telur að þessi mannfjöldasprenging á þessu aldursbili verði tíu sinnum stærra mál en bankakreppan sem við erum að fara í gegnum.

*Guðlaugur Þór Þórðarson*
*þingmaður*



## 13,5 PRÓSENTUM LÆGRA

**Aflaverðmæti lækkar**

Í mars var aflaverðmæti íslenskra skipa um 13,5 prósentum lægra en í mars 2013. Mikil minnkun í uppsjávarafla hefur þar mest að segja. Einnig veiddist mun minna af skelfiski en í sama mánuði í fyrra. Hagstofan greinir frá þessu. Aflaverðmæti íslenskra skipa á tólf mánaða tímabili frá apríl 2013 til mars 2014 dróst saman um 11,4 prósent miðað við sama tímabil ári áður. Verðmæti uppsjávarafla dróst saman um 31,8 prósent milli tímabilanna.

*Hin hliðin*



**RÚNA MAGNÚSDÓTTIR**
STJÓRNENDAÞJÁLFI

## Hvers konar ímynd ertu að búa til?

Eitt af því skemmtilegasta sem ég geri er að fylgjast með atferli og viðhorfi fólks í kringum mig. Með tilkomu samfélagsmiðlanna á netinu, svo sem Facebook, LinkedIn eða Twitter, er áhugavert að fylgjast með fjölbreyttu lífi og starfi fólks úti um alla veröld. Hvert og eitt samfélag á netinu hefur sína sérstöðu.

LinkedIn er alþjóðlegt samfélag athafnalífsins. Þar sameinast fólk um sín áhugamál, sérhæfingu og deilir bæði þekkingu og skoðunum. Það er ákveðinn tónn, stemning sem ríkir yfir tengingum og viðburðum á samfélagsvefnum LinkedIn. Á LinkedIn vinnur fólk að því að viðhalda gömlum og góðum tengslum sem og að byggja upp ný viðskiptasambönd. Þar virkar prófíllinn sem eins konar gluggaútstilling á brandi einstaklingsins, og út frá þeirri staðreynd er ótrúlegt að sjá hversu margir hugsa sama sem ekkert um þá ímynd sem þeir eru að gefa frá sér með illa unnum prófíl. Á Twitter ríkir allt önnur stemning og gríðarlega gaman að fylgjast með umræðu þar sem # tengir fólk saman á rauntíma um allan heim. Þegar ég sný mér svo að Facebook, þá fær maður að sjá sama fólkið, en núna í allt öðrum búningi. Þar færðu innsýn í heimilislífið, varúðarstatusar um grobb settir upp og heil ógrynni af stoltum foreldrum, ömmum og öfum sem eiga flottustu börn og barnabörn í heimi. Þar koma inn statusar sem tengjast bæði dægurfréttum og pólitískum fréttum dagsins ásamt viðeigandi umræðu. Það er einmitt í flóru prófíla, statusa og umræðna sem hinn sanni persónuleiki fólks stingur sér til sunds. Þar fer maður að greina fórnarlömbin frá gleðibombunum, besservisserana frá þeim sem vita alveg jafn vel, bara sjá ekki tilgang í því að tjá skoðun sína á djúpum málefnum dagsins.

### Hvaða tilfinningu ertu að gefa?

Karakterinn okkar sem við sýnum á samfélagsmiðlunum verður óneitanlega sá karakter, sú ímynd sem fólk fær af okkur. Sú tilfinning sem við skiljum eftir í huga samferðafólks okkar er nákvæm spegilmynd af þeim tækifærum sem við fáum til baka. Sporin sem við skiljum eftir á netinu sem og í öllum öðrum samskiptum við fólk gefur samferðafólki okkar tilfinningu fyrir því hver við erum, fyrir hvað við stöndum og gefur samferðafólki okkar mynd af því hvers vegna það ætti að hafa samband við okkur.

### Viðhorf og skoðanir speglast til baka

Hver kannast ekki við fórnarlambið sem stundum virðist þrífast á því að fá: „æ, æ, knús á þig“ sem svar við statusum, eða þá framsýna samferðafólkið sem stöðugt sýnir okkur einlæga gleði og árangur með uppbyggilegum statusum, svörum og hvatningu til annarra. Staðreyndin er sú að hvort sem þér líkar það betur eða verr, þá hefur þú nú þegar ákveðna ímynd í huga annarra. Spurningin er hvort þú vekir upp þá tilfinningu sem þú vilt að fólk finni í samskiptum sínum við þig eða hvort þú þurfir að endurskoða viðhorf þín, gildi og stefnu.

Næst þegar þú ýtir á „SENDA“ hnappinn spurðu sjálfa þig áður: *„Hvaða tilfinningu er ég að gefa frá mér núna?“*


Loksins færðu stuðning í vinnunni

Knoll

CHADWICK STÓLLINN SAMEINAR FALLEG FORM OG HÁMARKSÞÆGINDI.

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal




HÖNNUÐUR: DON CHADWICK


101 Reykjavík
Viltu eiga íbúð
við höfnina?
HEIMILI VIÐ HÖFNINA!
Mýrargata 26
Til sölu glæsilegar 2ja–5 herbergja
íbúðir við Reykjavíkurhöfn
Afhending sumar 2014
Nánar á
m26.is
Sýningaíbúðin er unnin í samvinnu við:
Betra BAK
LUMEX
MÓDERN
Egill Árnason
FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
Með þér alla leið
miklaborg.is
569 7000

ENNEMM / SÍA / NM62401




Sparnaður

# Er séreignarsparnaðurinn þinn í góðum málum?

Gerðu samning um lífeyrissparnað sem allra fyrst svo þú nýtir ávinninginn vegna leiðréttingarinnar.

Kostir séreignarsparnaðar eru augljósir:

- mótframlag vinnuveitanda jafngildir í raun tveggja prósenta launahækkun
- ráðstafa má iðgjöldum skattfrjálst inn á húsnæðislán eða til húsnæðiskaupa

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að fara vel yfir þessi mál og gefa sér smá tíma með ráðgjafa til þess að fara ekki á mis við ávinning séreignarsparnaðar.

Kynntu þér málið á www.islandsbanki.is/leidretting og bókaðu tíma í síma 440 4900 eða komdu við í næsta útibúi Íslandsbanka.




Dæmið sýnir ávinning einstaklings sem er með **400.000 kr.** í mánaðarlaun fyrir skatt** og greiðir 4% af launum í séreignarsparnað. Með því að nýta úrræði ríkisstjórnarinnar getur hann greitt 864.000 kr. af séreignarsparnaði skattfrjálst inn á húsnæðislánið sitt á þremur árum. Þar af er mótframlag vinnuveitanda **288.000 kr.** á tímabilinu. **Skattaafslátturinn er 343.354 kr.**

*Skattaleg meðferð fer eftir aðstæðum hvers og eins og getur tekið breytingum í framtíðinni. **Miðað við 39,74% og skattþrep 2.

vib Íslandsbanki

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook




2 | KL. 22:40
**Enlightened**
Þáttaröð frá HBO um konu sem fær andlega uppvakningu eftir að hafa verið á barmi taugaáfalls.

**Frábært** miðvikudagskvöld



2 | KL. 20:00
**How I Met Your Mother**
Gamanþáttur um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



2 | KL. 20:25
**Dallas**
Ein vinsælasta þáttaröð íslenskrar sjónvarpssögu heldur áfram og átökin innan Ewing-fjölskyldunnar ná nýjum hæðum.



2 | KL. 21:10
**Mistresses**
Fjórar vinkonur hafa ólíkar þarfir og þrár þegar kemur að samskiptum við hitt kynið.



KL. 22:00
**The Place Beyond The Pines**
Dramatísk spennumynd með Ryan Gosling, Bradley Cooper og Eva Mendes í aðalhlutverkum.



3 | KL. 19:40
**Baby Daddy**
Gamanþáttaröð um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 7 | | | | 5 | 9 |
| 7 | | 2 | 1 | | 5 | | | |
| | | | | 2 | | | 7 | 8 |
| 2 | 9 | 8 | | | 1 | | | 4 |
| | 5 | 4 | 2 | | | 3 | | |
| 3 | | | 5 | | | | | |
| 5 | | 9 | | | 2 | 6 | 4 | |
| 8 | | | 6 | 4 | 3 | | | |
| | | 3 | | | | | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | | | 3 | | | | 9 |
| 3 | 6 | | 9 | | | | 2 | |
| | 2 | | 4 | | | 3 | 5 | |
| 6 | 5 | 7 | 8 | | | | 3 | |
| | | | | 2 | 6 | 5 | | 8 |
| | 3 | | | 7 | 4 | | | |
| | 7 | 2 | | | | | 8 | |
| | | | 7 | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 2 | | | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 3 | | 9 | | | | |
| | | | | | | | 3 | |
| 2 | | | | | | | | 9 |
| | 7 | | 2 | 3 | | 6 | | |
| 1 | | 2 | | | | 7 | | |
| | | | 5 | 6 | | 8 | | |
| 4 | 2 | | | | | | 8 | |
| 5 | 9 | | 1 | | | 3 | 6 | |
| | | 1 | 7 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 6 | 1 | 2 | 3 |
| 6 | 9 | 8 | 7 | 5 | 3 | 4 | 1 | 2 |
| 3 | 1 | 5 | 4 | 6 | 2 | 9 | 8 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 8 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 |
| 9 | 4 | 2 | 6 | 8 | 7 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 6 | 3 | 1 | 2 | 4 | 8 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 1 | 9 | 3 | 5 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 | 7 |
| 3 | 5 | 1 | 8 | 7 | 9 | 4 | 2 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 8 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 | 7 | 4 |
| 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 | 3 | 1 |
| 8 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 2 | 6 | 5 |
| 9 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 9 | 6 | 3 | 1 | 4 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 9 | 3 | 7 |
| 3 | 2 | 4 | 7 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 2 | 4 |
| 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 9 | 4 | 7 | 2 | 6 | 3 | 1 | 5 | 8 |
| 1 | 5 | 3 | 9 | 7 | 8 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 4 | 1 | 5 | 3 | 7 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Gerðu bara það sem hjarta þitt segir þér.“ *Díana prinsessa*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT** **2.** tarfur, **6.** klafi, **8.** þokki, **9.** dauði, **11.** í röð, **12.** benda, **14.** safna saman, **16.** nudd, **17.** slæða, **18.** hrópa, **20.** skóli, **21.** flokka.

**LÓÐRÉTT** **1.** íþrótt, **3.** líka, **4.** nennuleysi, **5.** svelg, **7.** kálsoð, **10.** auð, **13.** óvild, **15.** þefja, **16.** nálægt, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** boli, **6.** ok, **8.** geð, **9.** lát, **11.** tu, **12.** flóki, **14.** smala, **16.** nú, **17.** lín, **18.** æpa, **20.** fg, **21.** raða.

**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** og, **4.** letilíf, **5.** iðu, **7.** kálsúpa, **10.** tóm, **13.** kal, **15.** anga, **16.** nær, **19.** að.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Kjartan Másson (1.817) hafði svart gegn Guðmundi Aronssyni (2.025) á Skákmóti öðlinga fyrir skemmstu. Svartur á leik:**



**27.…Rf3! 28. g4** (28. gxf3 Bh3+ 29. Kg1 Hxe1#) **28.…Hxe1+ 29. Kg2 Be4** og svartur vann um síðir enda manni yfir.

**www.skak.is** Skákstjóranámskeið í lok júlí.


ÚRHELLI OG STINNINGSKALDI
UM LAND ALLT*
SÚKKU LAÐI MJÓLK
Léttmjólk
*FÆST Á ÖLLUM HELSTU SÖLUSTÖÐUM UM LAND ALLT

# Götutískan á Glastonbury

Hinni árlegu Glastonbury-tónlistarhátíð lauk um helgina og á meðal listamanna sem tróðu upp voru John Grant, Dolly Parton, Metallica og Lana del Rey. Fjölmargar stjörnur lögðu leið sína á hátíðina eins og fyrri ár og var útihátíðartískan afar litrík að þessu sinni.



**REGNBOGABARN** Tónlistarkonan Lily Allen mætti í regnbogalitaðri skyrtu og með fríkað hár.



**SVARTKLÆDD** Fatahönnuðurinn Stella McCartney í öllu svörtu og hermannagrænum stígvélum.



**VÍGALEGAR VINKONUR** Vinkonurnar Jaime Winstone og Alexa Chung létu sig ekki vanta.



**FYRRVERANDI MÆTTI** Cressida Bonas, fyrrverandi kærasta Harry prins, rölti pollróleg um svæðið.



**VEL SKÓUÐ OG SÖNGELSK** Tónlistarfólkið og bestu vinirnir Florence Welch og Sam Smith kíktu vel skóuð á hátíðina.






**LÆTUR FYRIR SÉR FARA** Söngkonan Eliza Doolittle í hressandi dressi.



**FRIÐUR SÉ MEÐ YÐUR** Fyrirsætan Daisy Lowe bauð upp á friðarmerki.

NORDICPHOTOS/GETTY

Landsvirkjun

*Það er allt í lagi að það blási svolítið*

Í Búrfellsstöð við Þjórsá er gagnvirk orkusýning og skammt norður af stöðinni eru fyrstu vindmyllur Landsvirkjunar. Þeim er ætlað að veita vísbendingar um framtíðarmöguleika í beislun íslenska roksins. Við vonum auðvitað að sumarið verði gott en okkur finnst líka allt í lagi þó það blási hressilega í 50 metra hæð yfir hraunsléttunni fyrir norðan Búrfell.

**Velkomin í heimsókn í sumar!**

**Búrfellsstöð**
Gagnvirk orkusýning er opin alla daga kl. 10–17, frá 1. júní.
Starfsfólk tekur á móti gestum við vindmyllurnar alla laugardaga í júlí kl. 13–17.
*www.landsvirkjun.is/heimsoknir*

## HÖLL MINNINGANNA **FRÁ KALLA BJARNA TIL KALLA BJARNA**

**Kalli Bjarni** sigraði í fyrstu Idol-stjörnuleitinni á Íslandi árið 2004. Á meðal keppenda voru Jón Sigurðsson og Anna Katrín Guðbrandsdóttir. Þau Jón og Anna Katrín eiga sama afmælisdag – 16. janúar.



Kvikmyndaframleiðandinn og Herbalife-drottningin **Margrét Hrafnsdóttir** á einnig afmæli 16. janúar.



**Margrét** var langyngsti dagskrárgerðarmaðurinn á Bylgjunni þegar hún hóf þar störf árið 1988, þá 18 ára gömul.

Hún stjórnaði útvarpsþættinum Loksins laugardagur með **Gulla Helga** árið 1989.



**Gulli** sat í dómnefnd um Reykjavíkurlagið sem efnt var til í tilefni 200 ára afmælis Reykjavíkurborgar.



Sigurvegarinn var krýndur árið 1986 og var það **Bjarni Hafþór** Helgason með lagið Hún Reykjavík. Í kjölfarið gaf Bjarni út plötuna Með á nótunum þar sem meðal annars er að finna lagið Lára ljúfa Lára. Það fjallar um sjómann en fyrrnefndur Kalli Bjarni er einmitt sjómaður.

# Tvífarar knattspyrnukappanna

Eins og kunnugt er stendur heimsmeistaramótið í knattspyrnu nú yfir í Brasilíu. Athyglin beinist þó ekki aðeins að fótalipurð knattspyrnukappanna en Fréttablaðið tók saman nokkra leikmenn á mótinu sem eiga sér þekkta tvífara.

### HAMSKIPTI





Argentínski miðjumaðurinn Angel Di Maria er kannski af evrópskum ættum en hann er ekki ósvipaður tékkneska rithöfundinum Franz Kafka í útliti.

### TRYLLT AÐ GERA HJÁ TED





Guillermo Ochoa, markvörður Mexíkóa, er eins og spænsk útgáfa af Josh Radnor sem fer með hlutverk Teds í How I Met Your Mother.

### NÝTT ATVINNUTÆKIFÆRI?





Leikarinn Shia LaBeouf hefur ekki átt sjö dagana sæla í Hollywood undanfarið. Hann ætti kannski að íhuga að taka að sér starf sem tvífari franska landsliðsmannsins Karims Benzema.

### GRJÓTHARÐIR





Það þarf nú varla að kynna leikarann Chuck Norris til leiks en hann þykir ansi líkur ítalska landsliðsgoðinu Anddrea Pirlo.

### TÝNDI TVÍBURINN?





Landsliðsþjálfari Króata, Niko Kovac, og leikarinn góðkunni Joseph Gordon-Levitt eru óþægilega líkir.

### LJÓSIR OG LJÚFIR





Dawson's Creek-drengurinn James Van Der Beek gæti verið eldri bróðir enska landsliðsmarkvarðarins Joe Hart.



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE SALVATION | KL 8 - 10.40 | 16 |
| TRANSFORMERS 2D | KL 4 | 12 |
| TRANSFORMERS 3D | KL 8 - 10.10 | 12 |
| TRANSFORMERS 3D LÚXUS | KL 5 - 9 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 3D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| 22 JUMP STREET | KL 5.30 - 8 - 10.40 | 12 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 3.30 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 8 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE SALVATION | KL 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL 5.45 | L |
| TRAIN...DRAGON 3D ENS. TAL ÓTEXT. | KL 8 | L |
| 22 JUMP STREET | KL 10.15 | 12 |
| X-MEN 3D | KL 10.40 | 12 |
| FAULT IN OUR STARS | KL 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 - 8 | 14 |

Miðasala á: eMiði
Kauptu miða á X-Men með Netgíró

FJÖLSKYLDUPAKKINN
Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði
NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI






| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3D | 4, 7, 10:10(P) | 12 |
| TEMJA DREKANN SINN 2D | 4:30 | L |
| BRICK MANSIONS | 10:40 | 12 |
| 22 JUMP STREET | 8 | 12 |
| MILLIOM WAYS, DIE WEST | 10:20 | 16 |
| VONARSTRÆTI | 5, 8 | 14 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is

MARK WAHLBERG OG MICHAEL BAY HAFA SAMEINAÐ KRAFTA SÍNA Í STÆRSTU MYND SUMARSINS!




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 5 - 6:30 - 8:30 - 10:10 2D: 10:20 | 12 |
| TRANSFORMERS 4 VIP 2D KL. 5 - 8:30 | VIP |
| MALEFICENT 2D KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| BLENDED KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D KL. 8 | 14 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR. | |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 5 - 8:30 2D: 10:20 | 12 |
| MALEFICENT 2D KL. 5:50 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D KL. 8 | 14 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 6:30 - 8 - 10 2D: 4:40 - 9 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSL TAL 2D KL. 4:30 | L |
| BLENDED KL. 5:30 | 10 |
| MALEFICENT 2D KL. 6:50 - 8 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D KL. 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| TRANSFORMERS 4 3D KL. 5:50 - 9:10 - 10:10 | 12 |
| MAKE YOUR MOVE KL. 5:40 - 8 | 7 |
| MALEFICENT 2D KL. 5:50 - 8 | 10 |
| GODZILLA 2D KL. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| TRANSFORMERS 4 3D KL. 7 - 10:15 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSL TAL 2D KL. 8 | L |
| 22 JUMP STREET KL. 10:10 | 12 |


# Líkneski og lifandi fólk

**BAKPANKAR**
Halla Þórlaug Óskarsdóttir



**„MÉR** finnst eins og við eigum ekki að vera hérna.“ Í bakgrunni hljómar yfirpoppuð útgáfa af laginu Sound of Silence. Við erum að bíða eftir lyklunum að herberginu okkar. Á leiðinni hingað gengum við í gegnum spilavíti, en þar sat heil hersing af sjoppulegum einstaklingum sem ekki áttu nokkur samskipti við annað en spilakassa. Í móttökunni hanga ótalmörg fiðrildi í yfirstærð. Mér er heitt.

**SÍÐAST** sá ég fiðrildi fyrir viku. Það var í Louisiana. Þar var líka heitt, en loftslagið talsvert rakara. Gult fiðrildi flaug samferða bílnum í örskotsstund meðan við ókum hægt í gegnum djúpsuðrið. Húsin voru mörg hver að hruni komin, en einhver seiðandi sjarmi sveif yfir vötnum. Fjölskyldurnar sem þar búa eru flestar afkomendur þræla.

**ÞEIRRA** saga er saga sem fólkið skammast sín fyrir. Vill gleyma. Það er ekki víða í Suðurríkjunum þar sem rætt er opinskátt um þrælasöguna sem engu að síður er brennimerkt í íbúana. Hins vegar er ýmislegt sem fólk er stolt af. Konan á Subway í Tennessee var ekkert að flýta sér að gera samlokur meðan hún sagði okkur allt um Alamo. Við höfðum engan áhuga á Alamo.

**ÞAÐ** var gaman að sjá Miklagljúfur, Hoover-stífluna og minnismerkin í Washington, sem minnast afreka þjóðarinnar – en það sem mér hefur þótt áhugaverðast á leið okkar um Bandaríkin er að stoppa í smábæjunum. Þar býr stórmerkilegt fólk. Litríkt fólk sem heimurinn mun gleyma. Og hversu lengi mun ég muna eftir konunni á bensínstöðinni með tíkarspenana sem kallaði okkur allar kittycats? Eða þessari frá Arab sem bað okkur að fara varlega, í guðanna bænum. Hún vildi ekki sjá okkur í fréttunum. Eða gráhærðu gömlunni á kjúklingastaðnum í sjóðheita suðrinu sem útskýrði fyrir okkur muninn á hvíta kjötinu og því dökka: Hvítu bitarnir eru betri og dýrari.

**MEÐAN** reynt er að halda lífi í löngu liðnum poppgoðum og -gyðjum hamast fólk enn víða við að halda lífi sjálft. Og fólkið sem gengur fram hjá betlurunum á götunni kastar peningum í risavaxið búddalíkneski á leið inn í spilavítið, í gæfuskyni.

# Með fullt hús stiga frá ferðamönnum

**Veitingastaðurinn Kaffi Ilmur hlaut sérstakt vottorð um yfirburði frá ferðavefsíðunni Tripadvisor. Ingibjörg Baldursdóttir rekur staðinn ásamt tveimur öðrum en hann er í húsi sem amma hennar og afi byggðu fyrir um hundrað árum.**

„Amma mín og afi byggðu þetta hús fyrir um það bil hundrað árum síðan á grunni gripahúsa sem voru þarna. Það var kominn tími á að gera það upp, enda orðið þreytt og illa farið, og því ákváðum við, barnabörn Ingimars og Helgu sem byggðu húsið, að breyta því í veitingastað,“ segir Ingibjörg Baldursdóttir. Hún rekur veitingastaðinn Kaffi Ilm á Akureyri ásamt systur sinni Helgu og Þórhildi Þórhallsdóttur. Þær stöllurnar fengu á dögunum viðurkenningu um yfirburði frá ferðavefsíðunni Tripadvisor. Fær veitingastaðurinn fimm stjörnur á síðunni en stjörnugjöfin er byggð á umsögnum viðskiptavina.

„Við höfum fylgst með gangi mála á Tripadvisor en fyrir einni eða tveimur vikum fengum við skjalið sent í pósti. Það var voðalega gaman að fá það staðfest að við værum meðal bestu veitingahúsa á Akureyri. Við fáum fullt hús stiga og það er yndislegt,“ segir Ingibjörg.

Kaffi Ilmur var opnað 19. maí árið 2010 í Skátagili og leggja eigendurnir mikið upp úr góðu andrúmslofti.

„Við ákváðum að halda í allt sem var heillegt í húsinu. Við tókum til dæmis gólfdúkana af efri hæðinni sem eru frá 1940 eða 1950 og þeir prýða borðplöturnar í dag. Allur panell í húsinu er einnig upprunalegur. Ég þekki ýmsar sögur úr húsinu og segjum við gjarnan ferðamönnum sögur ef við höfum tíma. Til dæmis þegar amma var kvödd í húsinu og kistan var látin síga út um gluggann eins og tíðkaðist á þeim tíma. Það gefur fólki innsýn í hvernig lífið var í kringum 1920 til 1930. Ég er búin að skrá sögurnar en er ekki búin að gefa þær út þó ég hafi hug á því. Við eigendurnir erum konur á besta aldri og leyfum okkur að fara aðeins út fyrir rammann ef það hentar,“ segir Ingibjörg.



**MIKIL SAGA** Amma og afi Ingibjargar og Helgu byggðu húsið í Skátagili.

## ➜ Umsagnir ferðamanna á Tripadvisor

**„Yndislegt kaffihús og espressóið er afbragð. Andrúmsloftið er hlýlegt og þægilegt. Ég mæli með því að koma við þarna og fá sér kaffi.“**

**„Besta swiss mocha á Akureyri. Eigandinn var mjög vinalegur og hjálpsamur: yndislegur lítill staður. Mjög heimilislegur og þægilegur.“**

**„Æðislegt lítið kaffihús í gamalli byggingu. Konan sem á það gerir stórkostlegar kökur og býður mann hjartanlega velkominn.“**

**„Stórkostlegt, sterkt latte og falleg verönd. Fullkominn staður til að stoppa við og lesa eða skrifa á póstkort.“**

Hún segir marga ferðamenn koma dag eftir dag til að fá sér hressingu. „Það er gaman að geta boðið upp á ákveðin tengsl við viðskiptavini og tengst fólkinu. Það er pínulítill heimilisbragur á þessu hjá okkur,“ segir Ingibjörg glöð í bragði.

liljakatrin@frettabladid.is



**STOLTIR EIGENDUR** Þórhildur og Ingibjörg. Þriðji eigandinn, Helga, er búsett í Bandaríkjunum.

**„Við eigendurnir erum konur á besta aldri og leyfum okkur að fara aðeins út fyrir rammann ef það hentar.**

*Ingibjörg Baldursdóttir.*


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

ATP / ICELAND

kynnir með miklu stolti
risatónleika

# NEIL YOUNG CRAZY HORSE



*~ Tónleikarnir eru bluti af tónleikaröð*

*ATP á Íslandi dagana 7.-12. júlí ~*

## *Mánudaginn 7. júlí 2014*
## **í Laugardalshöll**

MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á
MIDI.IS OG ATPFESTIVAL.COM

## HM Í FÓTBOLTA



Kólumbíumenn eiga markahæsta leikmann HM í fótbolta eftir sextán liða úrslitin. Hinn 23 ára gamli **James Rodriguez** hefur skorað fimm mörk í fyrstu fjórum leikjum Kólumbíu í Brasilíu og marki meira en þeir Lionel Messi (Argentínu), Neymar (Brasilíu) og Thomas Müller (Þýskalandi) sem koma í næstu sætum með fjögur mörk. Rodriguez hefur einnig lagt upp tvö mörk fyrir félaga sína.

Vísir Allt um HM á Vísi

## STJARNA GÆRDAGSINS

**Ángel Di María** skaut argentínska liðinu áfram í átta liða úrslitin á HM í Brasilíu þegar hann skoraði eina markið í 1-0 sigri í framlengdum leik á móti Sviss í 16 liða úrslitunum í gær. Di María skoraði markið á 118. mínútu og með sínu tólfta skoti í leiknum. Markið kom eftir frábæran undirbúning Lionels Messi og þegar allir héldu að leikurinn væri að fara í vítaspyrnukeppni.



**Ángel Di María**
**26 ára Argentínumaður.**

## Fimm af átta leikjum sextán liða úrslitanna fóru í framlengingu

Sextán liða úrslit HM í fótbolta í Brasilíu kláruðust í gærkvöldi með leik **Arons Jóhannssonar** og félaga hans í bandaríska landsliðinu sem mættu Belgum. Belgar voru í stórsókn mestan hluta leiksins en tókst ekki að koma boltanum fram hjá Tim Howard í venjulegum leiktíma en Howard átti stórleik í marki Bandaríkjanna. Það þurfti því að framlengja leikinn eins og fjóra af hinum sjö leikjum 16 liða úrslitanna og leiknum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.



## PEPSI DEILDIN 2014

**LEIKIRNIR Í KVÖLD**

| | |
|---|---|
| 18:00 Keflavík (3. sæti) - ÍBV (12.) | Nettóvöllur |
| 19:15 KR (4.) - Víkingur R. (5.) | KR-völlur |
| 19:15 Breiðablik (10.) - Þór (11.) | Kópavogsvö. |
| 20:00 Fjölnir (7.) - Fylkir (9.) | Fjölnisvöllur |

**Leikur Fjölnis og Fylkis** verður í beinni á **Stöð 2 Sport** og síðan verður farið yfir alla 10. umferðina í Pepsi-mörkunum strax á eftir.

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

## DÓMARAKOSTNAÐUR Í DOMINOS KARLA
**- samkvæmt gjaldskrá KKDÍ**

**DÓMARI FRÁ REYKJANESBÆ DÆMIR Í REYKJAVÍK**

| | |
|---|---|
| Dómaralaun | 13.900 |
| Akstur | 12.100 |
| Fæði í 4-6 klukkutíma | 2.800 |
| Samanlagður kostnaður | 28.800 |

**DÓMARI FRÁ REYKJAVÍK DÆMIR Í GRINDAVÍK**

| | |
|---|---|
| Dómaralaun | 13.900 |
| Akstur | 13.000 |
| Fæði í 4-6 klukkutíma | 2.800 |
| Samanlagður kostnaður | 29.700 |

**DÓMARI FRÁ REYKJAVÍK DÆMIR Í STYKKISHÓLMI***

| | |
|---|---|
| Dómaralaun | 13.900 |
| Akstur | 41.100 |
| Fæði í 6-9 klst | 5.400 |
| Samanlagður kostnaður | 60.400 |

*Kostnaður getur lækkað ef dómarar nota bílaleigubíla á ferð sinni í Stykkishólm.

**GJALDSKRÁ KKDÍ** er aðgengileg inni á heimasíðu Körfuknattleiksdómarafélags Íslands, kkdi.is en þar er einnig yfirlit yfir aksturs- og fæðiskostnað frá 2013-14.




# Dómararnir of dýrir

## Körfuboltafélög ná ekki upp í dómarakostnað með tekjum af heimaleikjum. Blóðugt að borga þremur mönnum sama pening og fæða má heilt lið með.



**KOSTA SITT** Jón Bender, formaður KKDÍ, fyrir miðju. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**KÖRFUBOLTI** „Dómararnir eru alltof dýrir. Það er varla til það lið sem kemur út í hagnaði eftir heimaleiki því það fara allar tekjur í dómarakostnað,“ segir Elvar Guðmundsson, formaður körfuknattleiksdeildar ÍR, við Fréttablaðið. Félögin í landinu vilja nú ólm lækka dómarakostnað, að því er virðist við litla hrifningu dómaranna sjálfra.

Þessi mál voru rædd á formannafundi KKÍ á mánudagskvöldið en þar var formönnum félaganna greint frá því að fyrsta tilboði um 25 prósenta lækkun hafi verið hafnað af Körfuknattleiksdómarafélagi Íslands.

Fréttablaðið ræddi við nokkra formenn úrvalsdeildarliða í gær og voru allir sammála um að laun dómara fyrir leiki í efstu deild væru sanngjörn. Dómari sem dæmir leik í efstu deild fær 13.900 krónur fyrir frá viðkomandi félagi. Aftur á móti eru það aksturs- og fæðispeningar sem snarhækka launin.

### Með öndina í hálsinum

Dómari sem ekur frá Reykjavík til Reykjanesbæjar til að dæma leik í Dominos-deild karla fær rétt tæpar 30.000 krónur í sinn hlut. Komi tveir af þremur dómurum tríósins þetta langt að, og það sama á við um dómara utan af landi sem dæma í bænum, getur dómarakostnaður hlaupið á 70-100 þúsund krónum fyrir heimaliðið.

„Það er mjög sjaldan sem tekjur af heimaleikjum ná upp í dómarakostnað. Ég hef rætt þetta við marga formenn og þeir eru á sama máli. Gjaldkerinn er alltaf með öndina í hálsinum fyrir hvern leik – vonandi að dómararnir komi frá Reykjavík. Ef einn kemur frá Njarðvík og annar úr Borgarnesi kostar þetta um 70-80 þúsund krónur. Þetta er alltof mikið. Það eru allir sammála því. Það er leiðinlegt að koma alltaf út í mínus,“ segir Elvar Guðmundsson.

### Eru okkar starfsmenn

Gunnar Svanlaugsson, formaður körfuknattleiksdeildar Snæfells, er á sama máli og hinir formennirnir.

„Við berum fulla virðingu fyrir dómurunum. Þeir eru að vinna gríðarlega gott starf. Launin sjálf eru ekkert of há en það þarf að lækka þessa aksturs- og fæðispeninga sem er auðvitað bara falinn kostnaður. Ef við eigum að geta haldið hér úti tveimur liðum verðum við að ná þessum þáttum niður,“ segir Gunnar við Fréttablaðið, en dómarakostnaður hjá Snæfelli er um 100 þúsund krónur á leik hjá Snæfelli og aldrei næst upp í það með tekjum af heimaleikjum. Ekki fyrr en komið er út í úrslitakeppni.

„Ég get farið með kvennaliðið á ágætis hótel og borgað svipaðan pening og kostar mig að fæða þrjá dómara. Ef við eigum að nenna að standa í þessu í þessari sjálfboðaliðahreyfingu verðum við að ná þessari tölu niður. Það má ekki gleyma því að þetta eru starfsmenn okkar – starfsmenn leiksins,“ segir Gunnar.

### Engin svör

Fréttablaðið hafði samband við Jón Bender, körfuknattleiksdómara og formann Körfuknattleiksdómarafélagsins. Hann vildi ekkert ræða málin, ólíkt öllum öðrum í hreyfingunni.

> **Ég get farið með kvennaliðið á ágætis hótel og borgað svipaðan pening og kostar mig að fæða þrjá dómara.**
>
> *Gunnar Svanlaugsson, form. KKD. Snæfells.*

Aðspurður hver afstaða dómara væri til beiðni félaganna um að lækka kostnaðinn sagði Jón: „Við eigum í samningsviðræðum og þær ganga vel.“

Þegar blaðamaður bar undir hann orð formannanna og spurði hvort viðræður gengju virkilega vel í ljósi þess að fyrsta tilboði hefði verið hafnað var svarið það sama. Það var reyndar það sama við hverri einustu spurningu. Áhuginn á að ræða málið var enginn.

Gunnari Svanlaugssyni hjá Snæfelli komu þessi viðbrögð ekkert á óvart. „Upplifun þeirra sem fóru á þennan fyrsta fund var svipuð. Þetta var ekki þægilegur fundur. Við hljótum að geta verið kurteis hvert við annað og geta talað saman eins og fólk,“ segir hann.

tomas@365.is



**ÁFRAM Á SKOTSKÓNUM** Stjörnukonur fagna hér marki Hörpu Þorsteinsdóttur á móti Þór/KA í gærkvöldi, hennar 11. mark í Pepsi-deildinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## PEPSI DEILDIN 2014

**ÍA - ÍBV 0-3**
Shaneka Gordon 3 (23., 34., 47.).

**STJARNAN - ÞÓR/KA 2-1**
1-0 Harpa Þorsteinsdóttir (6.), 2-0 Elva Friðjónsdóttir (84.), 2-1 Katla Ósk Rakelardóttir (90.+3).

**FH - VALUR 0-0**

**FYLKIR - SELFOSS 0-2**
0-1 Erna Guðjónsdóttir (5.), 0-2 Dagný Brynjarsdóttir (48.).

**BREIÐABLIK - AFTURELDING 4-0**
1-0 Aldís Kara Lúðvíksdóttir (8.), 2-0 Guðrún Arnardóttir (47.), 3-0 Telma Hjaltalín Þrastardóttir (67.), 4-0 Rakel Hönnudóttir (76.)

### STIG LIÐA OG MARKATALA

1. Stjarnan 18 stig (+18), 2. Breiðablik 13 stig (+16), 3. Þór/KA 13 stig (+3), 4. Fylkir 13 stig (+2), 5. ÍBV 12 stig (+7), 6. Selfoss 12 stig (+4), 7. Valur 11 stig (+5), 8. FH 7 stig (-22), 9. Afturelding 3 stig (-18), 10. ÍA 0 stig (-15).

**Næstu leikir** í deildinni eru 7. og 8. júlí næstkomandi.



HEILSURÚM | HEILSUDÝNUR | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | LYFTISTÓLAR | KODDAR | SÆNGUR | ... O.FL.
NÝTTU TÆKIFÆRIÐ ENN BETRA DORMAVERÐ
DORMA
– býður góða nótt
EKKI MISSA AF ÞESSU
SUMARÚTSALA
20-50%
AFSLÁTTUR
NATURE'S COMFORT
heilsurúm
Verðdæmi ➔ 160x200 cm
ÚTSALA 30.000 KRÓNA AFSL.
DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
119.900
FULLT VERÐ 149.900
Nature's Bedding
Mjúkt og slitsterkt áklæði
Aldrei að snúa
Svæðaskipt pokagormakerfi
Steyptar kantstyrkingar
Sterkur botn
Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
Burstaðar stállappir
NATURE'S REST
heilsurúm
Verðdæmi ➔ 90x200 cm
ÚTSALA 20.000 KRÓNA AFSL.
DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
48.900
FULLT VERÐ 68.900
Nature's Bedding
Mjúkt og slitsterkt áklæði
Aldrei að snúa
Svæðaskipt pokagormakerfi
Fábærar kantstyrkingar
Sterkur botn
Burstaðar stállappir
DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
169.900
FULLT VERÐ 229.900
IBIZA
hornsófi
með tungu
ÚTSALA 60.000 KRÓNA AFSL.
Stærð: 286 x 198 H: 86 cm.
Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna. Hægri tunga á mynd.
DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
24.950
FULLT VERÐ 49.900
ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR
MILANO
hægindastóll
Brúnt tauáklæði
AFTON
hægindastóll með skemli
ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR
DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
59.900
FULLT VERÐ 99.900
MONTARIO svefnsófi
DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
79.900
FULLT VERÐ 99.900
ÚTSALA 20.000 KRÓNA AFSL.
Stærð: 158 x 90 cm. Slitsterkt svart áklæði.
Dýnustærð 140x200 cm. Rúmfatageymsla
DÚNSÆNG
140x200 cm.
50% gæsadúnn
50% smáfiður
ÚTSÖLUVERÐ: 13.230
Fullt verð: 18.900,-
DÚNKODDI
50x70 cm.
15% gæsadúnn
85% smáfiður
ÚTSÖLUVERÐ: 3.430
Fullt verð: 4.900,-
ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR
DORMA
– býður góða nótt
DORMA Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800 • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 21.10
### Mistresses
Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við karlmenn. Þættirnir eru byggðir á samnefndri breskri þáttaröð.

## Í KVÖLD



**How I Met Your Mother**
**STÖÐ 2 KL. 20** Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



**Limitless**
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.15** Æsispennandi og stórgóð mynd um rithöfund sem öðlast ómannlega hæfileika eftir að hann tekur að neyta nýs eiturlyfs. Aukaverkanirnar eru ekki eins jákvæðar.



**Pepsi-deildin: Fjölnir - Fylkir**
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.45** Bein útsending frá leik Fjölnis og Fylkis í Pepsi-deild karla. Fjölnismenn eru í sjöunda sæti deildarinnar með tíu stig en Fylkir í því níunda með sjö stig.

## FM957 kl. 16
### Yngvi Eysteins



Yngvi Eysteins fylgir þér heim úr vinnunni og fram á kvöld með eldhressri FM-tónlist. Ekki missa af Yngva á FM957.






## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm in the Middle** *(8:22)*
**08.30** **Wipeout**
**09.15** **Bold and the Beautiful** *(6389:6821)*
**09.35** **Doctors** *(6:175)*
**10.15** **Spurningabomban**
**11.05** **Touch** *(9:14)*
**11.50** **Grey's Anatomy** *(20:24)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Cold Feet** *(2:7)*
**13.55** **Veistu hver ég var?**
**14.40** **2 Broke Girls** *(22:24)*
**15.05** **Sorry I've Got No Head**
**15.35** **Tommi og Jenni**
**16.00** **Frasier** *(19:24)*
**16.25** **The Big Bang Theory** *(15:24)*
**16.45** **How I Met Your Mother** *(20:24)*
**17.10** **Bold and the Beautiful** *(6389:6821)*
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(11:25)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Ástríður** *(1:12)*
**19.40** **The Middle** *(7:24)*
**20.00** **How I Met Your Mother** *(11:24)*
**20.25** **Dallas** *(6:15)*
**21.10** **Mistresses** *(4:13)*
**21.55** **Believe** *(12:13)*
**22.40** **Enlightened** *(1:10)*
**23.10** **NCIS** *(18:24)*
**23.55** **Person of Interest** *(21:23)*
**00.40** **Those Who Kill** *(4:10)*
**01.25** **The Blacklist** *(1:22)*
**02.10** **One For the Money**
**03.40** **Ninja**
**05.05** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**14.45** **Fram - FH**
**16.30** **KS deildin**
**17.00** **Norðurálsmótið**
**17.35** **Oklahoma City Thunder: Heart of the City**
**18.00** **Meistaradeild Evrópu: Juventus - Real Madrid**
**19.45** **Fjölnir - Fylkir** Bein útsending frá leik Fjölnis og Fylkis í Pepsi-deild karla.
**22.00** **Pepsi-mörkin 2014** Mörkin og marktækifærin í leikjunum í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**23.15** **Fjölnir - Fylkir**
**01.05** **Pepsímörkin 2014**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **Argentína - Sviss**
**08.40** **Belgía - Bandaríkin**
**10.20** **HM Messan**
**13.30** **HM Messan**
**14.30** **Peter Schmeichel**
**15.00** **Argentína - Sviss**
**16.40** **France, Porto Alegre and Honduras**
**17.10** **Football Legends**
**17.35** **Spánn - Holland**
**19.15** **HM Messan** Gummi Ben fer yfir 16 liða úrslitin á HM eins og honum er einum lagið. Hann nýtir sér krafta sérfræðinga sem greina leikina með Gumma. Páttur fyrir alvöru fótboltaáhugamenn sem vilja harðkjarna umfjöllun en ekkert kaffihúsahjal.
**20.15** **Belgía - Bandaríkin**
**21.55** **Brasilía - Chile**
**23.35** **HM Messan**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason Tómas H Heiðar dómari **20.30** Perlur Páls Steingrímssonar Náttúruundur **21.00** Í návígi Umsjón Páll Magnússon. 8:9 **21.30** Á ferð og flugi Skattsvik í ferðaþjónustu, Árni Sverrir Hauksson frá Bifröst

## STÖÐ 3

**18.15** **Malibu Country** *(13:18)*
**18.40** **Bob's Burgers** *(21:23)*
**19.00** **H8R** *(5:9)*
**19.40** **Baby Daddy** *(16:16)*
**20.05** **Sullivan & Son** *(1:10)*
**20.25** **Revolution** *(18:22)*
**21.10** **Tomorrow People** *(20:22)*
**21.55** **Damages** *(5:10)*
**22.35** **Ravenswood** *(4:10)*
**23.20** **The 100** *(5:13)*
**00.00** **Supernatural** *(21:22)*
**00.45** **H8R** *(5:9)*
**01.25** **Baby Daddy** *(16:16)*
**01.50** **Sullivan & Son** *(1:10)*
**02.10** **Revolution** *(18:22)*
**02.55** **Tomorrow People** *(20:22)*
**03.35** **Damages** *(5:10)*
**04.15** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Ævintýraferðin **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.25** Ljóti andarunginn og ég **08.47** Tommi og Jenni **08.55** Leyndarmál vísindanna **09.00** Lína langsokkur **09.25** Latibær **09.47** Gulla og grænjaxlarnir **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Ævintýraferðin **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.25** Ljóti andarunginn og ég **12.47** Tommi og Jenni **12.54** Leyndarmál **13.00** Lína langsokkur **13.24** Latibær **13.48** Gulla og grænjaxlarnir **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Ævintýraferðin **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.25** Ljóti andarunginn og ég **16.47** Tommi og Jenni **16.54** Leyndarmál vísindanna **17.00** Lína langsokkur **17.24** Latibær **17.48** Gulla og grænjaxlarnir **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Gnómeó og Júlía **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.00** **Strákarnir**
**18.30** **Friends** *(20:24)*
**18.55** **Seinfeld** *(18:23)*
**19.20** **Modern Family**
**19.40** **Two and a Half Men** *(6:16)*
**20.05** **Örlagadagurinn** *(8:30)*
**20.35** **Heimsókn**
**21.00** **Breaking Bad** *(9:13)*
**21.50** **Chuck** *(1:22)*
**22.30** **Cold Case** *(10:23)*
**23.15** **Without a Trace** *(17:24)*
**00.00** **Harry's Law** *(8:12)*
**00.40** **Örlagadagurinn** *(8:30)*
**01.15** **Heimsókn**
**01.35** **Breaking Bad** *(9:13)*
**02.20** **Chuck** *(1:22)*
**03.05** **Cold Case** *(10:23)*
**03.50** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.10** **Mary and Martha**
**13.45** **Moonrise Kingdom**
**15.20** **Limitless**
**17.05** **Mary and Martha**
**18.40** **Moonrise Kingdom**
**20.15** **Limitless**
**22.00** **The Place Beyond the Pines**
**00.20** **Lincoln**
**02.50** **Game of Death**
**04.25** **The Place Beyond the Pines**

## RÚV

**13.40** **HM í fótbolta**
**15.30** **HM í fótbolta**
**17.20** **Disneystundin** *(22:52)*
**17.21** **Finnbogi og Felix** *(22:26) (Disney Phineas and Ferb)*
**17.43** **Sígildar teiknimyndir** *(22:30) (Classic Cartoon)*
**17.50** **Nýi skólinn keisarans** *(1:18) (Disney's Emperor's New School)*
**18.12** **Hrúturinn Hreinn** *(Shaun the Sheep)*
**18.20** **Táknmálsfréttir**
**18.30** **Njósnari** *(4:10) (Spy II)* Bresk gamanþáttaröð þar sem fylgst er með Tim sem er njósnari hjá MI5 og togstreituna milli njósnastarfs og einkalífs. Meðal leikenda eru Darren Boyd, Robert Lindsay og Mathew Baynton. e.
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **David Beckham fer ótroðnar slóðir** *(David Beckham: Into the Unknown)*
**21.00** **Óbærilegur léttleiki Laufskálaréttar**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Blásið í glæður** *(6:6) (Schmokk)*
**22.50** **Marsalis og Clapton** *(Wynton Marsalis & Eric Clapton: Play the Blues)* Blues eins og hann gerist bestur þar sem Wynton Marsalis og Eric Clapton leiða saman hesta sína á skemmtilegan hátt.
**00.25** **Fréttir**
**00.40** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond** *(25:26)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.00** **Dogs in the City** *(5:6)*
**16.45** **Psych** *(9:16)*
**17.30** **Catfish** *(2:12)*
**18.15** **Dr. Phil**
**18.55** **The Good Wife** *(21:22)*
**19.40** **America's Funniest Home Videos** *(37:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.05** **Save Me** *(6:13)* Skemmtilegir þættir með Anne Heche í hlutverki veðurfræðings sem lendir í slysi og í kjölfar þess telur hún sig vera komna í beint samband við Guð almáttugan.
**20.30** **America's Next Top Model** *(3:16)* Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Petta er í fyrsta sinn sem fleiri en 14 þátttakendur fá að spreyta sig í keppninni enda taka piltar líka þátt í þetta sinn.
**21.15** **Emily Owens M.D.** *(6:13)*
**22.00** **Ironside** *(4:9)*
**22.45** **Green Room With Paul Provenza** *(2:8)*
**23.10** **Leverage** *(9:15)*
**23.55** **House of Lies** *(3:12)*
**00.20** **Ironside** *(4:9)*
**01.05** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** Golfing World 2014 **13.50** LPGA Tour 2014 **15.55** LPGA Tour 2014 **17.40** Inside The PGA Tour 2014 **18.05** Golfing World 2014 **18.55** European Tour 2014 **19.45** Champions Tour 2014 **20.40** Golfing World 2014 **21.30** European Tour 2014 **22.20** Champions Tour 2014 **23.15** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



MIKIÐ ÚRVAL - NORTH ROCK - ÚTIVISTAR- OG ÍÞRÓTTAFATNAÐUR
LAGER
SALA
NORTH ROCK
- REGNSETT - HLAUPAFATNAÐUR - BARNASKÓR -
Hlý & lipur úlpa
til í sex litum,
með 5000 mm vatnsheldni
Parka úlpa
15000 kr
Flísjakkar dömu & herra
6000 kr
Göngubuxur
8500 kr
...tilvalið í útileguna...
100% Merinoull
buxur
kr.
5000
100% Merinoull peysa
5500 kr
NÝ VARA
NÝTT
Dryfit bolur
4500 kr
Hlaupabuxur
5000 kr
NÝTT
NÝTT
Dryfit bolur
4000 kr
NÝTT
Dryfit bolur
3000 kr
GRI SPORT
Leðurgönguskór
VIBRAM SÓLI
14000 kr
-hreyfum okkur...
NÝTT
Stuttermabolur
2500 kr
AKTIV jakkar
5500 kr
dömu & herra
OPNUNARTÍMI
2.JÚLÍ MIÐVIKUD 16-20
3.JÚLÍ FIMMTUD 16-20
4.JÚLÍ FÖSTUD 16-20
Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

## BESTA KARAOKE-LAGIÐ



**Don't you want me með Human League. Tilvalið fyrir bæði lélega og góða söngvara, lélegir geta sloppið með lala-frammistöðu, góðir geta jafnvel gert betur en söngvarinn sjálfur.**

Alexander Briem leikari.

# Fengu innblástur frá nýju stúdíói

Tónlistarmennirnir IMMO, Charlie Mallowe og Fonetic Simbol gefa út tónlist undir nafninu Cheddy Carter en þeir eru einnig meðlimir í Original Melody.

„Við höfum verið að vinna saman síðan við byrjuðum í tónlist," segir tónlistarmaðurinn Ívar Schram sem rappar undir listamannanafninu IMMO en hann hefur nýlega byrjað að gefa út tónlist ásamt Charlie Mallowe og Fonetic Simbol undir nafninu Cheddy Carter.

„Árið 2002 stofnuðum við lítið útgáfubatterí, Low Key Records, sem er svona hatturinn yfir þessu öllu," segir Ívar en fyrsta plata sem strákarnir gáfu út var Original Melody-plata árið 2006 en þrír af fjórum meðlimum Original Melody eru í Cheddy Carter.

„Við fluttum í nýtt stúdíóhúsnæði um áramótin og fengum einhvers konar innblástur þar sem ýtti okkur í þessa átt," segir rapparinn en tónlistarmennirnir höfðu mikið verið að vinna efni sem Original Melody. „Þessi nýja tónlist hentar því eiginlega ekki, þetta var eitthvað allt annað."

Cheddy Carter gáfu út Saturday Sessions, sitt fyrsta lag, í byrjun maí en voru að senda frá sér seinna lagið sitt, Rush Hour, sem er aðgengilegt á Facebook-síðu sveitarinnar.

Strákarnir stefna síðan að því að gefa út efni jafnt og þétt út sumarið. „Við eigum fullt af efni," segir Ívar. „Það er enginn tilgangur að taka þetta upp ef við gefum þetta ekki út."

-bþ



**MIKIL VINNA** Ný tónlist strákanna hentaði ekki Original Melody.






# Fótbrotinn fiðluleikari

Tónlistarmaðurinn Viktor Árnason sótti sér fullmikinn innblástur í HM þegar hann ákvað að kíkja á völlinn að spila sjálfur en endaði á að misstíga sig illa.

„Þetta var nú ekki beint planað," segir Viktor Árnason, tónlistarmaður og meðlimur Hjaltalíns, en hann fótbrotnaði aðeins viku fyrir UNICEF-tónleikana í Hörpu þar sem Hjaltalín kemur fram. „Eftir að hafa verið að horfa á HM þá fylltist ég orku og vilja til að spila fótbolta. Svo missteig ég mig svo harkalega að mér tókst að brjóta völubeinið," segir Viktor en hann spilar á fiðlu og hljóðgervil og þarf því vanalega að standa á meðan hann kemur fram á tónleikum. „Ég hefði þurft fótinn til þess að stíga á pedalana," segir hann. „Ég mun líklega nota annað settöpp þar sem ég get notað hendurnar meira til þess að stjórna effektunum."

> **Eftir að hafa verið að horfa á HM þá fylltist ég orku og vilja til að spila fótbolta. Svo missteig ég mig svo harkalega að mér tókst að brjóta völubeinið.**

Fótbrotið kemur sér afar illa fyrir Viktor þar sem hann á viðburðaríkan mánuð fram undan en hann segist ekki ætla að láta aðstæðurnar aftra sér á nokkurn hátt. „Ég neita því að vera í þessu ástandi," segir tónlistarmaðurinn en hann er meðal annars að spila á ATP-hátíðinni, fara í tónleikaferðalag með Ólafi Arnalds og að fara að hitta kærustuna sína í Berlín. „Eina sem gæti breytt plönunum væri ef ég þyrfti að fara í aðgerð, en ég fæ ekki að vita það strax."

- bþ



**ÓHEPPINN** Viktor Árnason fótbrotnaði aðeins þremur dögum fyrir tónleika.

### ➜ Hefur spilað slasaður áður

Viktor Árnason hefur áður lent í því að þurfa að koma fram meiddur en þá var hann staddur í Ungverjalandi í tónleikaferðalagi ásamt Ólafi Arnalds. „Ég fékk einhvers konar tak í bakið og gat ekki hreyft mig," segir hann. „Þá var náð í einhvern sjúkraþjálfara sem gerði eitt það ótrúlegasta sem ég hef upplifað. Hann tók mig upp á höndunum og hélt á mér í svona fimm mínútur á meðan hann stýrði mjöðmunum mínum með fótunum sínum," segir Viktor. „Ég er alveg þungur maður þannig að ég get ímyndað mér hversu erfitt þetta hefur verið fyrir hann en eftir þetta gat ég hreyft mig smá og því spilað á tónleikunum. Ég þurfti bara að sleppa sólói sem ég átti að taka."

# Portishead sýnir Djúpið á ATP

Hljómsveitin Portishead velur kvikmyndir fyrir gesti ATP-hátíðarinnar.

Hljómsveitin Portishead heldur utan um kvikmyndadagskrá hátíðarinnar ATP sem fer fram á Ásbrú dagana 10-12. júlí næstkomandi. Sveitin hefur valið lista af þrettán myndum sem verða sýndar fyrir gesti á meðan á hátíðinni stendur en hún er eitt af stærstu nöfnunum sem koma þar fram.

Þau Geoff Barrow, Beth Gibbons og Adrian Utley í Portishead hafa valið myndir á borð við All Is Lost eftir J.C. Chandor, Djúpið eftir Baltasar Kormák, Crazy Love eftir Dominique Deruddere, Rollerball eftir Norman Jewison og Valhalla Rising eftir Nicolas Winding Refn.

Á ATP er hefð fyrir því að listamaður velji þær kvikmyndir sem sýndar eru á hátíðinni en með þessu móti fá gestir meiri innsýn í listrænan heim listamannanna. Í fyrra voru það leikstjórinn Jim Jarmusch og leikkonan Tilda Swinton sem sáu um valið. Hægt er að nálgast miða á hátíðina á midi.is en önnur nöfn eru Interpol, Mogwai, Ham og Sóley.

-áp



**UPPÁHALDSKVIKMYNDIR PORTISHEAD** Hljómsveitin Portishead er eitt aðalnafn ATP í ár og velur kvikmyndir sem sýndar verða yfir hátíðina.

➜ Bókaormurinn, alþingismaðurinn og söngvarinn Óttarr Proppé úr HAM hefur valið þær bækur sem hann mælir með að gestir ATP lesi. Þar á meðal eru Miami Purity eftir Vicki Hendricks, Gentlemen of Bacongo eftir Daniele Tamagni og The Palm Wine Drinkard eftir Amos Tutuola.

# LAGERSALA

## á útivistar- & golffatnaði



ALLT AÐ
**80%**
AFSLÁTTUR



DÖMU 3ja LAGA JAKKI
**Verð nú kr. 17.495**
Verð áður kr. 44.990



LÉTTUR DÖMU JAKKI
**Verð nú kr. 5.697**
Verð áður kr. 18.990



DÖMU GÖNGUBUXUR
**Verð nú kr. 9.995**
Verð áður kr. 19.990



COTTON CANVAS ANORAKKUR
**Verð nú kr. 7.990**
Verð áður kr. 19.990



HERRA SUPER STRETCH PEYSA
**Verð nú kr. 7.995**
Verð áður kr. 15.990



HERRA STUTTBUXUR
**Verð nú kr. 3.990**
Verð áður kr. 15.990

**OPNUNARTÍMI**
2. - 8. júlí

*Virka daga*
12:00 - 19:00
*Laugardag*
11:00 - 18:00
*Sunnudag*
12:00 - 17:00

# FACTORY STORE

Nýbýlavegi 6 • 200 Kópavogi • Sími: 412 5869

ZO•ON ICELAND
www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



UPPLIFÐU ÞITT
WOW MOMENT


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Berglind orðin móðir

Dansarinn **Berglind Ýr Karlsdóttir**, sigurvegari fyrstu þáttaraðar Dans dans dans, eignaðist dreng fyrir helgi.

Þetta er fyrsta barn Berglindar en hún átti barnið með eiginmanni sínum, Eiríki Heiðari Nilsson.

Að sögn foreldranna heilsast drengnum vel en hann fæddist fimm vikum fyrir tímann. Við fæðingu var hann níu og hálf mörk og 46 sentimetrar en þyngist og stækkar hratt. **-ih**



### Eiríkur á Séð og heyrt á ný

Búið er að ráða nýjan ritstjóra á Séð og heyrt. **Eiríkur Jónsson** mun í vikunni snúa aftur í ritstjórastól blaðsins.

Að undanförnu hefur Bergrún Íris Sævarsdóttir gegnt starfi ritstjóra.

Eiríkur segir þetta spennandi tækifæri og stefnir hann að því að setja sinn svip á blaðið. Eiríkur segist vilja koma Séð og heyrt á þann stað í samfélaginu þar sem blaðið eigi heima.

Þrátt fyrir hinn nýja starfsvettvang mun Eiríkur enn stýra vefmiðlinum eirikurjonsson.is.

„Miðlarnir munu lifa hlið við hlið. Þetta er eins og að eignast annað barn, eftir fyrsta barnið munar mann ekki svo mikið um barn númer tvö.“ **-ih**



## Mest lesið VÍSIR

1. Bjóða ótakmarkað gagnamagn með ADSL
2. Kári þarf að greiða tæplega 900 þúsund krónur
3. Öðruvísi stemning á HM
4. Fyrrverandi alþingismaður og myndlistarkona meðal umsækjenda
5. Árekstur strætisvagns og jeppa á Kringlumýrarbraut





